



Greinargerð
01016

Harpa Grímsdóttir
Þorsteinn Sæmundsson
Starfsmenn snjóflóðavarna Veðurstofu Íslands

Siglufjörður
Annáll snjóflóða til vorsins 2001

Efnisyfirlit

MYNDASKRÁ.....	2
KORTASKRÁ	2
1. INNGANGUR.....	3
2. GAGNAÖFLUN	4
3. LANDFRÆÐILEGAR AÐSTÆÐUR.....	4
4. SKRÁNING SNJÓFLÓÐA	5
5. SNJÓFLÓÐASAGAN.....	5
6. SNJÓFLÓÐAFARVEGIR.....	6
6.1 JÖRUNDARSKÁL	7
6.2 STRENGSGIL.....	9
6.3 FÍFLADALASVÆÐI SYÐRA	11
6.4 FÍFLADALASVÆÐI NYRÐRA.....	12
6.5 HAFNARHYRNA/GIMBRAKLETTAR	14
6.6 HVANNEYRARSKÁL SUNNAN HVANNEYRARÁR.....	15
6.7 GRÓUSKARÐSHNJÚKUR, SYÐRI HLUTI	16
6.8 GRÓUSKARÐSHNJÚKUR, NYRÐRI HLUTI	16
6.9 STAÐARHÓLSSTRÖND	17
6.10 SKÚTUDALUR AUSTANVERÐUR.....	18
6.11 HÓLSFJALL OG HÓLSHYRNA.....	20
6.12 LEYNINGSBRÚNIR	22
6.13 SKARÐDALUR	22
6.14 SNÓKUR.....	23
6.15 STRÁKAR.....	25
6.16 SNJÓFLÓÐ SEM EKKI ERU SKRÁÐ Í ÁKVEÐNA FARVEGI.....	26
7. SKÝRINGAR MEÐ SNJÓFLÓÐALISTA	27
8. SNJÓFLÓÐALISTI	28
10. YFIRLIT FLÓÐADAGA.....	120
11. LOKAORÐ	124
12. HEIMILDASKRÁ	125
13. HEIMILDARMENN.....	127
VIÐAUKI I, KANADÍSKA FLOKKUNARKERFIÐ	128
VIÐAUKI II, SNJÓFLÓÐIN ÁRIÐ 1919	129

Myndaskrá

Mynd 1. Jörundarskál.....	7
Mynd 2. Syðra-Strengsgil og Ytra-Strengsgil.....	9
Mynd 3. Fífladalasvæðið.....	12
Mynd 4. Fífladalir og Gimbraklettur.....	16
Mynd 5. Ytra- og Syðra-Skjaldargil.....	26

Kortaskrá

Kort 1. Örnefni - Siglufjörður, þéttbýli.....	135
Kort 2. Örnefni - Siglufjörður 1:30.000.....	136
Kort 3. Þéttbýli, snjóflóð fram til 31.12.1969.....	137
Kort 4. Þéttbýli, snjóflóð 1.1.1970-31.7.1980.....	138
Kort 5. Þéttbýli, snjóflóð 1.8.1980-31.7.1985.....	139
Kort 6. Þéttbýli, snjóflóð 1.8.1985-31.7.1990.....	140
Kort 7. Þéttbýli, snjóflóð 1.8.1990-31.7.1995.....	141
Kort 8. Þéttbýli, snjóflóð 1.8.1995-31.7.1998.....	142
Kort 9. Þéttbýli, snjóflóð 1.8.1998-31.1.2001.....	143
Kort 10. Dreifbýli, snjóflóð fram til 31.7.1985.....	144
Kort 11. Dreifbýli, snjóflóð 1.8.1985-31.7.1990.....	145
Kort 12. Dreifbýli, snjóflóð 1.8.1990-31.7.1995.....	146
Kort 13. Dreifbýli, snjóflóð 1.8.1995-31.1.2001.....	147
Kort 14. Skútudalur, snjóflóð fram til 31.7.1980.....	148
Kort 15. Skútudalur, snjóflóð 1.8.1980-31.7.1990.....	149
Kort 16. Skútudalur, snjóflóð 1.8.1990-31.1.2001.....	150
Kort 17. Þéttbýli, snjóflóð fram til 31.1.2001.....	151
Kort 18. Dreifbýli, snjóflóð fram til 31.1.2001.....	152

Kortin er að finna á bókasafni Veðurstofunnar

1. Inngangur

Með þessari greinargerð er safnað saman í eina skýrslu upplýsingum sem til eru um snjóflóð við byggð á Siglufirði fram til dagsins í dag. Landsvæðið sem er innan ramma verkefnisins er allur fjallahringurinn við Siglufjörð. Þó er lögð mest áhersla á svæðið við Siglufjarðarkaupstað.

Í kafla tvö er sagt frá gagnaöflun og framkvæmd verkefnisins. Í þriðja kafla er stutt lýsing á landslaginu við Siglufjörð og sagt frá helstu örnefnum. Í kafla fjögur er sagt frá sögu snjóflóðaskráningar í Siglufirði og gerð tilraun til að leggja gróft mat á það hversu stór hluti fallinna flóða á hverju tímabili er skráður. Í fimmta kafla er sagt í stuttu máli frá stærstu flóðunum. Einstakir snjóflóðafarvegir eru taldir upp í sjötta kafla. Sagt er stuttlega frá landfræðilegum aðstæðum og byggðasögu undir viðkomandi farvegi. Einnig er gerð tilraun til að meta áreiðanleika snjóflóðaskráningar fyrir hvern farveg, þ.e.a.s. hversu tæmandi skráningin er á hinum mismunandi tímabilum. Fyrir hvern farveg er listi með númerum og dagsetningum snjóflóða sem þar hafa fallið ásamt stuttri lýsingu á flóðunum.

Í sjálfum snjóflóðalistanum eru snjóflóð skráð í tímaröð. Þar koma fram ýmsar tölulegar upplýsingar um hvert flóð í þeim tilfellum þar sem þær eru til, t.d. hæð upptaka, stöðvunarstaður og þykkt og rúmmál tungu flóðsins. Ef til eru lýsingar samtímamanna á flóðinu eru þær skráðar. Einnig er tegund flóðs greind, hvers konar veðuraðstæður ríktu fyrir flóðið og hvort orsök flóðsins er þekkt. Ef flóðið hefur valdið mannskaða eða tjóni er stutt lýsing á því. Þegar höfundur hefur sérstakar athugasemdir um flóðið eru þær skráðar, og heimildaskrá fylgir hverju flóði. Leitast er við að skrá allar upplýsingar eins nákvæmlega og unnt er, en í sumum tilfellum er lítið þekkt.

Kort með útlínunum snjóflóðanna eru aftast í greinargerðinni. Fyrstu tvö kortin sýna einungis örnefni, annars vegar fyrir svæðið við þéttbýlið og hins vegar fyrir allan fjallahringinn við Siglufjörð. Kortum sem sýna útlínur snjóflóða á mismunandi tímabilum er skipt í þrjá flokka. Í fyrsta lagi eru kort sem ná yfir svæðið við þéttbýlið og eru þau í mælikvarðanum 1:7500. Í öðru lagi eru kort sem ná yfir fjallahringinn og eru í mælikvarðanum 1:25000. Á dreifbýliskortunum koma ekki fram snjóflóð sem eru á þéttbýliskortunum, og er það svæði skyggt. Í þriðja lagi eru útlínur snjóflóða í Skútudal sýndar á kortum sem eru í mælikvarðanum 1:10000. Aftast eru síðan tvö kort þar sem settar eru fram allar útlínurnar á einu korti, annars vegar fyrir þéttbýlið og hins vegar allan fjallahringinn.

Ekki eru öll flóð sem eru skráð í annálinn sett fram á kortum. Þá er í flestum tilfellum um að ræða lítil eða ómerkileg flóð sem ekki hafa skráða nákvæma staðsetningu, eða flóð sem ekki er vitað hvar féllu. Útlínur þeirra flóða sem settar eru fram á kortinu eru misvel þekktar. Útlínurnar eru flokkaðar niður í fimm flokka eftir því hversu nákvæmar þær eru. Flokkarnir eru eftirfarandi:

Útlínur snjóflóða öruggar: Útlínur snjóflóða eru mældar eða færðar á kort með allgóðri nákvæmni af samtímaheimildarmanni.

Útlínur snjóflóða ónákvæmar: Útlínur snjóflóða eru færðar á kort eftir frásögn samtímaheimildarmanns eða samkvæmt áreiðanlegum heimildum, en geta verið ónákvæmar.

Útlínur snjóflóða óvissar: Útlínur snjóflóða eru kortlagðar eftir óvissum heimildum.

Útlínur snjóflóða óskilgreindar: Útlínur snjóflóða eru ekki þekktar en vitað er í hvaða farvegi snjóflóðið féll og er það sýnt með ör á kortinu.

Útlínur snjóflóða í sjó: Snjóflóðið hefur fallið í sjó og þar eru útlínurnar ekki „raunverulegar“.

Flokkurinn „Útlínur snjóflóða mældar“ bættist við árið 1999 þegar byrjað var að mæla útlínur flóða með GPS tækjum og er nákvæmnin mun meiri en áður þekktist, yfirlétt nokkrir metrar. Í þessari greinargerð eru mældar útlínur settar í flokk með öruggum útlínum á kortunum, en tekið er fram í snjóflóðalistanum þegar útlínurnar eru mældar með GPS tæki.

2. Gagnaöflun

Við gerð þessa snjóflóðaannáls var að hluta til stuðst við skýrslu Kristjönu G. Eyþórsdóttur, *Snjóflóð á Siglufirði*, en þar eru upplýsingar um snjóflóð sem féllu fyrir árið 1984 (Kristjana G. Eyþórsdóttir, 1984). Skýrslan byggir á upplýsingum úr bókinni Skriðuföll og Snjóflóð eftir Ólaf Jónsson o.fl. (1957), snjóflóðaánnálum fyrir ákveðin tímabil sem komu út í Jökli (Ólafur Jónsson og Sigurjón Rist, 1971, Sigurjón Rist, 1975, Hafliði Helgi Jónsson, 1981) og skýrslum snjóathugunarmanns á Siglufirði 1979-1984. Einnig byggir skýrslan á upplýsingum úr ýmsum bókum og viðtölum við Siglufirðinga sem Kristjana tók árið 1984. Farið hefur verið í gegnum athugasemdir við skýrsluna sem bárust á sínum tíma og ýmsu breytt líttillaga. Upplýsingar um snjóflóð sem féllu milli 1984 og 1998 voru að mestu leyti fengnar úr snjóflóðaskýrslum sem flestar eru gerðar af snjóathugunarmanni og sendar til Veðurstofu Íslands. Snjóflóðaskýrslurnar innihalda upplýsingar um staðsetningu, stærð og gerð flóða sem og upplýsingar um það tjón sem þau ollu. Með mörgum af snjóflóðaskýrslum síðustu 12-15 ára fylgir kort þar sem dregnar hafa verið útlínur viðkomandi snjóflóða. Þorsteinn Sæmundsson tók viðtöl við nokkra heimildarmenn árið 1995 varðandi einstaka flóð. Harpa Grímsdóttir ræddi við Örlyg Kristfinnsson um ýmis vafaatriði sem upp komu við vinnslu annálsins. Hún ræddi einnig við Gísla Elíasson. Þorsteinn Jóhannesson verkfræðingur á Siglufirði fór yfir drög að annálum og skilaði athugasemdum í bréfi til Hörpu Grímsdóttur. Hannes Baldvinsson fór ásamt Örlygi Kristfinnssyni yfir örnefnakortin.

3. Landfræðilegar aðstæður

Kaupstaðurinn Siglufjörður er við vestanverðan samnefndan fjörð. Yfirlitskort með örnefnum er að finna á bls 128 og 129. Fjörðurinn er girtur 600 til 900 m háum fjöllum á þrjá vegu, en er opin til norðurs. Ysta fjallið að vestanverðu nefnist Strákar og er um 625 m hátt. Suður af því rís Hvanneyrarhjúkur, rúmlega 600 m hár, og suðaustan úr honum gengur Gróuskarðshjúkur sem rís yfir nyrsta hluta þéttbýlisins. Hvanneyrarskál skilur að Hvanneyrarhjúk og Hafnarhyrnu sem er nyrsti hluti Hafnarfjalls. Suðurhluti kaupstaðarins er undir Hafnarfjalli en Snókur er þar sunnan við. Skarðdalur gengur inn af Siglufirði að suðvestanverðu, milli Snóks og Leynings-súlna. Þar er nú skíðasvæði Siglufirðinga. Upp af Leyningssúlum rísa Hákambar í 847 m hæð. Hólsdalur klýfur fjallendið suður af Siglufirði, fyrir austan Leyningsbrúnir og Selfjall. Austur af Hólsdal rís Hólshyrna og Hólsfjall í 687 m hæð. Norðaustan við

Hólshyrnu liggur Skútudalur og þar fyrir austan eru Dísan og Pallahnjúkur og norðan þeirra rísa Hestsskarðshnjúkur og Staðarhólshnjúkur. Hestsskarð er á milli Pallahnjúks og Hestsskarðshnjúks. Skollaskál opnast til vesturs á milli Hestsskarðshnjúks og Staðarhólshnjúks. Kálfsdalur er lítill dalur sem skilur Staðarhólshnjúk og Hinrikshnjúk frá fjallendinu austur og norður af. Miðhluti þess fjallendis nefnist Nesskriður en nyrsti hluti þess Nesnúpur sem er jafnframt nyrsta fjallið við austanverðan fjörðinn. Siglunes gengur út í mynni Siglufjarðar að norðaustanverðu.

4. Skráning snjóflóða

Elstu flóðin í þessum annál eru frá 17. öld. Sögnin um þau snjóflóð sem valda tjóni lifir lengur manna á meðal, og þau eru líklegri til að vera skráð en þau flóð sem hafa fallið án þess að valda neinu tjóni. Til eru heimildir um fjölda snjóflóða sem fallið hafa við byggðina á Siglufirði en ljóst er að mörg snjóflóð sem fallið hafa í Siglufirði eru hvergi skráð. Í bók sinni „Skriðuföll og Snjóflóð“ segir Ólafur Jónsson (Ólafur Jónsson o.fl, 1992) orðrétt:

„Besta hugmynd um tíðni ofanfalla fáum vér þó úr annálum og fréttaritum, þótt mikið skorti á, að þessar heimildir telji upp nándar nærri öll skriðuföll og snjóflóð, er hér hafa orðið og valdið hafa verulegu tjóni, eða frásagnirnar séu svo skilmerkilegar, að þær gefi glögga hugmynd um tjón það, er orðið hefur í hvert sinn. Má fullyrða, að langt fram eftir öldum er það hrafl eitt af þessum fyrirbærum, sem skrásett er, og líða jafnvel svo aldir, að þeirra er að engu getið. Frásagnirnar fara fyrst að verða nokkuð samfelldar, þegar kemur fram um 1800, og síðustu 150 árin má gera ráð fyrir að flestra ofanfalla sé getið, sem valdið hafa stórfelldum skemmdum eða slysum.“

Ekki er ástæða til að ætla að skráningu hafi verið öðruvísi háttað á Siglufirði en annars staðar. Því má búast við því að heimildir séu til um flest snjóflóð sem valdið hafa stórfelldum skemmdum eða slysum frá því upp úr 1800. Fyrir þann tíma er skráningin hins vegar gloppóttari. Líklegt má telja að þegar líða tók á 20. öldina hafi veflest þeirra flóða sem valdið hafa einhvers konar tjóni á húsum, án þess að endilega sé um stórfelldar skemmdir eða slys á fólki að ræða, verið skráð. Á það ber þó að benda að þéttbýlismyndun byrjaði ekki á Siglufirði fyrir en eftir 1880 en Siglufjörður byggðist á löndum tveggja lögbýla, Hafnar og Hvanneyrar. Árið 1980 urðu straumhövrf í skráningu snjóflóða í Siglufirði. Þá var ráðinn snjóathugunarmaður á vegum bæjarins og þar með hófst skipulögð skráning snjóflóða. Frá þeim tíma hafa öll stærri snjóflóð í og við byggð verið skráð og síðustu tíu árin a.m.k. hafa veflestir snjóflóðadagar innan fjallahings Siglufjarðar verið skráðir. Örlygur Kristfinnsson hefur verið snjóathugunarmaður allan tímann utan ársins 1995, en þá var enginn sérstakur snjóathugunarmaður. Þorsteinn Jóhannesson verkfræðingur gerði nokkrar snjóflóðaskýrslur það ár og einnig útbjó Örlygur einhverjar skýrslur eftir á, þegar hann var kominn aftur til starfa. Örlygur var fyrst ráðinn af Siglufjarðarbæ en frá árinu 1995 hefur hann verið starfsmaður Veðurstofu Íslands.

5. Snjóflóðasagan

Ekkert manntjón er skráð af völdum snjóflóða í þéttbýlinu þar sem nú er Siglufjarðarbær. Nokkrum sinnum hefur þó hurð skolið nærri hælum og í sumum tilfellum hafa orðið verulegar skemmdir á mannvirkjum. Stærstu snjóflóðin hafa fallið á Strengs-

giljasvæðinu, sérstaklega úr Ytra-Strengsgili og Jörundarskál. Á því svæði eru skráð a.m.k. 5 flóð á tímabilinu 1900-1960, sem náðu niður í núverandi byggð, en á þeim tíma var svæðið ekki byggt nema að litlu leyti. Nokkrir kofar og sumarbústaðir hafa þó eyðilagst á svæðinu í þessum snjóflóðum. Árin 1968 og 1974 féllu snjóflóð á húsini við Suðurgötu 76 og 78 og skemmdu þau mikið. Eftir það voru húsini yfirgefin og nafnið „Snjóflóðahúsin“ festist við þau. Hins vegar var haldið áfram að reisa hús í nágrenninu. Árið 1999 voru vígðir leiðigarðar sem hafa það hlutverk að verja syðsta hluta þéttbýlisins við Siglufjörð fyrir snjóflóðum úr Strengsgiljum og Jörundarskál. Þar með er væntanlega búið að taka á brýnasta snjóflóðavandanum á Siglufirði. Annars staðar í kaupstaðnum hafa þó einnig orðið skemmdir af völdum snjóflóða. Árið 1938 féllu snjóflóð á Fífladala- og Gimbraklettasvæðunum. Tvö íbúðarhús skemmdust, tvö hæsnahús brotnuðu og eitt fjárhús eyðilagðist þar sem fimm kindur drápu. Árið 1971 féllu einnig snjóflóð á þessum svæðum. Þau flóð skemmdu eitt íbúðarhús, ollu skemmdum á kirkjugarðinum og eyðilögðu hluta af fjárhúshaverfi með þeim afleiðingum að 75 kindur drápu. Úr Gróuskarðshnjúki féll snjóflóð árið 1963 sem eyðilagði Hvanneyrarhlíð (hús síldarleitarinnar) og olli tjóni á íbúðarhúsunum við Fossveg 8 og 10. Úr fyrsta gilinu utan við bæinn, Gróuskarðsgili, hafa fallið flóð niður í fjöru. Árið 1971 eyðilagðist þar sumarbústaður og 12 kindur í fjárhúsi drápu.

Annars staðar í firðinum og í nálægum byggðum hafa orðið stórslys. Árið 1919 fórust níu menn á Staðarhólsströnd, austan megin í Siglufirði, af völdum snjóflóða og á sama tíma fórust níu menn annars staðar í Hvanneyrarhreppi. Nánari lýsingu á snjóflóðunum árið 1919 er að finna í viðauka II.

6. Snjóflóðafarvegir

Við gerð snjóflóðahættumats hafa verið skilgreindir átta snjóflóðafarvegir við þéttbýlið í Siglufirði. Hér verður notast við þá skiptingu. Utan þéttbýlisins er ekki greint frá einstökum snjóflóðafarvegum heldur stærri svæðum í einu. Hér á eftir er helstu einkennum hvers svæðis eða farvegs lýst, og snjóflóðalisti er settur fram með hverju þeirra. Byrjað er á innsta farveginum við þéttbýlið og endað á þeim ysta og nyrðsta. Síðan er svæðunum utan þéttbýlisins lýst. Staðsetningu svæðanna og farveganna má sjá á örnefnakorti á bls 128 og 129.

Hver farvegur skiptist í upptakasvæði, fallbraut og úthlaupssvæði.

Upptakasvæði er sá staður þar sem snjóflóð getur farið af stað. Halli þar er nánast alltaf meiri en 25° og venjulega milli 30° og 50° . Oft eru upptakasvæði afmörkuð af náttúrulegum fyrirbærum svo sem gilveggjum eða klettabeltum.

Fallbrautin er það svæði sem snjóflóðið rennur um og er dæmigerður halli þar 30° - 10° . Á þeim kafla getur snjóflóðið rífið með sér meiri snjó.

Úthlaupssvæði er þar sem snjóflóðið byrjar að hægja á sér og láta frá sér snjóinn. Venjulega er talið að stórt snjóflóð í dæmigerðum farvegi byrji að hægja á sér við u.þ.b. 10° halla.

6.1 Jörundarskál



Mynd 1. Jörundarskál í Hafnarfjalli (Ljósmynd Þorsteinn Sæmundsson, 1995).

Jörundarskál heitir stór skál í suðurhluta Hafnarfjalls, sunnan við Strengsgil (mynd 1 og kort 1 og 2). Fjallshlíðin ofan skálarinnar er í um 525 m hæð yfir sjó. Tveir lækjarfarvegir eiga upptök sín í skálinni undir klettum í u.þ.b. 420 m hæð. Annar lækurinn er fyrir miðri skálinni en hinn í norðurbarmi hennar. Farvegirnir sameinast neðar í allvíðu og djúpu gili sem þrengist þegar neðar dregur. Þar sem gilið gengur út úr skálinni þrengist farvegurinn til mikilla muna. Neðan Jörundarskálar og sunnan lækjarfarvegarins voru Nautaskálahólar sem mynduðu syðri barm farvegarins. Á milli skálarinnar og hólanna lækkaði gilbarmurinn á kafla.

Árið 1999 voru vígðir leiðigarðar neðan Jörundarskálar og Strengsgilja sem verja eiga syðsta hluta byggðarinnar fyrir snjóflóðum úr þessu svæði. Í þeim framkvæmdum var tekið efni úr Nautaskálahólum þ.a. þeir eru ekki til lengur.

Ekki hefur verið íbúðabyggt beint neðan við Jörundarskál en einstaka kofar og einn leikskóli hafa verið á úthlaupssvæði snjóflóða úr skálinni og syðsti hluti meginbyggðarinnar á Siglufirði er rétt norðan við það. Fyrir tíma snjóathugunarmanns á Siglufirði (fyrir 1980) hafa því einungis verið skráð allra stærstu flóðin úr skálinni. Elsta, þekktu snjóflóðið er frá fjórða áratugi 20. aldar og verður að telja ólíklegt að jafnvel mjög stór flóð fyrir þann tíma hefðu ratað í heimildir sökum þess að engin byggð var nálægt svæðinu. Regluleg skráning snjóathugunarmanns eftir 1980 sýnir að

lítil snjóflóð eru mjög algeng úr skálinni og flóð niður á láglandi hafa komið á um 10 ára fresti síðustu 30 árin.

Snjóflóðalisti, Jörundarskál

Númer	Dagsetning	Stutt lýsing
2007	1936-38	Stórt snjóflóð féll úr Jörundarskál og/eða Ytra-Strengsgili. Heimildir um flóðið eru nokkuð óljósar en líklega hefur það runnið út á íslagðar Leirurnar.
2027	19.12.1973	Þurr flekahlaup féll fram í sjó. Flóðið braut barnaheimilið Leikskála og hæsnahús.
2037*	4.4.1980	Lítið flekaflóð.
2040*	11.4.1980	Tvö þurr lausasnjóflóð.
2050*	23.3.1981	Lítið snjóflóð varð í Jörundarskálargili þegar hengja féll niður í gilin.
2051*	11.4.1981	Vott lausasnjóflóð stöðvaðist í brattri skriðu.
2064	8.1.1984	Stórt snjóflóð virðast hafa fallið samtímis úr allri Jörundarskál og Syðra-Strengsgili. Hlaupið bar grjót og jarðveg niður á láglandi.
2067*	17.12.1984	Smáspýja.
2068*	27.1.1985	Smáspýja kom úr Jörundarskálargili.
2986*	2-4.4.1986	2-3 litlar spýjur féllu í Jörundarskál.
2092	25.3.1989	Lítið lausasnjóflóð féll úr Jörundarskálargili.
2975	8.3.1990	Lítill spýja.
2974	25.3.1990	Lítill spýja.
2100	29.1.1991	Þurr lausasnjóflóð stöðvaðist efst í Jörundarskálargili.
2101	21.3.1991	Þurr flekasnjóflóð féll úr Jörundarskál og stöðvaðist í gilin í um 130-140 m y.s.
2110	19.12.1994	Úr Jörundarskál féll flekahlaup sem stöðvaðist neðan Fjarðarvegur og skemmdi hlið á geymsluskúr sem byggður var þar sem áður stóð hæsnahús sem eyðilagðist í snjóflóði 1973.
2132*	7.12.1997	Lítið flóð, náði rétt niður í botn skálarinnar.
2147	12.3.1999	Flóð féll úr Jörundarskál og stöðvaðist í um 150 m y.s.
2151*	1.4.1999	Tvær spýjur.
2919*	26.5.1999	Rök spýja.
2164*	3-5.1.2001	Spýja féll úr Jörundarskál og náði nokkuð niður fyrir gilmunna.
2176*	8-10.3.2001	Snjóflóð úr Jörundarskál fór niður gilið neðan skálarinnar og eina 25 m niður með leiðigarðinum „Litla-Bola“. Flóðið var mjög þunnt.
2266*	3.4.2001	Um 20.000 m ³ snjóflóð féll úr Jörundarskál. Meðalbreidd tungu var um 70 m og stöðvaðist flóðið í um 10 m y.s. Leiðigarðurinn „Litli-Boli“ tók á móti flóðinu og beindi því rétta leið.

* Snjóflóðið er ekki á korti.

6.2 Strengsgil



Mynd 2. Syðra-Strengsgil og Ytra-Strengsgil. (Ljósmynd Þorsteinn Sæmundsson, 1995).

Syðra- og Ytra-Strengsgil eru vel afmörkuð gil sem ganga niður af Leirdalabrúnum (mynd 2 og kort 1 og 2). Upptök giljanna eru í um það bil 450 m hæð. Farvegir beggja gilja eru vel skorðaðir og djúpir, en farvegur syðra gilsins er mun hlykkjóttari en þess ytra. Efst í Ytra-Strengsgili er grunn skál. Fallbrautin er um 15-20 m djúp og breidd milli efstu barma hennar er um 125 m. Í um 250 m hæð yfir sjó byrjar botn gilsins að breikka og í 150 m hæð opnast gilið út á aurkeilu.

Mörg snjóflóð, stór og smá, eru skráð úr Strengsgiljum, sérstaklega hinu ytra. Talsverð íbúðarbyggð er fyrir neðan gilin og tvö húsanna hafa gengið undir nafninu „Snjóflóðahúsin“. Líklegt verður að teljast að flest stór flóð úr Strengsgiljum á 20. öld, þ.e.a.s. þau sem hafa farið niður undir sjó, séu skráð. Sum af efstu húsunum undir Strengsgiljum voru byggð um 1945 og eftir það ættu flest þau flóð sem hafa náð niður að Suðurgötu verið skráð. Húsið númer 35 við Laugarveg var byggt árið 1954 og snýr horni við götunni til þess að verjast snjóflóðum. Þessi elstu hús á svæðinu hafa sloppið við snjóflóð, en húsin nr. 76 og 78 við Suðurgötu, sem reist voru 1964, urðu

tvisvar fyrir snjóflóðum (1968 og 1974) og voru yfirgefin eftir það (Harpa Grímsdóttir, 1998). Eftir að snjóeftirlitsmaður tók til starfa árið 1980 bættust litlu flóðin í hóp hinna skráðu flóða, enda er þetta það svæði sem hann hefur haft einna mestar gætur á. Sýnt er að lítil flóð falla úr Ytra-Strengsgili nánast á hverju ári.

Í kjölfar snjóflóðs árið 1969 var reist 2 til 2,5 m há girðing á norðurbarmi gilsins í um 385 til 425 m hæð yfir sjó til að draga úr hengjumyndun. Reynslan sýndi að girðingin gerði gagn en að hún þyrfti að ná lengra niður eftir gilbarminum (Þorsteinn Jóhannesson, 1976). Þessari girðingu var ekki haldið við og er hún nú horfin.

Árin 1998-1999 var reistur varnargarður (leiðigardur) neðan Strengsgiljanna og annar minni neðan Jörundarskálar, með það að markmiði að tryggja viðunandi öryggi íbúa undir giljunum. Þessir garðar hafa stundum verið kallaðir „Litli-Boli“ og „Stóri-Boli“. Í mars 1999 lenti snjóflóð úr Ytra-Strengsgili á stærri garðinum sem beindi því frá byggðinni. Eftir byggingu varnargarðanna hafa „Snjóflóðahúsin“ svokölluðu við Suðurgötu verið tekin í notkun á ný eftir að hafa staðið að mestu auð í um 25 ár.

Snjóflóðalisti, Syðra-Strengsgil

Númer	Dagsetning	Stutt lýsing
2046	20.2.1981	Vott lausasnjóflóð átti upptök hátt í Syðra-Strengsgili og stöðvaðist ofan við bæjargirðingu í um 70 m hæð. Breidd neðsta hluta tungunnar var um 20-25 m.
2997*	17.12.1984	Lítil spýja.
2995*	27.1.1985	Lítil spýja.
2214	13.2.1988	Þurrt lausasnjóflóð féll úr Syðra-Strengsgili og stöðvaðist í um 45 m y.s.

*Snjóflóðið er ekki á korti.

Snjóflóðalisti, Ytra-Strengsgil

Númer	Dagsetning	Stutt lýsing
2002	1901	Snjóflóð féll niður í um 20 m hæð á nýjan vegstúf fyrir framan Höfn. Líklega hljóp það úr Ytra-Strengsgili.
2005	4.12.1919	Snjóflóð féll fyrir framan túnið í Efri-Höfn og fór niður undir sjó. Það tók lítinn sumarbústað sem Sören Goos átti. Líklega féll flóðið úr Ytra-Strengsgili fremur en Jörundarskál.
2012	1938 eða 1939	Snjóflóð féll milli húsanna Suðurgötu 91 og Háveggar 65 og fór þar niður undir sjó. Líklega hefur flóðið komið úr Ytra-Strengsgili, en það tók kofa sem hafði staðið á sama stað og sumarbústaður Sörens Goos (fór í snjóflóði 4.12.1919) og flutti niður undir fjöru. Breidd tungunnar var um 150 m.
2013	um 1958-1960	Snjóflóð féll úr Ytra-Strengsgili og stöðvaðist í 25 m hæð.
2017	4.2.1968	Úr Ytra-Strengsgili féll snjóflóð sem lenti á steinhúsi við Suðurgötu 76. Snjór flæddi inn í húsið og olli tjóni á því að utan sem innan. Ofan við húsið hlóðst upp snjódyngja en hluti flóðsins fór niður á auðu svæði norðan hússins. Þetta var vott snjóflóð sem fór af stað með því að hengja féll. Tungan stöðvaðist í um 25 m hæð og breidd hennar var um 40 m ofan við Suðurgötu.
2019	1969	Snjóflóð úr Ytra-Strengsgili stöðvaðist u.þ.b. 20-30 m ofan við húsin Suðurgötu 76 og 78.
2028	1973	Hengja féll af norðurbrún Ytra-Strengsgils, neðan varnargirðingar. Flóðið stöðvaðist skammt neðan gilsins eða í um 125 m hæð.
2029	19.12.1974	Þurrt flekaflóð féll úr Ytra-Strengsgili. Það skemmdi mikið húsin Suðurgötu 76 og 78. Auk þess braut flóðið raflínustaur og skemmdi bíl sem það tók með sér norðan við húsin. Flóðtungan stöðvaðist í um 25 m hæð.

2036	4.4.1980	Úr Ytra-Strengsgili féll vott flekasnjóflóð niður í um 80 m hæð. Það stöðvaðist u.þ.b. 200-250 m ofan við húsin Suðurgötu 76 og 78.
2049*	23.3.1981	Hengja féll af norðurbrún Ytra-Strengsgils og kom af stað snjóflóði sem stöðvaðist í minni gilsins.
2055*	16-18.12.1982	Hengja féll af norðurbrún Ytra-Strengsgils á alllögum kafla. Flóðið var þurrt lausasnjóflóð og stöðvaðist í neðanverðu gilinu.
2060*	30-31.3.1983	Lítið flóð stöðvaðist neðst í gilmunnanum.
2063	14-16.12.1983	Hengja féll af norðurbrún Ytra-Strengsgil og orsakaði þurrt lausasnjóflóð sem stöðvaðist við bæjargirðinguna í um 80 m hæð. Breidd flóðtungunnar var um 20 m.
2998*	17.12.1984	Lítill spýja.
2994*	27.1.1985	Lítill spýja.
2070*	28.3.1985	Þurrt lausasnjóflóð féll í Strengsgili og stöðvaðist í hlíðinni þar sem dregur úr halla. Líklega hafa hengjur fallið og komið flóðinu af stað.
2213*	18-19.4.1986	Mjög lítill spýja.
2080	3.12.1986	Snjóflóð úr Ytra-Strengsgili stöðvaðist 100 m frá húsunum Suðurgötu 76 og 78. Breidd flóðtungunnar var um 40 m og hún olli svolitlum skemmdum á bæjargirðingunni.
2980	13.2.1988	Þurrt lausasnjóflóð stöðvaðist í um 100 m y.s.
2093	25.3.1989	Þurrt lausasnjóflóð féll úr Ytra-Strengsgili og stöðvaðist í um 75 m hæð.
2095	4.2.1990	Vott lausasnjóflóð féll úr Ytra-Strengsgili og stöðvaðist skammt neðan við gilmunnann.
2106	21-23.1.1994	Snjóflóð úr Ytra-Strengsgili stöðvaðist á húsinu Suðurgötu 76 án þess að valda tjóni. Líklega var um að ræða þurrt lausasnjóflóð.
2111	18.1.1995	Þurrt snjóflóð féll úr Ytra-Strengsgili. Breidd tungunnar var mest 135 m og stöðvaðist hún 30 m ofan við Suðurgötu.
2117*	7.3.1995	Í Ytra-Strengsgili féll snjóflóð sem stöðvaðist neðarlega í gilinu. Flóðtungan var 5-7 m breið.
2120	3.1.1996	Þurrt flekahlaup féll úr Ytra-Strengsgili og mjó tunga stöðvaðist um 75 m ofan við Suðurgötu 76.
2962*	11.2.1996	Lítill spýja.
2124*	2-3.12.1996	Flekaflóð féll í Ytra-Strengsgili og stöðvaðist neðarlega í giljunum.
2125	14.1.1997	Flekaflóð féll í Ytra-Strengsgili og stöðvaðist um 140 m ofan við Suðurgötu 76. Breidd tungunnar var um 70 m og þykktin um 1,5 m.
2131*	14-15.11.1997	Lítið flóð féll ofarlega úr Ytra-Strengsgili og náði ekki niður úr gilinu.
2936*	26.12.1998	Mjór taumur rann eftir Ytra-Strengsgili.
2148	12.3.1999	Snjóflóð féll úr Ytra-Strengsgili og lenti á varnargarðinum sem þar var í smíðum. Flóðið fylgdi garðinum sem beindi því frá byggðinni.
2163	3-5.1.2001	Spýja féll úr Ytra-Strengsgili og náði nokkuð niður fyrir gilmunna.
2175*	8-10.3.2001	Spýja féll úr Ytra-Strengsgili.
2190*	1.4.2001	Þurrt, lítið flekaflóð féll í Ytra-Strengsgili.

*Snjóflóðið er ekki á korti.

6.3 Fífladalasvæði syðra

Fífladalasvæði syðra nær frá norðurjaðri Ytra-Strengsgils norður að Fífladalagili og „Grindagili“ (mynd 3 og kort 1 og 2). Fífladalir kallast grunn skál eða lægð í landslaginu sem nær niður í um 320 m.y.s. Neðan Fífladala eru þrjú grunn gil, Syðra-Mið- og Ytra-Skriðulækjargil. Nokkur lítill flóð hafa fallið úr giljunum og vitað er um eitt flóð sem fallið hefur úr hlíðinni fyrir ofan. Hugsanlega hefur eitt flóð fallið niður í núverandi byggð á þessari öld en heimildir um það eru mjög óljósar (flóð númer 2003 árið 1907). Lögbylið Efri-Höfn stóð þar sem Suðurgata 58 er núna. Líklega stóð

bærinn á þeim stað frá 17. öld. Fleiri gömul hús hafa staðið á svæðinu, Hlíðarhús var reist 1898 þar sem nú er Hávegur. Byggðin á svæðinu fór hins vegar ekki að þéttast fyrr en skömmu fyrir miðja 20. öld (Harpa Grímsdóttir, 1998).

Sökum hinnar gömlu byggðar undir Skriðulækjargiljum er afar ólíklegt að stórt og breitt snjóflóð hafi fallið á svæðinu síðustu aldir án þess að rata í heimildir. Hins vegar gæti skráningu minni flóða verið ábótavant þar sem byggð var gisin fram á miðja 20. öld. Eftir 1980 hafa líklega öll flóð verið skráð af snjóathugunarmanni.

Snjóflóðalisti, Fífladalasvæði syðra

Númer	Dagsetning	Stutt lýsing
2003*	fyrir 1907	Snjóflóð er sagt hafa fallið norðan við Hafnarhæð. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt. Hugsanlega hefur þetta verið í Syðra- eða Ytra-Skriðulækjargili eða jafnvel Fífladalagili.
2061	30-31.3.1983	Flóð féll úr gili neðan Fífladala syðst. Líklega er átt við Ytra-Skriðulækjargil. Mjór taumur náði að kyndistöð hitaveitu sem er í um 70 m y.s.
2215 2979	13.2.1988	Í bæði Mið-Skriðulækjargili og Ytra-Skriðulækjargili féllu mjög litlar spýjur.
2109*	18-19.4.1994	Spýja féll í Ytra-Skriðulækjargili.
2267*	18-19.4.1996	Tvær smáspýjur féllu í Skriðulækjargiljum ofan hitaveitutanks.
2955*	2-3.12.1996	Lítið flóð féll í Mið-Skriðulækjargili og stöðvaðist neðarlega í giliinu. Breidd tungu var um 6-7 m.
2181*	26.3.2001	Snjóflóð féll í Fífladölum, rétt sunnan „Grindagils“. Það átti upptök við brún og stöðvaðist í Fífladölum í um 350 m y.s.
2193*	1.4.2001	Spýja féll á Breiðamel neðan Fífladala.

*Snjóflóðið er ekki á korti.



Mynd 3. Fífladalasvæðið. Hvanneyrarskál er lengst til hægri (Ljósmynd Þorsteinn Sæmundsson, 1995).

6.4 Fífladalasvæði nyrðra

Fífladalasvæði nyrðra nær frá Fífladalagili norður að Mið-Gimbrakletti. Fífladalir nefnist lægð eða skál sem nær frá Fífladalabrún í um 320 m y.s. og upp að Leirdala-brún við topp Hafnarfjalls (myndir 3 og 4 og kort 1 og 2). Ofan Fífladala er gil sem

nær upp að Leirdalabrún. Þar hafa verið gerðar tilraunir með upptakastoðvirki, og hefur snjóathugunarmaður því gefið gílinu nafnið „Grindagil“. Fífladalagil er vel skorðaður lækjarfarvegur sem byrjar með trekt í Fífladalabrún. Farvegurinn sveigir úr ASA í ANA í um það bil 225 m hæð yfir sjó. Þar sem sveigjan byrjar heldur hár syðri barmur gilsins áfram nokkurn spöl í ASA. Stór snjóflóð sem falla um gilið virðast geta klofnað við sveigjuna þannig að annar hlutinn fer upp úr gílinu og fellur beint niður hlíðina, en hinn hlutinn fylgir gílinu. Mörg flóð eru skráð á svæðinu, en í fæstum tilfellum eru upptök eldri snjóflóðanna þekkt, þ.e.a.s. ekki er vitað hvort þau áttu upptök ofan Fífladala, eða neðan Fífladalabrúnar. Árin 1938 og 1971 urðu miklar skemmdir á húsum á svæðinu af völdum snjóflóða.

Skríðuhverfi, efsta hverfið undir nyrðri hluta Fífladala, byggðist um og upp úr 1930 og má því reikna með að velflest snjóflóð sem náð hafa þangað niður hafi verið skráð frá þeim tíma. Neðar á svæðinu voru mun eldri hús, þar á meðal Búðarhóll sem var reistur 1866 og fleiri hús eru frá því um aldamótin 1900 (Harpa Grímsdóttir, 1998). Það virðist því ólíklegt að aftaka-snjóflóð úr Fífladalaskálinni niður á eyrina hafi orðið síðustu 100-150 árin án þess að komast í heimildir. Frá árinu 1980 eru einnig skráðar minni spýjur sem ekki náðu húsum og spýjur ofan Fífladalabrúnar.

Snjóflóðalisti, Fífladalasvæði nyrðra

Númer	Dagsetning	Stutt lýsing
2003*	fyrir 1907	Snjóflóð er sagt hafa fallið norðan við Hafnarhæð. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt. Hugsanlega hefur þetta verið í Syðra-eða Ytra-Skríðulækjargili eða jafnvel Fífladalagili.
2010	23.11.1938	Snjóflóð féll úr sunnanverðri Fífladalabrún, jafnvel úr Fífladalagili. Snjódyngjur hlóðust upp að efstu húsum í Skríðuhverfi. Flóðið braut eitt íbúðarhús, tók gripahús, en 5 kindur sem í því voru drápu. Þá eyðilagðist hæsnahús og hluti hæsnanna drápu.
2023	14.2.1971	Snjóflóð féll á SV hlið húss að Hlíðarvegi 1c og stöðvaðist á næstu lóð fyrir neðan. Miklar skemmdir urðu á húsinu, en þeir sem staddir voru inni í því náðu að bjarga sér. Ein kona hlaut minniháttar meiðsl.
2024	14.2.1971	Snjóflóð féll úr hlíðinni sunnan Syðsta-Gimbrakletts eða úr Fífladalagili. Upptök eru ekki þekkt. Flóðið braut efstu legsteinaraðirnar í kirkjugarðinum og einnig áhaldaskúr sem stóð í SV-horni garðsins. Spennir sem stóð ofan við spennistöðina, 2,8 tonn að þyngd fluttist um u.þ.b. 1 fet. Breidd flóðtungunnar ofan við spennistöð var um 100 m. Lengst rann flóðið niður veg sunnan kirkjugarðs niður í um 30 m hæð.
2025	14.2.1971	Snjóflóð féll úr hlíðinni sunnan Syðsta Gimbrakletts eða úr Fífladalagili. Upptök eru ekki þekkt. Flóðtungva fór yfir syðri barm Fífladalagils í um 200 m hæð og skall á fjárhúshverfi. Þrjár efstu fjárhúsaraðirnar af fjórum brotnuðu og um 75 kindur drápu. Breidd tungunnar við fjárhúsin var rúmlega 100 m en norðan þeirra var kögglahrun niður undir Hverfisgötu.
2039*	11.4.1980	Þurrt lausasnjóflóð féll í Fífladölum.
2048*	17.3.1981	Lítið flóð féll í Fífladölum.
2996*	17.12.1984	Smáspýja féll ofan Fífladala.
2915	17-18.4.1985	Lítið og vott lausasnjóflóð féll ofan Leirdalabrúnar.
2077*	2-4.4.1986	Spýja féll í Fífladölum í þíðviðri.
2083	13.2.1988	Þurrt lausasnjóflóð, 200 m breitt, olli tjóni á bæjargirðingu hér og þar og eyðilagði lítinn skúr við kirkjugarðinn.
2090	25.2.1989	Á svæðinu undir Fífladölum féll þurrt flekasnjóflóð. Snjórinna hljóp ofan á eldra lagi og olli talsverðu tjóni á gömlum kindakofa.

		Flóðið var um 5-10 m breitt og stöðvaðist í um 45 m y.s.
2094	25.3.1989	Snjóflóð féll úr Fífladalagili og stöðvaðist í um 45 m hæð.
2099	25- 26.4.1990	Þurr flekasnjóflóð féll í Fífladölum og stöðvaðist við hvilftarbrún í um 330 m hæð.
2119	26.10.1995	Í Fífladölum féll flekahlaup sem stöðvaðist í tæplega 350 m y.s.
2121	3.1.1996	Þurr flekahlaup féll í svokölluðu „Grindagili“ í Fífladölum. Það stöðvaðist á Fífladala-stallinum í um 360-380 m y.s.
2232*	10.11.1996	Lítill fleki fór af stað af mannavöldum.
2954*	2-3.12.1996	Lítið snjóflóð féll í Fífladalagili og stöðvaðist neðarlega í gilinu.
2135	19.2.1998	Þurr snjóflóð féll í Fífladalagili og stöðvaðist neðarlega í gilinu og á mel sunnan við gilið í um 100 m y.s.
2154*	26.5.1999	Rök spýja féll ofan Fífladala.
2156*	5.6.1999	Lítill spýja fór af stað undan fótum snjóeftirlitsmanns í „Grindagili“ og náði u.þ.b. 15 m niður fyrir neðstu grind.
2238	18- 20.11.2000	Þurr flekahlaup ofan Fífladala, nyrst á svæðinu, féll helgina 18. til 20. nóvember. Upptakasvæðið var í klettunum og féll flóðið niður á Fífladalastallinn nyrst. Lítill hluti þess flóðs hélt áfram og féll fram af Fífladalabrún og rann niður mjótt og grunnt gil, ofan syðsta Gimbrakletts. Snjóþekja var lagskipt, efst 10 til 40 cm foksnjó ofan á lausari snjó.
2162*	28- 30.12.2000	Lítill spýja fór eftir Fífladalagili ofanverðu. Hún stöðvaðist ofan á <i>Lágasetu</i> í um 150-200 m y.s.
2159*	31.2- 5.3.2000	Snjóflóð féll í „Grindagili“ og stöðvaðist neðst í gilinu.

*Snjóflóðið er ekki á korti.

6.5 Hafnarhyrna/Gimbraklettur



Mynd 4. Fífladalir og Gimbraklettur. Hvanneyrarskál er lengst til hægri á myndinni. (Ljósmynd Þorsteinn Sæmundsson, 1995).

Nyrsti hluti Hafnarfjalls nefnist Hafnarhyrna. Hún nær 680 m hæð og rís yfir miðri Siglufjarðareyri (Þormóðseyri). Svæðið nær frá Mið-Gimbrakletti og norður að norðurhlíð Hafnarhyrnu þar sem Hvanneyrarskál tekur við. Innan svæðisins falla Mið-

og Ysti-Gimbraklettur sem eru stakir klettur í um 200 m y.s.(myndir 3 og 4 og kort 1 og 2). Sú hlíð Hafnarhyrnu sem snýr að byggðinni er brött og án skýrt afmarkaðra snjóflóðafarvega.

Lítill flóð eru algeng á svæðinu, en sökum þess að byggðin teygir sig upp í hlíðina þarf ekki stór snjóflóð til að ná niður í hana. Þetta gerðist árin 1938 og 1971. Árið 1938 urðu skemmdir á íbúðarhúsi og hæsnahúsi, en óverulegar skemmdir urðu árið 1971. Mörg af efstu húsunum eru byggð á fjórða áratugi 20. aldar (Harpa Grímsdóttir, 1998) og því er saga snjóflóða síðustu 60-70 ára niður í byggðina að öllum líkindum þekkt. Eftir 1980 hafa einnig verið skráðar spýjur sem stoppað hafa í fjallinu ofan við byggðina og hefur komið í ljós að slíkar spýjur eru mjög algengar.

Snjóflóðalisti, Hafnarhyrna/Gimbraklettur

Númer	Dagsetning	Stutt lýsing
2008	23.11.1938	Snjóflóð féll úr Hafnarhyrnu og lenti á húsinu Seljalandi. Þetta var tvílyft steinhús með kjallara og mest af snjónum hrúgaðist upp við húsið og stöðvaðist. Flóðinu tókst þó að brjóta sér leið inn um glugga á miðhæð hússins og hálfyllti hæðina.
2009	23.11.1938	Snjóflóð lenti á hæsnahúsi sem stóð ofan við Hólaveg. Hæsnahúsið brotnaði en fuglarnir björguðust. Flóðið kom úr Hafnarhyrnu, væntanlega milli Mið- og Ysta-Gimbrakletts.
2022	14.2.1971	Snjóflóð féll sunnan Mið-Gimbrakletts. Mjó spýja fór yfir kartöflugeymslur bæjarins og stöðvaðist við Hlíðarveg.
2041	3.2.1981	Þurr tlausasnjóflóð féll milli Mið- og Ysta-Gimbrakletts. Flóðið stöðvaðist í um 80 m hæð og breidd flóðtungunnar var um 5-10 m.
2042	5.2.1981	Úr Hafnarhyrnu féll lítið, vott lausasnjóflóð sem stöðvaðist rétt undir Mið-Gimbrakletti í um 125 m hæð.
2917*	30-31.1.1982	Mikið kögglahrún var í Hafnarhyrnu.
2057	19.1.1983	Vott lausasnjóflóð féll sunnan Mið-Gimbrakletts og stöðvaðist við veginn upp í Hvanneyrarskál í um 100 m hæð. Breidd tungunnar var um 10 m.
2058*	22.1.1983	Mörg smáflóð féllu í hlíðinni neðst í Hafnarhyrnu neðan Hvanneyrarskálur, suður fyrir Mið-Gimbraklett.
2988	17-18.4.1985	Vott lausasnjóflóð féll sunnan við Syðsta-Gimbraklett, yfir vegarslóða og stöðvaðist ofan við bæjargirðinguna.
2102	23.3.1991	Tvö flóð áttu upptök undir klettum í Hafnarhyrnu. Annað flóðið fór niður í um 65-70 m y.s. og hitt niður í um 30 m y.s. Ekkert tjón varð nema hugsanlega lítilsháttar skemmdir á bæjargirðingu.
2103*	25-26.11.1992	Vott lausasnjóflóð féll sunnan Gimbrakletta.
2968*	4-5.4.1993	Snjóflóð féll norðan Gimbrakletta.
2113	30.1.1995	Nokkrar mjóar spýjur runnu úr Hafnarhyrnu norðan við Gimbrakletta.
2122*	11.2.1996	Spýjur féllu víða um Siglufjörð, m.a. við Gimbrakletta.
2130	29.3.1997	Fimm flóð féllu í Hafnarhyrnu. Sú spýja sem fór lengst stöðvaðist í um 120 m fjarlægð frá næstu húsum við Hólaveg.
2937*	30-31.11.1998	Nokkrar spýjur féllu í Gimbraklettum.
2143	26.12.1998	Nokkrar spýjur féllu við Gimbrakletta.
2931*	29.3.1999	Svolítill spýja féll sunnan Gimbrakletta.

*Snjóflóðið er ekki á korti.

6.6 Hvanneyrarskál sunnan Hvanneyrarár

Svæðið afmarkast af Hafnarhyrnu í suðri og Hvanneyrará í norðri (kort 1 og 2). Það einkennist af djúpri og mikilli skál, Hvanneyrarskál, og er neðsti hluti skálarbotnsins í

um 175 m hæð. Neðan hans er fremur brött og einsleit brekka niður að byggðinni. Ekki eru til skráðar heimildir um snjóflóð á svæðinu. Efstu húsin undir skálinni eru byggð á árunum 1945-1980. Við suðurbakka Hvanneyrarár stendur rafstöð sem reist var árið 1913 (Harpa Grímsdóttir, 1998). Það verður að teljast ólíklegt að flóð hafi náð niður að efstu götunni síðustu 50 árin og ekki er vitað til þess að rafstöðin hafi orðið fyrir ofanflóðum af nokkru tagi.

6.7 Gróuskarðshnjúkur, syðri hluti

Syðri hluti Gróuskarðshnjúks er hluti af norðurhlíð Hvanneyrarskálar (kort 1 og 2). Svæðið afmarkast af Hvanneyrará að sunnanverðu og af útlínum snjóflóðsins sem féll 1963 að norðanverðu (nr 2014). Flóðið árið 1963, sem skemmdi Hvanneyrarhlíð og olli tjóni á Fossvegi 8 og 10, er eina snjóflóðið á svæðinu sem vitað er til að náð hafi niður í byggðina. Efstu húsin á svæðinu eru byggð um 1975, nema Hvanneyrarhlíð sem var reist árið 1932. Neðar eru hús frá 5. áratugi 20. aldar (Harpa Grímsdóttir, 1998). Líklega er saga snjóflóða síðustu 40-50 ára niður í núverandi byggð þekkt. Engin flóð hafa náð að ógna byggðinni á svæðinu frá því að snjóathugunarmaður tók til starfa árið 1980.

Snjóflóðalisti, Gróuskarðshnjúkur, syðri hluti

Númer	Dagsetning	Stutt lýsing
2014	26.12.1963	Vott snjóflóð féll úr Gróuskarðshnjúki og yfir norðurbakka Hvanneyrarár. Það lenti á hænsnahúsinu Hvanneyrarhlíð og eyðilagði það. Einnig skall flóðið á íbúðarhúsunum við Fossveg 8 og 10, braust inn í húsin og olli tjóni á þeim og innanstokksmunum. Neðstu mörk snjódyngjunnar voru við vesturvegg Hvanneyrarbrautar 51 í um 15 m hæð. Breidd tungunnar var um 100 m við Hvanneyrarhlíð.
2020*	29.1.1971	Hengja í Hvanneyrarbrún hrundi undan drengjum sem voru að leik, en flóð fór ekki af stað. Þeim var bjargað úr snjódyngjunni.
2216	13.2.1988	Úr innanverðum Gróuskarðshnjúki féll lítil spýja niður í Hvanneyrarskál.

*Snjóflóðið er ekki á korti.

6.8 Gróuskarðshnjúkur, nyrðri hluti

Nyrðri hluti svæðisins afmarkast að sunnanverðu af jaðri snjóflóðsins sem féll árið 1963 (nr 2014). Að norðanverðu afmarkast það af Gróuskarðsgili sem er fyrsta gil norðan núverandi byggðar (kort 1 og 2). Ekki er skráð flóð niður í núverandi byggð á svæðinu, en nokkrar spýjur hafa fallið ofan byggðarinnar frá því að snjóathugunarmaður tók til starfa árið 1980. Úr gilinu utan við byggðina, Gróuskarðsgili, eru hins vegar skráð nokkur stór flóð sem sum hver hafa farið langleiðina niður að sjó. Þarna hafa staðið fjárhús og sumarbústaðir sem hafa orðið fyrir skemmdum af völdum þessara flóða. Efstu íbúðarhúsin á svæðinu eru flest byggð á árunum 1975-1980, nema tvö hús sem reist voru 1947. Neðar eru eldri hús og niðri við sjóinn stóð bærinn Bakki sem reistur var 1866 (Harpa Grímsdóttir, 1998). Því má segja að snjóflóðasagan nái um 25 ár aftur í tímann á efsta hluta byggða svæðisins en ólíklegt er að flóð hafi fallið niður að sjó síðustu 150 árin.

Snjóflóðalisti, Gróuskarðshnjúkur, nyrðri hluti

Númer	Dagsetning	Stutt lýsing
2015	26.12.1963	Snjóflóð féll, líklega úr fyrsta gili norðan við Hvanneyrarskál á Hvanneyrarströnd. Þetta var vott snjóflóð og féll það niður milli tveggja fjárhúsa og langleiðina niður að sjó. Breidd tungunnar

		var líklega tæplega 50 m.
2026	14-15.2.1971	Snjóflóð féll, líklega úr hlíðinni milli fyrstu tveggja giljanna norðan Hvanneyrar skálar, upp af Hvanneyrarströnd. Flóðið braut fjárhús og drap 12 kindur. Einnig skall flóðið á sumar bústað og flutti brak úr honum niður í fjöru. Breidd tungunnar var um 100 m.
2031*	22.4.1979	Vott lausasnjóflóð féll úr hlíð Gróuskarðshnjúks. Þetta var spýja sem fór stutt og hljóp mjög votur snjór ofan á hörðu lagi.
2056*	19.1.1983	Vott lausasnjóflóð féll syðst úr Strákafjalli, norðan Hvanneyrarár. Flóðið hljóp á að giska 2/3 hluta leidarinnar niður að íbúðarhúsum við Hólaveg.
2217	13.2.1988	Lítil spýja féll í fyrsta gilinu í Gróuskarðshnjúki utan við bæinn.
2114	19.2.1995	Í gilinu norðan Gróustaðarhnjúks féll þurrt lausasnjóflóð sem stöðvaðist ofan við kartöflugarða norðan við kaupstaðinn. Þar voru áður fjárhús. Breidd neðsta hluta tungunnar var um 20 m.
2947*	26.3.1997	Þrjár spýjur féllu sunnan við „Gróuskarðsgil“.
2141	30.10.1998	Tvær spýjur féllu austan undir Gróuskarðshnjúki ofan við nyrðstu húsin við Hólaveg og stöðvuðust í 50-60 m y.s.
2144*	20.1.1999	Flóð féllu úr öllum giljum norðan Selgils. Eitt breitt og þunnt snjóflóð kom úr gili norðan Gróuskarðs, rétt norðan bæjarins. Einnig féllu tvær litlar spýjur úr Gróuskarðshnjúki ofan Hólavegar.

*Snjóflóðið er ekki á korti.

6.9 Staðarhólsströnd

Staðarhólsströnd er við austanverðan Siglufjörð, gegnt þéttbýlinu. Upp af henni rísa tveir hnjúkar, Hestsskarðshnjúkur (850 m y.s.) heitir sá syðri og Staðarhólshnjúkur (778 m y.s.) hinn nyrðri. Milli þeirra er myndarleg skál er Skollaskál heitir og er neðri brún hennar í um 340 m hæð. Úr Skollaskál hafa hlaupið mörg flóð, bæði stór og smá. Tvisvar hafa verið skráð svo stór snjóflóð úr skálinni að þau hafa valdið flóðbylgju á firðinum sem olli skemmdum á Þormóðseyri, hinum megin fjarðarins. Í annað skiptið eyðilagðist síldarverksmiðja og fleiri hús sem voru á Staðarhólsströnd og 9 menn létu lífið.

Bæði sunnan og norðan við Skollaskál, úr Hestsskarðshnjúki og Staðarhólshnjúki hafa einnig verið skráð nokkur snjóflóð, sem og norðar á ströndinni.

Snjóflóðalisti, Staðarhólsströnd

Númer	Dagsetning	Stutt lýsing
2914*	1613	Sagnir eru um að 50 manns hafi farist í snjóflóði í Siglunes-skriðum á aðfangadag er þeir ætluðu til tíða á Siglunes. Þetta er af mörgum talinn hreinn uppspuni.
2001	23.12.1839	Snjóflóð féll fyrir framan Staðarhól, fór út í sjó og olli flóðbylgju sem skall á Siglufjarðareyri. Þar skemmdust 7 skip. Líklega kom flóðið úr Skollaskál.
2004	12.4.1919	Stórt snjóflóð féll úr Skollaskál í sjó fram. Flóðið sópaði burt síldarverksmiðju og nokkur hús henni tilheyrandi, þar af voru tvö íbúðarhús. Hús sem kallað var „Bensabær“ eyðilagðist og Neðri-Skúta lenti í suðurjaðri flóðsins. Alls fórust 9 manns en 7 mönnum var bjargað. Flóðið olli einnig flóðbylgju sem skall á Siglufjarðareyri og varð tjón á skipum og mannvirkjum.
2237*	22.4.1979	Tvö flóð féllu nyrst í Kambalám sunnan við Nesskriður og tvö á Staðarhólsströnd rétt sunnan við Selvíkurnefsvita.
2032	23.5.1979	Flóð féll niður í gilið sunnan Staðarhóls og stöðvaðist í mýri niður undir sjó. Breidd tungu var um 50 m neðst og snjódypt í tungunni áætluð 4 m.
2035*	29.3.1980	Vott flekafloð stöðvaðist neðst í sunnanverðri Skollaskál.

2038*	4.4.1980	Nokkur flóð féllu ofan við Skollaskál og stöðvuðust ofan við skálarbotn.
2052*	30.1.1982	Mörg smáflóð féllu ofan Skollaskálar.
2054*	17.2.1982	Vott flekaflóð stöðvaðist í botni Skollaskálar.
2065*	22-23.1.1984	Snjóflóð rann niður gil sunnan Staðarhóls og stöðvaðist neðan gilsins þar sem breidd tungunnar var um 10-15 m.
2993*	27.1.1985	Smáspýjur féllu úr Staðarhólshnjúki.
2075* og 2987*	17-18.4.1985	U.þ.b. tíu vot flóð féllu í Skollaskál.
2076*	24-26.12.1985	Þurr tlausasnjóflóð féll í gili í norðanverðum Staðarhólshnjúki og stöðvaðist á hallandi undirlendi milli fjalls og strandar.
2983*	2-4.4.1986	Spýja féll í Skollaskál.
2977, 2978 2088	14-15.4.1988	Þrjú flóð féllu á Staðarhólsströnd. Eitt í gili 500 m norðan við Staðarhól, annað í Skollaskál og hið þriðja í Staðarhólshnjúki. Flóðin féllu ýmist niður á sjávarbakka eða fram í sjó.
2104 2940	5.12.1992	Tvö snjóflóð féllu á Staðarhólsströnd. Nyrðra flóðið féll úr Staðarhólshnjúki rétt norðan við Skollaskál en syðra flóðið féll úr hlíðinni neðan við Skollaskál.
2970*	4-5.4.1993	Spýjur féllu í Skollaskál.
2228*	26.10.1995	Lítill snjóflóð féllu í Skollaskál.
2963*	3.1.1996	A.m.k. fimm flóð féllu á Staðarhólsströnd, norðan Staðarhóls.
2956*	11.2.1996	Spýjur féllu ofan Skollaskálar.
2128*	26.3.1997	Spýja féll í Skollaskál.
2139*	18.4.1998	Fjöldi smáflóða féll í austanverðum Siglufirði, m.a. í Staðarhólshnjúki.
2152*	3.5.1999	Rök lausasnjóflóð féllu niður í Skollaskál.
2153*	22-24.5.1999	Spýjur féllu í Skollaskál.
2169*	3-5.1.2001	Spýja féll úr Skollaskál.
2170	10.1.2001	Snjóflóð féll úr norðanverðum Staðarhólshnjúki og stöðvaðist á stallbrún í u.þ.b. 33 m y.s.
2174*	27.1.2001	Snjóflóð féll í Staðarhólshnjúki og stöðvaðist mjó og efnislítill tunga úr því í munna Rjómalækjargils í um 60 m y.s.
2184*	26-27.3.2001	Snjóflóð féll í Rjómalækjargil í Staðarhólshnjúki.
2192*	1.4.2001	Þurr flekaflóð féll í Staðarhólshnjúki, Rjómalækjargili.
2198*	eftir 6.4.2001	Þrjú lítill flóð féllu í Skollaskál.

*Snjóflóðið er ekki á korti.

6.10 Skútudalur austanverður

Hestsskarðshnjúkur (sjá Staðarhólsströnd) er við mynni Skútudals, þar sem hann opnast út að firðinum. Sunnan við hann er Pallahnjúkur (861 m y.s.) og milli þeirra skarð sem Hestsskarð nefnist. Sunnan við Pallahnjúk er fjall sem heitir Dísan. Þegar undirbúningur að lögn Hitaveitu úr Skútudal hófst eftir nokkurt hlé upp úr 1972 (Þ.J., 2000) urðu ferðir tíðari í dalinn og menn fóru að verða varir við snjóflóð. Eftir það hafa verið skráð mörg flóð, bæði stór og smá, og ljóst er að snjóflóð eru tíð í dalnum. Stór flóð hafa fallið úr Hestsskarðshnjúki og úr Pallahnjúki og Dísunni hafa oft fallið myndarleg snjóflóð sem m.a. hafa valdið usla á svæði hitaveitu RARIK í Skútudal.

Snjóflóðalisti, Skútudalur austanverður

Númer	Dagsetning	Stutt lýsing
2248*	líklega 1694	Skútustaðir, hjáleiga frá Ráeyri í Siglufirði eyðilögðust í snjóflóði eða aurskriðu, sennilega 1694.
2249*	20.10.1833	Maður fórst, líklega í snjóflóði, á Hestsskarði.
2250*	7.5.1891	Tveir menn lentu í snjóflóði á Hestsskarði. Annar fórst en hinn komst lífs af.
2252*	Febrúar 1912	Fjórir menn lentu í snjóflóði á Hestsskarði en var bjargað af

		tveimur félögum sínum er flóðið tók ekki.
2160	26.2.1978	Snjóflóð féll úr Dísunni eða Pallahnjúki yfir svæði Hitaveitu Siglufjarðar í Skútudal og braut tvo dæluskúra. Brak úr skúrunum dreifðist yfir Skútuána, en tungan sveigði nokkuð til norðurs undan hallanum.
2239	29.3.1978	Snjóflóð féll úr Dísunni eða Pallahnjúki á sama stað og rúmum mánuði áður (nr. 2160) en var heldur minna. Það fór yfir borholur 6 og 7.
2202*	4.4.1980	Nokkur stutt flóð féllu úr Hestsskarðsskriðunni og einnig í næstu skál fyrir sunnan, ofan við hitaveituhúsin.
2926*	11.4.1980	Ofan við hitaveituskúrana í Skútudal fór mjög lítil spýja.
2206*	11.4.1981	Snjóflóð féll í Hestsskarði.
2207*	14-15.2.1982	Nokkrar spýjur féllu úr Pallahnjúki.
2245	6.4.1983	Snjóflóð féll á svipuðum stað og flóðin 1978, en nokkru sunnar. Flóðið braut dæluskúr á borholu nr. 10 hjá hitaveitunni og flutti brakið niður á bakka Skútuár.
2240	26.11.1983	Snjóflóð féll úr Hestsskarðshnjúki og stöðvaðist eftir að hafa farið um 150 m upp á móti 30° halla í Hólshyrnu. Flóðið færði til og braut rúmlega 100 m kafla af hitaveitulögninni og sleit háspennukapal sem liggur með rörunum. Áætlað rúmmál var 100.000 m ³ og breidd farvegjar neðan 300 m y.s. var u.þ.b. 300 m.
2990* 2991* 2992*	27.1.1985	Lítill flóð féllu úr Pallahnjúki, Dísunni og Hestsskarðshnjúki.
2984*	2-4.4.1986	Spýja féll í Pallahnjúki.
2212*	18-19.4.1986	Vot spýja féll úr hnjúki sunnan hitaveituskúra í Skútudal.
2079*	18-19.4.1986	Þrjár spýjur runnu úr suðvestanverðum Hestsskarðshnjúki.
2089*	líklega 14.4.1988	Fremur lítið flóð féll yfir dæluhús Hitaveitu Siglufjarðar sem var á borholu nr. 10.
2218	18.4.1988	Flóð féll í sama farvegi og flóð nr. 2089. Þetta flóð var mun stærra en það fyrra og gróf það sem áður sást af leifum dæluskúrsins. Breidd flóðsins var um 400 m efst og 50 m neðst.
2221	líklega 21.3.1991	Flekahlaup féll úr Pallahnjúki ofan í Skútudal.
2969*	4-5.4.1993	Lítill snjóflóð féllu í Hestsskarði.
2107*	lok mars byrjun apríl 1994	Vott flekahlaup féll úr Dísunni, sunnan og ofan við mannvirki í Skútudal. Flóðið stöðvaðist skammt frá hitaveituskúrunum.
2108*	18.19.4.1994	Flekahlaup féllu í austanverðum Skútudal, í tveimur giljum sunnan við Efri-Skútu.
2241	16.1.1995	Snjóflóð féll rétt norðan við Hestsskarðsá á svipuðum slóðum og flóð nr.2240 1983, en var eitthvað minna.
2115	22.2.1995	Þurr flekaflóð féll úr sunnanverðum Pallahnjúki að Dísunni, þaðan niður í skálina og svo ofan í árgil í Skútudalsbotni. Flóðið eyðilagði timburskúr yfir dælu ásamt ýmiskonar búnaði þar. Breiddin var um 680 m efst og 140 m neðst.
2116	25.2.1995	Þurr flóð áþekkt snjóflóði nr. 115, sem féll þremur dögum fyrr. Flóðtungan stöðvaðist rétt ofan við árgil Skútuár og var breiddin um 800 m efst og 180 m neðst.
2965*	21.3.1995	Nokkrar spýjur féllu úr Pallahnjúki og Dísunni og einnig innar í austanverðum Skútudal.
2952* 2953*	26.10.1995	Lítill flekahlaup féllu í Pallahnjúki og yfir borholum í Skútudal.
2230	3.1.1996	Allstórt flóð féll úr Dísunni, niður í Skútudal og yfir mannvirki hitaveitu Rarik. Breidd flóðsins var um 400 m efst og 150-200 m neðst. Geymsluskúr úr timbri brotnaði og einnig skemmdist fjarskiptabúnaður.

2958*	11.2.1996	Spýjur féllu í Dísunni.
2269*	18-19.4.1996	Snjóflóð féll úr skál í framanverðum (svipaður staður og flóð 2161) Hestsskarðshnjúki og náðu tungur úr því niður í hlíðina neðan skálarinnar.
2234	19.1.1997	Flekahlaup féll í norðvestanverðum Pallahnjúki og niður í Hestsskarðskál.
2950* 2951*	26.3.1997	Þrjár spýjur féllu í Pallahnjúki og tvær í Dísunni.
2133*	8.2. eða 2.2.1998	Lítill flóð féllu úr Hestsskarðshnjúki og náðu rétt niður í 3-400 m y.s.
2136* 2945*	22.2.1998	Eitt flóð féll í Pallahnjúki og annað í Dísunni ofan hitaveitumannvirkja. Flóðið í Pallahnjúki var um 700 m breitt í upptökum og tungan stöðvaðist í um 350 m y.s. Ummerki um flóðið í Dísunni voru óljósari og féll það líklega sólarhring fyrr.
2942* 2943* 2944*	18.4.1998	Smáflóð féllu í Pallahnjúki, Dísunni og Hestsskarðshnjúki.
2150	29.3.1999	Milli Dísunnar og Pallahnjúks féll flóð ofan hitaveitumannvirkja í Skútudal. Flóðið stöðvaðist í hvilft neðan bratrar skriðu í um 430-470 m y.s.
2928* 2929* 2927*	3.5.1999	Spýjur féllu í Pallahnjúki og Dísunni og sunnanverðum Hestsskarðshnjúki.
2918*	26.5.1999	Litlar spýjur féllu í Dísunni og fleiri fjöllum.
2923* 2924*	22-24.5.1999	Litlar spýjur féllu í Pallahnjúki og Dísunni.
2925*	22-24.5.1999	Spýjur féllu í Hestsskarðshnjúki.
2161	7-8.12.2000	Snjóflóð féll úr vestanverðum Hestsskarðshnjúki og niður í mynni Skútudals. Þrjár stórar snjóflóðatungur höfðu fallið niður í sitthvert gilið en með sameiginlegum upptökum hátt í Hestsskarðshnjúki. Áætlað rúmmál þess er a.m.k. 50-70 þús. m ³ .
2168*	3-5.1.2001	Spýja féll úr Dísunni.
2178*	8-10.3.2001	Spýja féll úr Dísunni.
2179*	22.3.2001	Snjóflóð féll í Hestsskarðshnjúki, Fögrukinn. Það stöðvaðist í um 25 m y.s.
2182*	26-27.3.2001	Spýja féll úr Dísunni.
2196*	eftir 6.4.2001	Í Pallahnjúki féll lítið flóð.
2197*	eftir 6.4.2001	Allstórt flóð féll í Hestsskarðshnjúki.

* Snjóflóðið er ekki á korti.

6.11 Hólsfjall og Hólshyrna

Hólsfjall skilur að Skútudal og Hólsdal sem ganga inn úr botni Siglufjarðar. Fremsti hluti Hólsfjalls nefnist Hólshyrna. Skútudalsmegin í Hólshyrnu er áberandi gil sem kallast Gjáin, en annars er hlíðin fremur slétt og brött. Úr Gjánni og hlíðinni sitt hvorum megin við Gjána eru snjóflóð tíð en þegar undirbúningur að lögn Hitaveitu úr Skútudal hófst eftir nokkurt hlé upp úr 1972 urðu ferðir tíðari í dalinn og menn fóru að taka eftir snjóflóðum. Mörg flóð hafa verið skráð síðan snjóathugunarmaður tók til starfa. Hólsdalsmegin (að vestanverðu) er Hólshyrna ekki eins brött og eru skálar og stallar í hlíðinni. Þó eru skráð þar nokkur flóð, en þarna var skíðasvæði Siglufirðinga fram til 1988 þegar snjóflóð eyðilagði lyftur og ákveðið var að endurreisa það ekki á sama stað m.a. vegna snjóflóðahættu. Eftir það var nýtt skíðasvæði byggt upp í Skarðdal.

Snjóflóðalisti, austanverð Hólshyrna

Númer	Dagsetning	Stutt lýsing
2247	a.m.k. tvö síðan 1970	A.m.k. tvö flóð hafa fallið frá 1970 úr Hólshyrnu, ofan hitaveitu Siglufjarðar í Skútudal.
2242	1972-1975, líklega 1973	Við vegmökstur um vor kom í ljós stórt snjóflóð sem hafði fallið úr Gjánni og náði nokkuð upp á bakkan austan við veginn nærri Hestsskarðsá.
2243	1972-1975, líklega 1974	Að vori var komið að ummerkjum eftir flóð sem hafði fallið úr Hólshyrnu og lent á bröttum austurbakka Skútuár.
2201*	4.4.1980	Þrjú flóð féllu úr giljum í norðaustanverðri Hólshyrnu og stöðvuðust skammt neðan við gilin.
2205*	10.2.1981	Tvö flóð féllu úr Hólshyrnu niður í Skútudal.
2208*	16.2.1982	Flóð féll(u) úr tveimur giljum í norðaustanverðri Hólshyrnu.
2209*	19-20.1.1983	Þrjár spýjur féllu úr giljum í norðaustanverðri Hólshyrnu.
2246	26.11.1983	Snjóflóð féll úr Gjánni og náði niður í dalbotn.
2210*	22-23.1.1984	Flóð féll syðst í Hólshyrnu niður í Skútudal og stöðvaðist í hlíðinni hinum megin við dæluskúrana. Breiddin var um 700 m neðst.
2066*	31.10-1.11.1984	Flóð hljóp sunnan við stóra gilið í austanverðri Hólshyrnu. Það var mikið að flatarmáli en grunnt.
2074*	17-18.4.1985	Um 20-30 flóð féllu í Hólshyrnu þegar ákaflega blautt krap rann af stað. Um 10 litlar spýjur féllu í vestanverðri Hólshyrnu við Hól á skíðasvæði Siglfirðinga.
2078*	4-5.4.1986	Í norðaustanverðri Hólshyrnu féllu 2-3 spýjur.
2084*	13.2.1988	Fjögur flóð féllu úr vesturhlíð Hólshyrnu og allmörg Skútudalsmegin.
2086*	3.4.1988	Snjóflóð féll í norðaustanverðri Hólshyrnu og stöðvaðist í gili Skútuár. Það var um 100 m breitt.
2097*	22.3.1990	Allstórt flóð féll úr Gjánni og tvö minni flóð féllu norðvestar. Flóðin stöðvuðust í miðri hlíð þar sem landhalli minnkar skammt ofan Skútuár.
2223*	23.3.1991	Snjóflóð féll úr Gjánni.
2971*	4-5.4.1993	Lítill snjóflóð féllu í Hólshyrnu.
2224*	30.1.1995	Allmikil snjóflóð féllu úr Gjánni í Hólshyrnu og öðrum giljum.
2964*	21.3.1995	Nokkrar spýjur féllu í austanverðri Hólshyrnu.
2959*	11.2.1996	Spýjur féllu úr Hólshyrnu bæði að vestan- og austanverðu.
2268*	18-19.4.1996	Snjóflóð féll úr Gjánni og niður í um 80 m y.s.
2126	19-20.1.1997	Allstórt flóð féll úr Gjánni og tvö minni sitt hvoru megin við í óafmörkuðum farvegum. Áætluð breidd tungunnar úr Gjánni var 70-100 m.
2949*	26.3.1997	Fimm til sex spýjur féllu í norðaustanverðri Hólshyrnu.
2137*	24.2.1998	Rakt flóð féll úr Gjánni og stöðvaðist nokkru neðan gilmunns.
2142*	30/31.11.1998	Úr Hólshyrnu féllu 9-10 lítill flóð.
2935*	26.12.1998	Fimm spýjur féllu í Hólshyrnu Skútudalsmegin.
2933	12.3.1999	Flóð féll úr Gjánni og úr öðru gili þar hjá.
2932	29.3.1999	Skútudalsmegin í Hólshyrnu féllu flóð í tveimur giljum.
2195	6.4.2001	Sunnan við Gjána í Hólshyrnu féll flóð. Það fór niður í Skútudal, yfir ána og svolítið upp í hlíðina hinum megin.

* Snjóflóðið er ekki á korti.

Snjóflóðalisti, vestanverð Hólshyrna

Númer	Dagsetning	Stutt lýsing
2258*	8.1.1837	Maður bjargaðist úr snjóflóði í Hólsskálum.
2236	22.4.1979	Vott lausasnjóflóð féll rétt norðan við skíðalyftuna í vestanverðri Hólshyrnu.
2069	28.3.1985	Tvö flóð féllu úr vestanverðri Hólshyrnu. Annað þeirra féll

2989*		norðan og ofan við skíðalyftu og undir lyftuna án þess að valda tjóni. Hitt flóðið féll sunnan við lyftuna.
2074*	17-18.4.1985	Um 20-30 flóð féllu í Hólshyrnu þegar ákaflega blautt krap rann af stað. Um 10 litlar spýjur féllu í vestanverðri Hólshyrnu við Hól á skíðasvæði Siglfirðinga.
2084*	13.2.1988	Fjögur flóð féllu úr vesturhlíð Hólshyrnu og allmörg Skútudalsmegin.
2087	14-15.4.1988	Þurr flekaflóð féll úr Vestanverðri Hólshyrnu yfir syðsta hluta skíðasvæðisins sem þá var. Flóðið reif með sér tvö efstu möstur skíðalyftu og eyðilagði hana og gereyðilagði einnig aðra minni lyftu.
2971*	4-5.4.1993	Lítill snjóflóð féllu í Hólshyrnu.
2960*	11.2.1996	Spýjur féllu úr Hólshyrnu bæði að vestan- og austanverðu.
2142*	30/31.11.1998	Úr Hólshyrnu féllu 9-10 lítill flóð.

* Snjóflóðið er ekki á korti.

6.12 Leyningsbrúnir

Vestan við Hólsdal eru Leyningsbrúnir, en hlíðin neðan þeirra er um 440 m há og nokkuð slétt. Aðeins eitt flóð er skráð í Leyningsbrúnum, en svæðið er utan við alfaraleið.

Snjóflóðalisti, Leyningsbrúnir

Númer	Dagsetning	Stutt lýsing
2957*	11.2.1996	Spýjur féllu í Leyningsbrúnum.

* Snjóflóðið er ekki á korti.

6.13 Skarðdalur

Skarðdalur er einnig nefndur Skarðsdalur í ýmsum heimildum og á korti Landmælinga Íslands. Til var bær við mynni dalsins sem hét Skarðdalur og eru áhöld um hvort dalurinn heitir sama nafni og bærinn, eða hvort hann dregur nafn sitt af Siglufjarðarskarði innst í dalnum og væri þá skrifður Skarðsdalur. Ekki skal skorið úr hvort er réttara, en hér hefur verið ákveðið að nota nafnið Skarðdalur.

Um Skarðdal liggur gamli þjóðvegurinn yfir Siglufjarðarskarð, sem er inn af dalnum. Áður en Strákagöng komu til var þetta eini vegurinn sem tengdi Siglufjörð við aðrar byggðir. Norðan til í Skarðdal rís Illvirðishnjúkur í 895 m hæð. Skráð hafa verið snjóflóð sem fallið hafa úr hlíðum hans niður í Skarðdalinn. Í Skarðdal er nú skíðasvæði Siglfirðinga en byrjað var að byggja það upp um 1989 þegar snjóflóð hafði eyðilagt lyftur á skíðasvæðinu þar sem það var áður í Vestanverðri Hólshyrnu. Nokkur flóð hafa náð að ógna skíðasvæðinu í Skarðdal án þess að slys hafi hlotist af, en árið 1995 urðu skemmdir á lyftum vegna snjóflóðs.

Snjóflóðalisti, Skarðdalur

Númer	Dagsetning	Stutt lýsing
2251*	febrúar og mars 1912	Maður fórst í snjóflóði í febrúar í Siglufjarðarskarði. Skammt þar frá er sagt að maður nokkur hafi lent í snjóflóði en bjargast. Í mars lést maður á leið yfir Siglufjarðarskarð.
2006*	24.1.1931	Úr Illvirðishnjúki norðan við Siglufjarðarskarð féll snjóflóð sem felldi um 40 símastaura og sópaði símalínunni í burtu af tveggja kílómetra svæði.
2253*	8.10.1950	Fimm manns sem voru að reka fjárhóp yfir Siglufjarðarskarð urðu fyrir snjóskriðu í Fellsbrekku. Enginn slasaðist alvarlega.
2254*	27.9.1954	Snjóflóð féll á ýtu sem var að ryðja snjó af Sneiðingnum í Siglufjarðarskarði. Ýtustjórinn slapp ómeiddur.

2255*	22.8.1964	Snjóskriða féll í Siglufjarðarskarði og varð um þriggja mannhæða djúp á veginum.
2211*	líklega 31.3.1985	Tvö meðalstór snjóflóð féllu nálægt staðnum þar sem skíðamót eru haldin.
2105*	4-5.4.1993	Spýjur féllu í Skarðdal.
2112	18.1.1995	Þrjú flóð féllu í Skarðdal. Það stærsta féll í austurhlíð Illviðrishnjúks í þröngum farvegi á lyftuhús og endastöð neðri skíðalyftunnar í Skarðdal. Flóðið tók lyftuhús og spennu af grunni. Hluti flóðsins féll niður í gil Leyningsár og féll 80 m niður eftir því.
2967*	12.3.1995	Lítið flóð féll í Klettahnjúki sunnan við Siglufjarðarskarð.
2227*	21.3.1995	Fimm smáspýjur féllu úr norðan- og austanverðum Klettahnjúki.
2231	5-6.1.1996	Þrjú snjóflóð féllu í Skarðdal þann 5. janúar og önnur þrjú þann 6. janúar í hlíðunum undir Illviðrishnjúki.
2138*	líklega 2- 3.3.1998	Flóð féll í vestanverðum Skarðdal í langri laut sunnan Rjúpnahryggs.
2941*	18.4.1998	Smáflóð féllu í Klettahnjúki í Skarðdalsbotni.
2146*	6.3.1999	Snjóflóð féll í neðri hluta Illviðrishnjúks og stöðvaðist á stað þar sem skíðaæfingar og mót fara fram. Skíðamenn skáru snjóþekjuna í sundur en sluppu við flóðið. Snjómagm var áætlað 400 m ³ .
2149*	12.3.1999	Snjóflóð féll úr Illviðrishnjúki í skíðabrekku í Skarðdal.
2921*	22.24.5.1999	Spýjur féllu í norðanverðum Súlum (Leyningssúlum).
2167*	3-5.1.2001	Spýja féll úr Illviðrishnjúki.
2172*	10-15.1.2001	Snjóflóð féll úr „Þvergili“ undir Illviðrishnjúki vestan efri skíðalyftu.
2173*	10-15.1.2001	Snjóflóð féll í norðvestanverðum Klettahnjúki. Breidd fallbrautar var um 65 m.
2180*	25.3.2001	Tvö flóð féllu í Klettahnjúki. Fyrst lítið flóð og síðan annað stærra yfir það fyrra.

* Snjóflóðið er ekki á korti.

6.14 Snókur

Fjallið Snókur er á milli mynnis Skarðdals og Hafnarfjalls. Hér er svæðið látið ná alla leið norður að Jörundarskál. Stærstu flóðin á svæðinu falla í giljunum Syðra- og Ytra-Skjaldargili, sem eru í norðanverðum Snóki. Gilin ganga niður úr Dalaskarði, sem liggur milli Hafnarfjalls og Snóks (mynd 5 og kort 1 og 2). Ytra-Skjaldargil opnast í um 150 m hæð yfir sjó út á aurkeilu sem nær niður undir gamla þjóðveginn, og er það mun stærra en Syðra-Skjaldargil. Engin íbúðarbyggð er fyrir neðan gilin sem ógn getur stafað af snjóflóðum en nokkur hestús eru rétt ofan við þjóðveginn og örfáir kofar. Lengsta flóðið sem fallið hefur á svæðinu féll líklega úr Ytra-Skjaldargili og náði niður að þjóðveginum árið 1966. Sunnan við Skjaldargil er hlíð Snóks nokkuð slétt en þó eru þar smágil sem stundum eru kölluð Snóksgil og þar eru smáflóð algeng.



Mynd 5. Ytra- og Syðra-Skjaldargil. Norðan við þau er Hafnarfjall og Snókur sunnan þeirra (Ljósmynd Þorsteinn Sæmundsson, 1995).

Snjóflóðalisti, Snókur

Númer	Dagsetning	Stutt lýsing
2016	1966	Snjóflóð féll sunnan við bæinn Steinaflatir og stöðvaðist í um 25 m hæð. Líklegast er að það hafi komið úr Ytra-Skjaldargili. Flóðið braut skúr sem stóð á túnbletti Steinaflata.
2030*	22.4.1979	Tvö eða fleiri frekar lítil flóð féllu í austanverðum Snóki. Snjórinn stöðvaðist rétt fyrir ofan réttina.
2034*	15.3.1980	Mörg smáflóð féllu í giljum og bröttum hlíðum norðan í Snóki.
2204*	5.2.1981	Litlar snjóspýjur féllu úr Snóki.
2044*	10.2.1981	Spýja féll úr Snóki. Hún var 10-15 m breið neðst.
2047*	17.3.1981	Vott lausasnjóflóð kom úr Skjaldargili, líklega ytra gilinu. Flóðið stöðvaðist í hlíðinni miðja vegu milli gilsins og fjárréttar í um 70 m hæð og tungan var 10 m breið.
2059	30-31.3.1983	Allstórt flóð féll, líklega úr Ytra-Skjaldargili, og stöðvaðist u.þ.b. 150 m neðan gilsins.
2999*	11.4.1983	Þrjú lítil flóð féllu úr Snóki.
2062*	11.4.1983	Lítið, vott lausasnjóflóð féll úr Skjaldargili, annað hvort því ytra eða syðra. Breidd tungunnar var um 5-10 m.
2071*	28.3.1985	Snjóflóð féllu úr giljum sem eru stundum nefnd Snóksgil og eru sunnan við Skjaldargilin.
2073*	17-18.4.1985	Um 25 flóð féllu í Snóki þegar ákaflega blautt krap rann af stað í bratta.
2985*	2-4.4.1986	Í Snóki féllu 4-5 spýjur.
2982*	4-5.4.1986	Í austanverðum Snóki féllu 2-3 spýjur.
2081	13.2.1988	Breitt flóð féll í Snóki niður í 75 m y.s.
2085	13.2.1988	Þurr lausasnjóflóð féll úr Syðra-Skjaldargili niður í um 60-70 m y.s.
2981	13.2.1988	Úr Ytra Skjaldargili féll þurr lausasnjóflóð niður í um 65-70 m hæð.

2082	13.2.1988	Þurrt lausasnjóflóð hljóp úr syðsta hluta Hafnarfjalls, sunnan Jörundarskálar. Breidd tungunnar var 200 m niður í um 75-100 m hæð. Mjó tunga (um 30 m) hljóp hins vegar alveg niður í um 25-30 m hæð.
2091 2976	24-25.3.1989	Líklega féllu tvö snjóflóð í Ytra-Skjaldargili, hið seinna yfir hið fyrri. Þetta voru þurr lausasnjóflóð og stöðvuðust í um 125 og 175 m hæð.
2096	8.3.1990	Tvær mjög litlar spýjur féllu í austurhlíð Snóks.
2098	25.3.1990	Þrjú flóð féllu í Snóki innan við Skjaldargilin og stöðvuðust í um 150 m y.s.
2219 2972 2973	um 31.12.1990	Þrjú flóð féllu á svæðinu milli Skjaldargils og Jörundarskálar.
2222	23.3.1991	Flóð féll í Snóki sunnan við Skjaldargil.
2118*	fyrri hluti vetrar 1995	Snjóflóð féll fyrri hluta vetrar úr Ytra-Skjaldargili. Það náði næstum niður á veg og braut tvær girðingar.
2229*	3.1.1996	Fjögur flóð féllu úr giljum í Snóki.
2961*	11.2.1996	Spýjur féllu í Snóki.
2233*	10.11.1996	Mjótt og stutt flekaflóð féll í Snóki.
2948*	26.3.1997	Tvær spýjur féllu norðarlega í Snóki.
2129*	28.3.1997	Lítill spýja féll í Snóki suðvestur upp af hesthúsunum.
2939*	30-31.11.1998	Þrjár spýjur féllu í Snóki.
2934*	26.12.1998	Í austanverðum Snóki féllu 6 spýjur.
2930*	1.4.1999	Um 10 smáspýjur féllu í Snóki.
2920*	22-24.5.1999	Spýjur féllu í Snóki.
2165* 2166*	3-5.1.2001	Spýjur féllu úr Skjaldargili (2165) og Snóksgiljum (2166) og náðu nokkuð niður fyrir gilmunna.
2177*	8-10.3.2001	Spýja féll úr Skjaldargili.
2191*	1.4.2001	Snjóflóð féll úr Ytra-Skjaldargili.

* Snjóflóðið er ekki á korti.

6.15 Strákar

Utan við þéttbýlið er fjallið Strákar. Þjóðvegurinn liggur í hlíðinni ofan við Hvanneyrarströnd og Strákagöng eru úti undir fjarðarmynni, skammt utan við þéttbýlið. Fremur algengt er að snjóflóð falli ofan við veginn að göngunum, en ekki er lögð áhersla á það svæði hér. Einungis eru skráð þau flóð sem snjóathugunarmaður hefur gert skýrslu um og þau sem fram koma í bókinni; „Siglfirskur annáll“ (Þ. Ragnar Jónasson, 1998). Frekari upplýsingar um flóð á veginn má fá hjá Vegagerðinni.

Snjóflóðalisti, Strákar

Númer	Dagsetning	Stutt lýsing
2256*	17.12.1977	Snjóflóð féll úr Miðstrandargili. Vörubifreið lenti í flóðinu og festist og rétt á eftir kom önnur skriða sem færði hana svo að segja í kaf. Bílstjóranum var bjargað.
2053*	30.31.1.1982	Kögglahrun var samfellt á breiðum svæðum sunnan til í Strákum.
2225*	30.1.1995	Mörg snjóflóð féllu úr Strákafjalli frá því um nóttina og fram á dag og lokuðu veginum út að jarðgöngunum.
2226*	12.3.1995	Fremur lítil flóð féllu úr Strákum niður á Strandarveg.
2938*	30-31.11.1998	Mjög margar spýjur féllu í Strákafjalli. Breidd flóðtungna var um 5-15 m.
2186*	26-27.3.2001	Sex spýjur féllu á Hvanneyrarströnd vestur fyrir göng.
2189*	1.4.2001	Snjóflóð féll úr Selskál. Meginhluti þess stöðvaðist uppi í skálinni þar sem það var 200 m breitt og mjög þykkt. Nokkur hluti flóðsins spýttist niður gilið og stöðvaðist á Strandarvegi.

6.16 Snjóflóð sem ekki eru skráð í ákveðna farvegi

Í töflunni hér að neðan eru annars vegar snjóflóð sem hafa fallið utan þeirra snjóflóðafarvega eða svæða sem hafa verið skilgreind í þessari greinargerð og hins vegar snjóflóð sem ekki er vitað hvar féllu.

Númer	Dagsetning	Stutt lýsing
2257*	14.12.1827	Maður fórst í snjóflóði í Herkonugili, milli Engidals og Dalabæjar.
2259*	febrúar 1848	Maður sem var á leið frá Fljótum að Úlfisdölum lenti í tveimur snjóflóðum á leiðinni. Hið fyrra hefur líklega verið í Mánárskriðum og hið seinna var í Mánárskál.
2260*	5.2.1859	Þrír menn fórust í snjóflóði á Hvanneyrarströnd en nánari staðsetning er ekki þekkt.
2011*	31.12.1938	Snjóflóð féll úr Hafnarfjalli og eyðilagði túngirðingu og eitthvað fleira. Staðsetning er ekki þekkt að öðru leyti.
2018*	4.2.1968	Tvö lítil flóð féllu í Hafnarfjalli en nákvæm staðsetning er ekki þekkt.
2033*	15.3.1980	Mörg smáflóð féllu í giljum og bröttum hlíðum í Hafnarfjalli.
2203*	11.4.1980	Spýja féll í Fjarðarbotni.
2043*	5.2.1981	Mikið kögglahrun var úr Hafnarhyrnu.
2045*	20.2.1981	Hreyfing var á snjó víða í Hafnarfjalli t.d. í Jörundarskál, Ytra-Strengsgili og Fífladölum án þess að um eiginlegar spýjur hafi verið að ræða.
2072*	17-18.4.1985	U.þ.b. átta lítil flóð féllu í Hafnarfjalli þegar blautt krap rann af stað í bratta.
2220*	líklega 21.3.1991	Allstórt flekaflóð féll í mynni Kálfsdals.
2966*	12.3.1995	Snjóflóð féll úr gili norðan Helluhryggs (utan kortis).
2123*	10-13.5.1996	Blaut snjóflóð féllu í þíðviðri í austurfjöllum Siglufjarðar.
2235*	19.1.1997	Eitt stórt flóð og nokkur smærri féllu nyrst í Nesskriðum. Stóra flóðið féll í þremur tungum niður í sjó.
2127	21-22.2.1997	A.m.k. 12 spýjur féllu frá Gimbrakletti og norður í Gróuskarðshnjúk og fleiri norður á ströndinni.
2270	28.2.1997	Fimm flóð féllu úr giljum í Dalabæjarfjalli að vestanverðu. Stærsta flóðið var um 150 m breitt og stöðvaðist niður undir Máná.
2946*	26.3.1997	Tvær spýjur féllu úr Miðstrandargili.
2134*	15.2.1998	Flekaflóð féll í Dalaskarði, norðan við Snók og suðvestan við Hafnarfjall, í allbrattri hlíð fjallsbungu. Flóðið stöðvaðist niður undir jafnsléttu u.þ.b. 30 m frá fólki sem þar var á gangi. Meðalbreidd tungunnar var 100 m.
2140*	29.4-1.5.1998	Aragrúi lítilli snjóflóða féllu í austur- og suðurfjöllum Siglufjarðar.
2145*	19.2.1999	Snjóflóð féll í Miðstrandargili á Hvanneyrarströnd og tveimur öðrum giljum norðan og sunnan við það.
2922*	22.24.5.1999	Spýjur féllu í Mósógahnjúki innst í Skútudal.
2155*	2.6.1999	Fjöldi smárra, votra snjóflóða féll er hlýnaði í veðri.
2157*	10-20.12.1999	Stórt flóð féll í Nesskriðum sem stöðvaðist í fjöru eða úti í sjó.
2171*	des-jan 2001	Snjóflóð féll í Nesnúpi, Núpaskál í austanverðum Siglufirði.
2183*	26-27.3.2001	Þrjú flóð féllu í Mósógahnjúki.
2185*	26-27.3.2001	Snjóflóð féll í Nesnúpi yfir Kambalágum.
2187*	26-27.3.2001	Snjóflóð féll úr Dagmálagili, Úlfisdölum. Það var um 75 m breitt á veginum og náði um 100 m niður fyrir veg.
2188*	26-27.3.2001	Snjóflóð féll í Mánárskriðum.

* Snjóflóðið er ekki á korti.

7. Skýringar með snjóflóðalista

Upplýsingar um hvert snjóflóð, eða snjóflóðaatburð eru settar fram sem hér segir:

Númer:	Númer flóða í snjóflóðagagnagrunni VÍ.
Dagsetning:	Tímasetning snjóflóðs, eins og hún er best þekkt.
Staðsetning:	Í hvaða farvegi eða nálægt hvaða farvegi flóðið féll.
Flóðfarvegur:	Lýsing á farvegi flóðsins, þ.e. hvar og hvernig það féll og breidd fallbrautar.
Upptök:	Lýsing á upptakastað snjóflóðs. Hæð upptaka yfir sjó, breidd og hæð brotalínu.
Tunga:	Stöðvunarstaður flóðs og breidd, þykkt og rúmmál tungunnar. Lýsing á flóðtungunni.
Tegund flóðs:	Gerð flóðs, þ.e. var það vott eða þurrt, lausaflóð eða flekaflóð, eða krapaflóð. Ef ekki eru til áreiðanlegar heimildir um tegund flóðs er það í sumum tilfellum metið út frá veðurlýsingum.
Veður:	Gróf lýsing á veðurlagi sem áhrif gæti hafa haft á snjóalög. Veðurlýsingar frá því eftir 1979 eru í flestum tilfellum teknar úr skýrslu snjóathugunarmanns. Í þeim tilfellum þar sem engin veðurlýsing var í skýrslu voru fengnar upplýsingar úr veðurgagnagrunni Veðurstofunnar frá veðurstöðvunum á Sauðanesvita og Siglunesi. Veðurlýsingar fyrir 1979 eru að mestu úr eldri annálum, en í sumum tilfellum var Veðráttan skoðuð. Nánari heimildir um veður er að finna í gögnum Veðurstofu Íslands.
Orsök:	Hvað kom snjóflóðinu af stað.
Mannskaðar og tjón:	Upplýsingar um tjón, óþægindi og mannskaða af völdum flóðsins.
Athugasemdir:	Sérstakar athugasemdir frá höfundi annáls. Ef athugasemdir koma frá öðrum en höfundi er það tekið fram.
Heimildir:	Upplýsingar um þær heimildir sem byggt er á. Nákvæmari heimildaskrá er á blaðsíðu 108.

Þetta form er fyllt út eins nákvæmlega og hægt er, en í mörgum tilfellum eru ekki öll atriðin þekkt. Þau atriði sem ekki eru þekkt er sleppt, þannig að ef t.d. ekkert er vitað um upptök snjóflóðs, er þeim lið alveg sleppt. Eins ef ekki hefur orðið mannskaði eða tjón, eða orsök er einungis tilgreind náttúruleg þá er þeim liðum sleppt.

Stundum er aðgreint hvaða upplýsingar koma frá hvaða heimild/heimildarmanni og eru þá upphafsstafir viðkomandi heimildarmanns settir á undan upplýsingunum. Í mörgum tilfellum kemur texti beint frá höfundi greinargerðar og eru þá upphafsstaðir hans á undan textanum (nema í athugasemdum). Þegar ein heimildanna er snjóflóðaskýrsla snjóathugunarmanns eru upplýsingarnar fengnar úr henni nema annað sé tekið sérstaklega fram.

Í mörgum tilfellum er tveimur eða fleiri flóðum lýst saman og er þá yfirleitt um að ræða lítil flóð sem fallið hafa sama daginn.

Í greinargerð Kristjönu Guðrúnar Eyþórsdóttur er upptakahæð og lengd flóða í mörgum tilfellum áætluð, en hér er kosið að gera það ekki séu þessar tölur ekki þekktar. Áætlanir Kristjönu koma þó fram í athugasemdum.

8. Snjóflóðalisti

Siglunesskriður 24.12.1613?

Númer:	2914 (ekki á korti)
Dagsetning:	24.12.1613
Staðsetning:	Siglunesskriður.
Athugasemdir:	<p>Ólafur Jónsson (1992) telur líklegt að mannskæðasta slysið hér á landi af völdum eins snjóflóðs hafi orðið á aðfangadag árið 1613, þegar 50 menn fórust í Siglunesskriðum, er þeir ætluðu til tíða út á Siglunes, en í þá daga þurftu Hvannahreppingar að sækja kirkju þangað. Helsta heimildin um þetta er bréf frá séra Jóni Helgasyni, presti á Siglufirði til mag. Hálfðánar Einarssonar. Annars eru aðeins óskráð munnmæli og örnefni sem vitna um þetta mikla slys (Ó.J. o.fl., 1992). Þeir Þ. Ragnar Jónasson (1998) og Sigurjón Sigtryggsson (1986) telja þessa sögu vera hreinan uppspuna. Þeir benda á að engar samtímaheimildir minnst á þetta mikla slys. Björn á Skarðsá annálaritari var þá á besta aldri og hann skráði samviskusamlega ýmsa smáviðburði og dauða manna af algengum slysum. Hann segir frá mörgum snjóflóðum víðs vegar um land, þar sem fórst einn maður eða örfáir. Ótrúlegt er því að hann hefði ekki skráð slíkt stórslys. Einnig er hægt að leiða rök að því að ekki hafi verið til í þessu byggðarlagi fimmtíu manns, sem ætlandi væri að ganga út yfir Nesskriður í ófærð og illviðri. Séra Jón Helgason skrifaði bréf sitt þegar liðið var nokkuð á aðra öld frá því að þetta stórslys átti að hafa gerst. Þá var hann orðinn fjörgamall og löngu farinn frá Hvanneyri. Hann var þar að auki alla ævi geðsjúkur og alruglaður með köflum. Víst er þó að kirkjan var flutt frá Siglunesi að Hvanneyri árið 1614, en þeir Þ Ragnar Jónasson og Sigurjón Sigtryggsson telja aðrar ástæður liggja að baki því, enda Siglufirðingar búnir að biðja um þennan flutning lengi. Sigurjón Sigtryggsson (1986, I) segir að einu ummerkin um kirkju á Siglunesi séu löngu horfin en þau hafi verið í jaðri stórrar skriðu. Þannig leiðir hann líkum að því að skriða hafi fallið úr Núpnum og eyðilagt kirkju og kirkjugarð og þá hafi verið ákveðið að byggja kirkjuna upp aftur í Hvanneyri.</p>
Heimildir:	<p>Ólafur Jónsson, 1992. Þ. Ragnar Jónasson, 1998. Sigurjón Sigtryggsson, 1986.</p>

Skútustaðir 1694

Númer:	2248 (ekki á korti)
Dagsetning:	Kannski 1694

Staðsetning:	Skútustaðir. Talið er að Skútustaðir hafi verið þar sem Efri-Skúta stóð síðar (Hannes Baldvinsson, 2001). Líklega hefur flóðið fallið úr Hestsskarðshnjúki.
Mannskaðar og tjón:	Skútustaðir, hjáleiga frá Ráeyri í Siglufirði, eyðilögðust.
Athugasemdir:	Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að Skútustaðir, hjáleiga frá Ráeyri í Siglufirði hafi eyðilagst fyrir 18 árum, þ.e. 1694 því að þetta er skráð 1712 (Þ. Ragnar Jónasson, 1998). Í bókinni Skriðuföll og snjóflóð (Ólafur Jónsson, 1992) segir að þetta sé vafalaust sama jörð og Ólafur Olavíus segir að hafi eyðst af skriðu og snjóflóði 1714-1720 en tímasetning hans sé ónákvæm. Í bók Ólafs er þessi atburður skráður í aurskriðuannálinn, en ekki virðist vera ljóst hvort um aurskriðu eða snjóflóð var að ræða. Hugsanlega var þetta krapaflóð með bæði snjó og aur.
Heimildir:	Ólafur Jónsson o.fl., 1992. Þ. Ragnar Jónasson, 1998. Hannes Baldvinsson, 2001: Munnlegar upplýsingar.

Herkonugil 14.12.1827

Númer:	2257 (ekki á korti)
Dagsetning:	14.12.1827
Staðsetning:	Herkonugil, milli Engidals og Dalabæjar.
Mannskaðar og tjón:	Ólafur Jónsson vinnumaður frá Dalabæ í Úlfsdölum fórst.
Heimildir:	Þ. Ragnar Jónasson, 1998. Ólafur Jónsson o.fl., 1992.

Hestsskarð 20.10.1833

Númer:	2249 (ekki á korti)
Dagsetning:	20.10.1833
Staðsetning:	Hestsskarð.
Mannskaðar og tjón:	Einn maður fórst.
Athugasemdir:	Í aldarminningunni segir að Sigurður Stefánsson, 26 ára vinnumaður á Vatnsenda í Héðinsfirði hafi farist í snjóflóði á Hestsskarði þann 20. október. Í Annál nítjándu aldar er talið að hann hafi orðið úti. Í prestsþjónustubók Hvanneyrar segir að hann hafi farist í hríð eða snjóflóði. Bein hans fundust í ágúst 1852.
Heimildir:	Þ. Ragnar Jónasson, 1998.

Hólsfjall 8.1.1837

Númer:	2258 (ekki á korti)
Dagsetning:	8.1.1837
Staðsetning:	Hólsskálar í Hólsfjalli.
Mannskaðar og tjón:	Höskuldur Jónsson í Grundarkoti í Héðinsfirði segist í ævisögu sinni sem Bólu-Hjálmar skráði, hafa verið á leið frá Ráeyrarkoti að Leyningi þann 8. janúar, en þá brast á glórulaust dimmviðri svo að hann villtist fram á afrétt og því

næst upp á fjallsbrún þar sem kallaðar eru Hólsskálar. Ætlaði hann að leita undan brekkunni þegar snjóflóð greip hann og flutti með sér, en hann komst um síðir úr því. Daginn eftir komst Höskuldur að Hóli við illan leik.

Heimildir: Þ. Ragnar Jónasson, 1998.

Staðarhólsströnd 23.12.1839

Númer: 2001 (kort 10)

Dagsetning: 23.12.1839

Staðsetning: Skollaskál.

Flóðfarvegur:

Tunga: Flóðið féll fyrir framan bæinn Staðarhól, fór út í sjó og olli flóðbylgju sem skall á Siglufjarðareyri.

Mannskaðar og tjón: Flóðbylgjan skemmdi 7 skip á Siglufjarðareyri og höndlunarhúsin hálfylltust.

Athugasemdir: „Fyrir framan bæinn Staðarhól“ merkir á „norðlensku“ fyrir innan eða, í þessu tilfalli, fyrir sunnan Staðarhól.

KGE: Áætluð upptakahæð 650 m y.s. og skriðlengd 1500 m.

Heimildir: Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984.

Ólafur Jónsson, 1957.

Þ. Ragnar Jónasson, 1998.

Á Dölum febrúar 1848

Númer: 2259 (ekki á korti)

Dagsetning: febrúar 1848

Staðsetning: Líklega Mánárskriður og Mánárskál.

Mannskaðar og tjón: Samkvæmt ævisögu Höskuldar Jónssonar sem Bólu-Hjálmar skráði lenti Höskuldur í tveimur snjóflóðum á leið frá Hraunum í Fljótum að Úlfsdölum. „Hið fyrra flutti mig úr fjalli ofan á sjávarbakka; í því komst ég lítið sem ekkert við til skaða, en það síðara greip mig í fjallsbrún og flutti mig yfir björg og hamra ofan í svokallaða Mánárskál“ segir Höskuldur í Sagnaþáttum Bólu-Hjálmars. Höskuldur gat um síðir skreiðst úr flóðinu og komist heim í Dali, þar sem hann segist hafa legið lengi og flestir haldið að hann myndi deyja.

Athugasemdir: Líklegt er að fyrra flóðið hafi fallið í Mánárskriðum vestan Mánárdals.

Heimildir: Þ. Ragnar Jónasson, 1998.

Hvanneyrarströnd 5.2.1859

Númer: 2260 (ekki á korti)

Dagsetning: 5.2.1859

Staðsetning: Hvanneyrarströnd.

Mannskaðar og tjón: Þrír menn fórust.

Athugasemdir: Ekki er vitað nánar hvar þetta flóð var, en Hvanneyrarströnd nær frá Siglufjarðareyri u.þ.b. út að Strákagöngum. Úr Miðstrandagili falla oft stór flóð niður á veginn út að

göngunum en menn hafa líklega ekki verið að þvælast mikið á þeim slóðum, nema helst til að vita fjár, þar sem ófært var fyrir Strákafjall.

Heimildir: Þ. Ragnar Jónasson, 1998

Hestsskarð 7.5.1891

Númer: 2250 (ekki á korti)
Dagsetning: 7.5.1891
Staðsetning: Hestsskarð.
Mannskaðar og tjón: Tveir menn lentu í snjóflóði á Hestsskarði milli Héðinsfjarðar og Siglufjarðar. Annar fórst, hinn komst lífs af. Sá sem fórst var Jón Sveinsson, bóndi á Vatnsenda í Héðinsfirði.
Heimildir: Ólafur Jónsson o.fl., 1992.
Þ. Ragnar Jónasson, 1998.

Ytra-Strengsgil 1901

Númer: 2002 (kort 3)
Dagsetning: 1901, dagsetning óviss
Staðsetning: Hafnarfjall.
Flóðfarvegur: Líklega úr Ytra-Strengsgili.
Tunga: Flóðið féll á nýjan vegstúf fyrir framan Höfn.
HG: Líklegast er að stöðvunarstaðurinn sé um 30 m y.s. (sjá athugasemdir).
Mannskaðar og tjón: Flóðið olli skemmdum á vegi.
Athugasemdir: „Fyrir framan Höfn“ merkir á „norðlensku“ fyrir innan eða, í þessu tilfelli, sunnan Höfn.
KGE: Áætluð upptakahæð 375 eða 450 m y.s., og skriðlengd 1000-1200 m. Stöðvunarstaður er áætlaður um 20 m y.s.
Sigurður Hlöðversson gerir athugasemdir við áætlaðan stöðvunarstað og segir: „Miðað við lýsingu á staðháttum þ.e. miðað við vegstúf fyrir framan Höfn er líklega að stöðvunarstaður sé 30 m y.s.“
Heimildir: Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.
Ingólfur Kristjánsson, 1968.
Sigurður Hlöðversson, ekkert ártal: Athugasemdir við greinargerð Kristjönu Guðrúnar Eypórsdóttur, 1984, *Snjóflóð í Siglufirði, skrá og farvegakort*.

Fífladalasvæði fyrir 1907

Númer: 2003 (ekki á korti)
Dagsetning: Fyrir 1907
Staðsetning: KGE: Líklega úr Syðra-Skriðulækjargili.
HG: Fífladalasvæði.
Flóðfarvegur: Flóðið féll norðan við Hafnarhæð.
Tunga: KGE: Stöðvunarstaður áætlaður 20 m y.s.
Athugasemdir: Í annál Kristjönu er talið líklegt að flóðið hafi fallið úr Syðra-Skriðulækjargili. Miðað við staðsetningu Hafnarhæðar (sjá

kort 2) verður það að teljast fremur ólíklegt. Flóðið gæti hafa fallið norðar, t.d. úr Ytra–Skriðulækjargili eða Fífladalagili. Sigurður Hlöðversson gerir athugasemdir við skráningu þessa flóðs: „Engar skriflegar heimildir eru um þetta flóð svo vitað sé. Ég tel afar hæpið að byggja á heimild sem er ekki traustari en þessi virðist“.

KGE: Áætluð upptakahæð 300 eða 475 m y.s. og skriðlengd 650 eða 1000 m.

Heimildir:

Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.

Snorri Stefánsson, 1984: Viðtal tekið af KGE.

Sigurður Hlöðversson, ekkert ártal: Athugasemdir við greinargerð Kristjónu Guðrúnar Eypórsdóttur, 1984, *Snjóflóð í Siglufirði, skrá og farvegakort*.

Siglufjarðarskarð og Hestsskarð febrúar og mars 1912

Númer: 2251 og 2252 (ekki á korti)

Dagsetning: Um miðjan febrúar 1912 og mars.

Staðsetning: Siglufjarðarskarð (2251) og Hestsskarð (2252).

Mannskaðar og tjón: Átta menn fóru yfir Siglufjarðarskarð. Einn þeirra missti frá sér skíði er skammt var til byggða og fór að elta það. Sprakk þá fram hengja með hann og fannst hann ekki fyrr en eftir tvo daga örendur. Skammt þar frá er sagt að maður nokkur, sem var með Víðimýrarpósti, hafi lent í snjóflóði, en posturinn fékk borgið honum. Á Hestsskarði lentu fjórir menn í snjóflóði en varð bjargað af tveimur félögum sínum er flóðið tók ekki.

Heimildir: Ólafur Jónsson o.fl., 1992.

Þ. Ragnar Jónasson, 1998.

Skollaskál 12.4.1919

Númer: 2004 (kort 10)

Dagsetning: 12.4.1919, kl. 04

Staðsetning: Skollaskál.

Flóðfarvegur: Flóðið féll fyrir framan Staðarhól. Það fór út í sjó og olli flóðbylgju sem skall á Siglufjarðareyri.

Tunga: Flóðið fór út í sjó. Í bókinni „Skriðuföll og snjóflóð“ (Ólafur Jónsson o.fl., 1992) er haft eftir Jóni Jóhannessyni að norðurjaðar snjóflóðsins hafi verið 15-20 föðmum sunnan við Rjómalækinn, en syðri jaðar þess hafi verið fimm föðmum sunnan við suðurgafl baðstofunnar á Neðri-Skútu. Á öllu þessu svæði hafi flóðið ekki aðeins sópað snjónum niður á beran jarðveg, heldur einnig rifið upp grjót og harðfreðin þúfnabörð. Bar það mikið grjót bæði á tún og engi.

KGE: Breidd tungu áætluð 1000 m.

HG: Samkvæmt lýsingunum hér að ofan passar að breidd tungu hafi verið tæpir 1000 m niðri við fjöruborð.

Tegund flóðs:

Líklega þurrt flekaflóð.

Veður:	Feikna snjó hafði kyngt niður í látlausum austan stórhriðum vikuna 5-12. apríl. Enn var hrið þann 12. apríl.
Mannskaðar og tjón:	Tjónið var afar mikið. Austan fjarðarins sópaði snjóflóðið burt síldarverksmiðju og og fleiri húsum henni tilheyrandi. Tvö íbúðarhús, sem búið var í, voru á verksmiðjusvæðinu og sópuðust þau bæði út í sjó. Auk þess lenti bærinn Neðri-Skúta í suðurjaðri flóðsins, og hús sem var niðri við sjóinn og kallað var „Bensabær“ sópaðist burt. Alls fórust 9 manns í þremur húsum, en 7 mönnum var bjargað. Á Siglufjarðareyri varð tjón á skipum og mannvirkjum.
Athugasemdir:	Ýtarlega frásögn af þessu flóði er að finna í viðauka II.
Heimildir:	KGE: Áætluð upptakahæð 650 m y.s. og skriðlengd 1500 m. Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984. Ólafur Jónsson, 1957. Helgi Björnsson, 1979.

Ytra-Strengsgil 12.4.1919

Númer:	2005 (kort 3)
Dagsetning:	12.4.1919, kl, 04
Staðsetning:	Líklega úr Ytra-Strengsgili frekar en Jörundarskál.
Flóðfarvegur:	
Tunga:	Flóðið féll fyrir framan túnið í Efri-Höfn og fór niður undir sjó.
	KGE: Stöðvunarstaður áætlaður 0-10 m y.s.
Tegund flóðs:	Þurr flóð.
Veður:	Feikna snjó hafði kyngt niður í látlausum austan stórhriðum vikuna 5-12. apríl. Enn var hrið þann 12. apríl.
Mannskaðar og tjón:	Flóðið tók lítinn sumarbústað sem Sören Goos átti. Hann stóð ofan og sunnan við Suðurgötu 70.
Athugasemdir:	Flóðið féll fyrir framan túnið í Efri-Höfn, sem merkir á „norðlensku“ að það hefur fallið innan eða sunnan við það.
	KGE: Áætluð upptakahæð 375 eða 450 m y.s. og skriðlengd 1100-1300 m.
	Á þessu svæði hefur verið gerð uppfylling þ.a. útlínur á meðfylgjandi korti eru ekki niður undir sjó eins og aðstæður eru núna.
Heimildir:	Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984. Jón Jóhannesson, 1943. Þorsteinn Jóhannesson, 1975 Þórir Björnsson, 1984: Viðtal tekið af KGE. Snorri Stefánsson, 1984: Viðtal tekið af KGE.

Illviðrishjúkur 24.1.1931

Númer:	2006 (ekki á korti)
Dagsetning:	24.1.1931
Staðsetning:	Illviðrishjúkur norðan við Siglufjarðarskarð.
Flóðfarvegur:	

Tunga:	Tungan gæti hafa verið allt að 2 km á breidd. Samkvæmt Örlygi Kristfinnssyni lá línan þarna meðfram fjallinu (sjá <i>mannskaðar og tjón</i>).
Veður:	Þann 21-26.1. var norðan- og norðaustanveðráttta og hríðarveður með litlum hvíldum.
Mannskaðar og tjón:	Flóðið felldi um 40 símastaura og sópaði símalínunni í burtu af tveggja km svæði.
Heimildir:	Ólafur Jónsson o.fl., 1992. Veðráttan, 1931. Örlygur Kristfinnsson, 2000: Munnlegar upplýsingar.

Flóð úr Gimbraklettum og Fífladölum 23.11.1938

Númer:	2008 (kort 3)
Dagsetning:	23.11.1938, um kl. 12
Staðsetning:	Úr Hafnarhyrnu, líklega norðan Ysta-Gimbrakletts.
Flóðfarvegur:	
Tunga:	Flóðið lenti á húsinu Seljalandi, tvílyftu steinhúsi með kjallara. Stærsti hluti flóðsins stöðvaðist við húsið. Fanndyngjan tók upp að þakbrún hússins fjallmegin. HG: Stöðvunarstaður um 30 m y.s.
Tegund flóðs:	KGE: Mjög vott snjóflóð eða krapahlaup. HG: Rakt flekahlaup (sjá athugasemdir).
Veður:	Geysimikla snjókomu gerði á Siglufirði um 20. nóvember og varaði hún í nokkra daga. Miðvikudaginn 23. nóvember var snjórinn talinn jafnfallinn í mitti á sléttu en skömmu fyrir hádegi tók að rigna.
Mannskaðar og tjón:	Flóðið braut sér leið inn um glugga á miðhæð hússins og hálf-fyllti hæðina. Barn lá í vöggu og tókst móður þess naumlega að bjarga því á síðustu stundu.
Athugasemdir:	KGE: Áætluð upptakahæð 250-300 m y.s. og skriðlengd 600 m. Líklega er þetta tunga úr sama snjóflóði og flóð nr. 2009 hér að aftan og jafnvel einnig flóð nr. 2010. Í bókinni Siglufirskur annáll (Þ. Ragnar Jónasson, 1998) er eftirfarandi lýsing á flóðunum þennan dag fengin úr Einherja: „Um hádegisbil miðvikudaginn 23. nóvember féll snjóflóð úr hlíðinni fyrir ofan bæinn. Byrjaði það með lítilli skriðu sunnan við syðsta Gimbraklettinn en brátt heyrðist gnýr í lofti og snjórinn beljaði niður alla hlíðina út undir Hvanneyrarskál. Þetta er stærsta snjóflóð sem menn vita til að fallið hafi hérna megin fjarðarins og í fyrsta skipti sem skemmdir hafa orðið af snjóflóði úr þessari átt.“ Samkvæmt þessari lýsingu var um eitt, stórt snjóflóð að ræða þennan dag. ÖK: „Þessi lýsing bendir til þess að þarna hafi verið um flekaflóð að ræða sem byrjar með lítilli skriðu sem setur af stað stærri fleka.“ Flóðið virðist hafa fallið rétt eftir að byrjaði að rigna eftir langvarandi snjókomu. Ekki er líklegt að aðstæður hafi náð að

skapast fyrir krapahlaup, eins og minnst er á í annál Kristjönu Guðrúnar Eyþórsdóttur, en flóðið gæti hafa verið rakt.
Heimildir: Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984.
Helgi Björnsson, 1979.
Ingólfur Arnarsson, 1984: Viðtal tekið af KGE.
Ólafur Jónsson, 1957.
Þorsteinn Jóhannesson, 1975.
Örlygur Kristfinnsson, 1999: Munnlegar upplýsingar.
Þ. Ragnar Jónasson, 1998.

Númer: 2009 (kort 3)
Dagsetning: 23.11.1938, um kl. 12
Staðsetning: Hafnarhryna, væntanlega milli Mið- og Ysta-Gimbrakletts.
Flóðfarvegur:
Tunga: Flóðið lenti á hæsnahúsi, sem stóð ofan við Hólaveg.
HG og KGE: Stöðvunarstaður um 15 m y.s.
Tegund flóðs: KGE: Mjög vott snjóflóð eða krapahlaup.
HG: Rakt flekaflóð (sjá athugasemdir).
Veður: Geysimikla snjókomu gerði á Siglufirði um 20. nóvember og varaði hún í nokkra daga. Miðvikudaginn 23. nóvember var snjórinn talinn jafnfallinn í mitti á sléttu en skömmu fyrir hádegi tók að rigna.
Mannskaðar og tjón: Flóðið braut hæsnahúsið en alifuglarnir björguðust.
Athugasemdir: Sjá athugasemdir við flóð 2008
KGE: Áætluð upptakahæð 250-300 m y.s. og skriðlengd 600 m.
Heimildir: Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984.
Ólafur Jónsson, 1957.
Jóhann Rögnvaldsson, 1984: Viðtal tekið af KGE.
Stefán Friðriksson, 1984: Viðtal tekið af KGE.
Örlygur Kristfinnsson, 1999: Munnlegar upplýsingar.
Þ. Ragnar Jónasson, 1998.

Númer: 2010 (kort 3)
Dagsetning: 23.11.1938, um kl. 12 eða nokkru síðar
Staðsetning: Úr sunnanverðri Fífladalabrún, jafnvel úr Fífladalagili.
Flóðfarvegur:
Upptök: ÖK: Líklega við Fífladalabrún, sem er í um 300 m hæð y.s.
Tunga: Snjódyngjur hlóðust upp að efstu húsum í Skriðuhverfi.
HG: Stöðvunarstaður um 30-35 m.y.s.
Tegund flóðs: KGE: Mjög vott snjóflóð eða krapahlaup.
HG: Rakt flekahlaup (sjá athugasemdir).
Veður: Geysimikla snjókomu gerði á Siglufirði um 20. nóvember og varaði hún í nokkra daga. Miðvikudaginn 23. nóvember var snjórinn talinn jafnfallinn í mitti á sléttu en skömmu fyrir hádegi tók að rigna.
Mannskaðar og tjón: Flóðið braut eitt íbúðarhús tók gripahús og drap fimm kindur sem í því voru. Þá eyðilagðist hæsnahús og hluti hæsnanna drapst.
Athugasemdir: Sjá athugasemdir við flóð 2008.

KGE: Áætluð upptakahæð 300 eða 475 m y.s. og skriðlengd 550-950 m.

Skv. Veðráttunni féll þetta flóð nokkru síðar en flóð nr. 2008 og 2009.

Gísli Elíasson fyrrv. verksmiðjustjóri byggði húsið Hávegur 10 sem er í Skriðuhverfi. Hann segir í viðtali við DV 1995 að flóð hafa fallið á það um 1934-1935. Snjórinn lokaði fyrir gluggana en engar teljandi skemmdir urðu. Í samtali við HG staðfesti Gísli að líklega væri um þetta flóð (2010) að ræða. Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984.

Ólafur Jónsson, 1957.

Jóhann Rögnvaldsson, 1984: Viðtal tekið af KGE.

Örlygur Kristfinnsson, 1999: Munnlegar upplýsingar.

P. Ragnar Jónasson, 1998.

DV, föstud. 24. nóv. 1995: Viðtal við Gísla Elíasson.

Gísli Elíasson, 2000: Viðtal tekið af HG.

Heimildir:

Hafnarfjall 31.12.1938

Númer: 2011 (ekki á korti).
Dagsetning: 31.12.1938
Staðsetning: Hafnarfjall, nánari staðsetning ekki þekkt.
Flóðfarvegur: Snjóflóð féll úr Hafnarfjalli.
Mannskaðar og tjón: Flóðið eyðilagði túngirðingu og eitthvað fleira.
Athugasemdir Hugsanlega er þetta sama flóð og nr 2007 og/eða 2012. Sjá athugasemdir við flóð 2007 hér að neðan.
Heimildir: Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984.
Ólafur Jónsson, 1957.

Jörundarskál og/eða Ytra-Strengsgil 1936-1938

Númer: 2007 (kort 3)
Dagsetning: 1936 -1938 líklega í febrúar
Staðsetning: Jörundarskál og/eða Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:
Upptök: Út frá breidd flóðsins er líklegt að fallið hafi bæði úr Jörundarskál og Ytra-Strengsgili.
Tunga: Heimildir um þetta flóð eru nokkuð óljósar en svo virðist sem um nokkuð stórt flóð hafi verið að ræða. Syðri mörk flóðsins eru talin vera við gömlu sundlaugina sem var staðsett talsvert fyrir neðan Suðurgötu. Að sögn Soffíu Jónsdóttur voru norðurmörk flóðsins við gilskorning, sem nú er horfinn, en lá þar sem Laugarvegur 39 stendur nú. Soffía sagði einnig að flóðið hafi farið út á ísilagðar Leirurnar, langleiðina að mynni Skútuár. Óvíst er hversu breið þessi tunga var. Skútuáin rann áður verulega til suðurs sunnan við Áróskv. Þorsteini Jóhannessyni. Þorsteinn telur að þessi lýsing Soffíu geti alveg átt við tungu, sem hefur stefnu eftir miðlínu farvegs úr Jörundarskál og að skriðlengd langt út á Leirurnar sé ekki reikningslega mjög sjaldgæfur atburður.
Mannskaðar og tjón: Talið er að Snorri Arnfinnsson hafi lent í flóðinu og slasast en heimildum ber ekki saman um það.

Athugasemdir:	<p>Gísli Elíasson fyrrum verksmiðjustjóri á Siglufirði man eftir flóði sem féll innan við byggðina á Siglufirði á fjórða áratugi 20. aldar. Á þessu svæði var engin byggð þá og aðeins einn sumarbústaður. Hann fór í flóðinu sem náði alveg fram í sjó fyrir innan eyrina þar sem nú er byggð. Gísli fór yfir þetta svæði á skíðum á nánast hverjum degi og hann man bara eftir einu stóru snjóflóði á þessum árum. Hann telur því að snjóflóð nr. 2007 og 2012 séu í raun eitt og sama flóðið, en treystir sé ekki til að segja til um ákveðið ártal. Gísli segir flóðið hafa náð að Höfn í norðri (nú Suðurgata 58), en líklega hafa mörkin verið aðeins innar þar sem Hlíðarhús er byggt árið 1898 og er innan við Höfn. Í viðtali við Þorstein Jóhannesson sagði Snorri Stefánsson í Hlíðarhúsi að norðurmörk flóða úr Strengsgili hafi alltaf verið sunnan við túnið í Hlíðarhúsi. Ekki er hægt að útiloka að flóð nr 2007 og 2012 gætu verið sama flóðið. Flóð 2012 virðist þó hafa fallið utar. Flóð 2007 átti að hafa fallið fram á ísi lagðar leirur, en flóð 2012 niður undir sjó. Samkvæmt þessum vísbendingum virðist ólíklegt að um eitt og sama flóðið sé að ræða. Það ber hins vegar að hafa í huga að á þessum tíma var engin byggð á svæðinu og því eru lýsingar á flóðtungum ekki nákvæmar. Hugsanlegt að flóð nr 2011 sé einnig sama flóðið og því séu flóð nr 2007, 2011 og 2012 eitt og sama flóðið sem fallið hefur 31.12.1938 en þá voru einmitt líklegar veðurastæður fyrir snjóflóð samkvæmt Veðráttunni. En í Veðráttunni kemur einnig fram að mikill snjór var á Norðurlandi í desember árið 1935 fram í apríl árið 1936. Í mars 1936 er sagt að snjóflóð hafi fallið sumstaðar á Vestfjörðum og Norðurlandi og ollu skemmdum á síma og öðrum mannvirkjum. Á Siglufirði sligaðist hús af snjóþyngslum þ. 10. mars. Því telst veturinn 1935-1936 vera sennilegasti tíminn fyrir snjóflóð á Siglufirði á tímabilinu 1934 til vors 1938.</p>
Heimildir:	<p>Veðráttan, 1934-1938. Soffía Jónsdóttir, 1995: Viðtal tekið af ÞS og ÞJ. Þóra Sigurgeirsdóttir, 1995: Viðtal tekið af ÞS. Gísli Elíasson, 2000: Viðtal tekið af HG. Veðráttan, 1936. Þorsteinn Jóhannesson, 2000: Athugasemdir við snjóflóðaannál fyrir Siglufjörð. Harpa Grímsdóttir, 1998.</p>

Ytra-Strengsgil 1938 eða 1939

Númer:	2012 (kort 3)
Dagsetning:	1938 eða 1939
Staðsetning:	Líklega úr Ytra-Strengsgili.
Flóðfarvegur:	Flóðið féll milli húsanna Suðurgötu 91 og Hávegar 65 og fór þar niður undir sjó.
Tunga:	KGE: Áætlaður stöðvunarstaður 0-10 m y.s. KGE: Áætluð breidd tungu um 150 m.

Mannskaðar og tjón:	Flóðið tók kofa, sem hafði staðið á sama stað og sumar-bústaður Sörens Goos (fór í snjóflóði 12.4.1919) og flutti niður undir fjöru.
Athugasemdir:	Ekki útilokað að þetta sé sama flóð og nr. 2007 og/eða 2011 (sjá athugasemdir við flóð 2007.) KGE: Áætluð upptakahæð 375 eða 450 m y.s. og skriðlengd 550-950 m.
Heimildir:	Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984. Þórir Björnsson, 1984: Viðtal tekið af KGE. Jóhannes Hjálmarsson og Kristbjörg Marteinsdóttir, 1984: Viðtal tekið af KGE. Gísli Elfásson, 2000: Viðtal tekið af HG. Veðráttan, 1938 og 1939.

Siglufjarðarskarð 8.10.1950

Númer:	2253 (ekki á korti)
Dagsetning:	8.10.1950
Staðsetning:	Siglufjarðarskarð.
Farvegur:	Fimm manns sem voru að reka fjárhóp yfir Siglufjarðarskarð urðu fyrir snjóskriðu í Fellsbrekku. Skriðan bar allan hópinn með sér um 100 metra veg.
Tunga:	Snjóflóðið mun hafa verið þunnt og ekki aflmikið.
Veður:	Snjócoma eða slydda var dagana á undan.
Mannskaðar og tjón:	Enginn slasaðist alvarlega.
Heimildir:	Ólafur Jónsson o.fl., 1992. Þ. Ragnar Jónasson, 1998. Veðráttan, 1950.

Siglufjarðarskarð 27.9.1954

Númer:	2254 (ekki á korti)
Dagsetning:	27.9.1954
Staðsetning:	Sneiðingar í Siglufjarðarskarði.
Veður:	Vindur var úr NA og A og snjócoma eða slydda.
Mannskaðar og tjón:	Snjóflóð féll á ýtu sem var að ryðja snjó af Sneiðingnum í Siglufjarðarskarði. Flóðið færði ýtuna á kaf og lokaði ýtu-stjóran inni. Honum tókst með erfiðismunum að komast út úr ýtuhúsinu og síðan undan snjófarginu sem var allmikið og slapp hann ómeiddur.
Heimildir:	Ólafur Jónsson o.fl., 1992. Þ. Ragnar Jónasson, 1998. Veðráttan, 1954.

Ytra-Strengsgil um 1960

Númer:	2013 (kort 3)
Dagsetning:	Um 1958-1960
Staðsetning:	Líklega úr Ytra-Strengsgili.
Flóðfarvegur:	

Tunga:	<p>ÞJ: Norðurmörk flóðsins voru við SV-horn Suðurgötu 70. Lítil tunga úr flóðinu gekk að horni hússins og náði lítilliga upp á vegginn, án þess að brjóta hann. Suðurmörk flóðsins voru við girðinguna norðan við Suðurgötu 80, en girðingin var 3 m norðan við húsið. Flóðið náði stutt niður fyrir Suðurgötuna, en einn köggull úr flóðinu valt niður á hjall, sem stóð þar sem Laugarvegur 38 stendur nú og braut köggullinn eina fjöl í hjallinum.</p> <p>Stöðvunarhæð aðal-flóðsins var í 25 m y.s. en köggullinn stöðvaðist í 20 m hæð.</p>
Mannskaðar og tjón:	<p>Snjóhús sem krakkar áttu í stórum skafli sunnan við Suðurgötu 70 eyðilagðist, en reft var yfir þak snjóhússins með timbri.</p>
Athugasemdir:	<p>KGE: Stöðvunarstaður áætlaður 5-30 m y.s. Áætluð upptakahæð 375 eða 450 m y.s. og skriðlengd 1000-1200 m. Í annál KGE er flóðið sagt hafa fallið u.þ.b. 1960 en Þorsteinn Jóhannesson telur ártalið 1958 vera líklegra en 1960. Í Veðráttunni virðist ekki vera minnst á snjóflóð á Siglufirði á þessum tíma. Fram kemur að snjór var mikill á Norðurlandi seinni hluta vetrar 1957-58 en ekki er getið um snjóflóð eða stórviðri. Stórhrið var norðanlands 21-22. janúar 1959 og einnig var stórhrið á Siglufirði dagana 8-10.11.1959 og þá er getið um mikinn snjó á Siglufirði. Einnig var stórhrið þann 8.12.1960 og þá er getið um snjóflóð í Hörgárdal.</p>
Heimildir:	<p>Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984. Þórir Björnsson, 1984: Viðtal tekið af KGE. Veðráttan, 1958-1960. Þorsteinn Jóhannesson, 2000: Athugasemdir við snjóflóðaannál fyrir Siglufjörð.</p>

Hvanneyrarskál og Hvanneyrarströnd 26.12.1963

Númer:	2014 (kort 3)
Dagsetning:	26.12.1963, kl. 09
Staðsetning:	<p>Neðan Hvanneyrarskálar norðan Hvanneyrarár.</p> <p>KGE: Væntanlega kom flóðið ofan úr Gróuskarðshnjúki.</p> <p>ÞJ: Flóðið kom líklega ofan úr Gróuskarðshnjúki eða í árgilinu við brún Hvanneyrarskálar.</p>
Flóðfarvegur:	<p>KGE: Flóðið féll niður norðurbakka Hvanneyrarár. Það lenti á hæsnahúsinu Hvanneyrarhlíð og steinhúsunum við Fossveg 8 og 10. Neðstu mörk Snjódyngjunnar voru við vesturvegg hússins við Hvanneyrabraut 51.</p> <p>ÓJ: Mikið snjóflóð kom úr Strákum rétt utan við Hvanneyrarskál. Fór það fyrst um 400-500 m vegalengd niður snarbratta brekku og mun hafa verið 200-300 m breitt.</p> <p>HG: Miðað við aðstæður er ólíklegt að flóðið hafi náð 200-300 m breidd.</p>
Upptök:	? (Sjá athugasemdir).
Tunga:	HG: Stöðvunarstaður 15 m y.s.

	Breidd tungu var um 100 m ofan Hvanneyrarhlíðar og 20 m við Fossveg.
Tegund flóðs:	Vott snjóflóð.
Veður:	Þann 25. desember var mikil snjókoma í logni og gerði kul um kvöldið. Um miðnætti var rúmlega 1 m snjódýpt við húsið Fossveg 8. Undir morgun tók að rigna mikið og rigndi fram eftir degi eftir að flóðið féll, svo snjór bráðnaði nær allur.
Mannskaðar og tjón:	Flóðið lenti á gömlu járnvörðu timburhúsi, Hvanneyrarhlíð, færði það af grunnu um 5-7 metra og skekkti það allt og braut. Undanfarin ár hafði síldarleitin haft húsið til afnota. Snjór braust einnig inn í tvö ný íbúðarhús úr steini við Fossveg 8 og 10 og olli tjóni á þeim og innanstokksmunum.
Athugasemdir:	Ekki er ljóst hvar upptökin voru, en samkvæmt lýsingunni hjá Ólafi Jónssyni (1992) virðast þau hafa verið töluvert hátt uppi í Gróuskarðshnjúki. Þá hefur flóðið orðið að taka töluverða beygju til þess að ná til húsanna við Fossveg 8 og 10. Þorsteinn Jóhannesson (1976) telur upptök geta hafa verið á tveimur stöðum, annars vegar í hlíðinni norðan við ána, eða í árgilinu við brún Hvanneyrarskálar, en þar getur myndast stór snjóhengja. KGE: Áætluð upptakahæð 200-300 m y.s. og skriðlengd 550 m.
Heimildir:	Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984. Ólafur Jónsson, 1971. Magdalena Hallsdóttir, 1984: Viðtal tekið af KGE. Helgi Antonsson, 1984: Viðtal tekið af KGE. Þorsteinn Jóhannesson, 1976. Ólafur Jónsson o.fl., 1992.
Númer:	2015 (kort 3)
Dagsetning:	26.12.1963, síðdegis.
Staðsetning:	Líklega úr fyrsta gili norðan við Hvanneyrarskál, á Hvanneyrarströnd.
Flóðfarvegur:	Flóðið féll milli tveggja fjárhúsa neðan kartöflugarða og fór langleiðina niður að sjó. Breidd flóðs milli fjárhúsanna var tæplega 50 m.
Tunga:	KGE: Áætlaður stöðvunarstaður 0-20 m y.s. HG: Áætlaður stöðvunarstaður 10-20 m y.s. KGE: Breidd tungu tæplega 50 m.
Tegund flóðs:	Vott snjóflóð.
Veður:	Þann 25. desember var mikil snjókoma í logni og gerði kul um kvöldið. Um miðnætti var rúmlega 1 m snjódýpt við Fossveg 8. Undir morgun tók að rigna mikið og rigndi fram eftir degi, svo snjór bráðnaði nær allur.
Athugasemdir:	KGE: Áætluð upptakahæð 300 m y.s. og skriðlengd 750 m.
Heimildir:	Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984. Ólafur Jónsson, 1971. Stefán Friðriksson, 1984: Viðtal tekið af KGE.

Siglufjarðarskarð 22.8.1964

Númer:	2255 (ekki á korti)
Dagsetning:	22.8.1964
Staðsetning:	Siglufjarðarskarð.
Flóðfarvegur:	
Tunga:	Snjóskriða féll í Siglufjarðarskarði og varð um þriggja mannhæða djúp á veginum.
Veður:	Um þetta leyti var hríðarveður til fjalla á þessum slóðum þótt rigndi í byggð.
Heimildir:	Ólafur Jónsson o.fl., 1992. Þ. Ragnar Jónasson, 1998.

Ytra-Skjaldargil 1966

Númer:	2016 (kort 10)
Dagsetning:	1966
Staðsetning:	Líklega úr Ytra-Skjaldargili.
Flóðfarvegur:	Flóðið féll sunnan við bæinn Steinaflatar.
Tunga:	KGE: Áætlaður stöðvunarstaður 25 m y.s.
Veður:	Samkvæmt Veðráttunni féll flóð í Fljótum þann 31.1.1966 og þann 22. febrúar urðu miklar skemmdir á Siglufirði í hvassviðri og ofankomu. Líklegt verður því að teljast að flóðið hafi fallið nærri þeim tíma.
Mannskaðar og tjón:	Flóðið braut skúr, sem stóð á túnbletti sunnan Steinaflata.
Heimildir:	Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984. Þorsteinn Jóhannesson, 1976. Veðráttan, 1966.

Flóð úr Ytra-Strengsgili og víðar í Hafnarfjalli 4.2.1968

Númer:	2017 (kort 3)
Dagsetning:	4.2.1968, kl. 6.30
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	Flóðið féll á steinhús á Suðurgötu 76. Þar hlóðst upp snjódyngja en hluti flóðsins fór niður á auðu svæði norðan hússins. Sá hluti stöðvaðist skammt neðan Suðurgötu.
Tunga:	KGE og HG: Stöðvunarstaður um 25 m y.s. KGE: Breidd tungunnar ofan Suðurgötu var um 40 m.
Tegund flóðs:	KGE: Vott snjóflóð, hengja féll. HG: Með hliðsjón af veðurlýsingu verður að teljast líklegra að flóðið hafi verið þurrt, a.m.k. í upptökum.
Veður:	Aðfaranótt 4. febrúar og fram á dag geisaði aftaka norðaustan veður með bleytuhríð. Dagana á undan hafði verið mikið frost en þann 4. sýndi hitamælirinn á Siglunesi 1-2°C.
Orsök:	Hengja féll af norðurbrún gilsins.
Mannskaðar og tjón:	Snjór flæddi inn í húsið og olli tjóni á því að utan sem innan. Flóðið kom vestanmegin á húsið og fór inn um glugga og fyllti stofur. Svo giftusamlega hagaði þó til að svefnherbergin voru austantil svo engan íbúa þess sakaði.

Athugasemdir:	KGE: Áætluð upptakahæð 350-400 m y.s. og skriðlengd 1000 m.
Heimildir:	Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984. Ólafur Jónsson, 1971. Þórir Björnsson, 1984: Viðtal tekið af KGE. Þ. Ragnar Jónasson, 1998.

Númer:	2018 (ekki á korti)
Dagsetning:	4.2.1968, kl. 06.30
Staðsetning:	Hafnarfjall.
Flóðfarvegur:	ÓJ: „Tvö minni snjóflóð féllu um líkt leyti á öðrum stöðum þarna í fjallinu.“ Ekki er vitað nánar hvar þau féllu.
Veður:	Aðfaranótt 4. febrúar og fram á dag geisaði aftaka norðaustan veður með bleytuhríð.
Mannskaðar og tjón:	Eyðilögðu heyskúra.
Heimildir:	Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984. Ólafur Jónsson, 1971. Ólafur Jónsson o.fl, 1992.

Ytra-Strengsgil 1969

Númer:	2019 (kort 3)
Dagsetning:	1969
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	
Tunga:	Flóðið stöðvaðist u.þ.b. 20-30 m ofan við húsin Suðurgötu 76 og 78. KGE: Stöðvunarstaður um 40 m y.s.
Veður:	Skv. Veðráttunni var mikill snjór árið 1969. Þann 5. mars var mjög slæmt veður og eins þann 7. nóvember og gætu báðir þessi dagar komið til greina.
Athugasemdir:	KGE: Áætluð upptakahæð 375 eða 450 m y.s. og skriðlengd 900-1100 m.
Heimildir:	Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984. Jónas Ragnarsson, 1976. Veðráttan, 1969.

Hólsfjall austanvert a.m.k. tvö flóð síðan 1970

Númer:	2247 (kort 14)
Dagsetning:	A.m.k. tvö flóð síðan 1970.
Staðsetning:	Hólsfjall, ofan hitaveitu Siglufjarðar í Skútudal.
Athugasemdir:	Samkvæmt Þorsteini Jóhannessyni hafa a.m.k. tvö snjóflóð fallið úr vestri að svæði hitaveitunnar síðan 1970.
Heimildir:	Þorsteinn Jóhannesson, 2000: Athugasemdir við snjóflóðaannál fyrir Siglufjörð.

Hvanneyrarbrún 29.1.1971

Númer:	2020 (ekki á korti)
Dagsetning:	29.1.1971

Staðsetning:	Af Hvanneyrarbrún norðan Hvanneyrarár.
Flóðfarvegur:	Hengja féll niður í gilið af norðurbarmi þess, en flóð fór ekki af stað.
Upptök:	Norðurbarmur árgils Hvanneyrarár.
Tegund flóðs:	Hengja hrundi undan drengjum sem léku sér.
Veður:	Þann 28. janúar var norðaustanátt og norðlægur vindur og mikið frost þann 29. janúar.
Orsök:	Tveir drengir voru valdir að hruninu.
Mannskaðar og tjón:	Tveimur drengjum var bjargað úr snjódyngjunni. Annar þeirra grófst 1,5 metra undir snjódyngjunni.
Heimildir:	Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984. Ólafur Jónsson, 1971. Ólafur Jónsson o.fl, 1992. Veðráttan, 1971.

Snjóflóðahrina á Siglufirði 14.2.1971

Númer:	2022 (kort 4)
Dagsetning:	14.2.1971, kl. 19
Staðsetning:	Sunnan Mið-Gimbrakletts.
Flóðfarvegur:	Mjó spýja fór yfir kartöflugeymslur bæjarins og stöðvaðist við Hólaveg.
Tunga:	HG: Stöðvunarstaður um 20 m y.s.
Tegund flóðs:	Þurrt.
Veður:	Næstu daga á undan voru norðlægar áttir, frost og dálítill snjókoma öðru hverju. Þann 14. febrúar kyngdi niður lausamjöll og síðan hvessti af norðri síðdegis eða um kvöldið.
Athugasemdir:	Sjá athugasemdir við flóð 2024. Í annál KGE kemur fram að flóðið hafi stöðvast við Hlíðarveg. Samkvæmt Sigurði Hlöðverssýni bæjartæknifræðingi mun það vera rangt en flóðið stöðvaðist við Hólaveg. KGE: Áætluð upptakahæð 300 eða 400 m y.s. og skriðlengd 600 eða 800 m.
Heimildir:	Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984. Ólafur Jónsson, 1971. Sigurður Hlöðversson, ekkert ártal: Athugasemdir við greinargerð Kristjönu Guðrúnar Eyþórsdóttur, 1984, <i>Snjóflóð í Siglufirði, skrá og farvegakort</i> . Þorsteinn Jóhannesson, 2000: Athugasemdir við snjóflóðaannál fyrir Siglufjörð.

Númer:	2023 (kort 4)
Dagsetning:	14.2.1971, kl. 19
Staðsetning:	KGE: Úr nyrðsta gilinu neðan Fífladalabrúnar. HG: Norðan við Fífladalagil.
Flóðfarvegur:	Flóðið féll á SV hlið húss að Hlíðarvegi 1c og stöðvaðist á næstu lóð fyrir neðan.
Upptök:	Ekki er vitað hvort upptök flóðsins voru neðan við Fífladalabrún í 300-320 m y.s. eða í hliðinni ofan við Fífladali í 400-600 m y.s.
Tunga:	HG: Stöðvunarstaður áætlaður um 25 m y.s.

Tegund flóðs:	Purrt.
Veður:	Næstu daga á undan voru norðlægar áttir, frost og dálítill snjókoma öðru hverju. Þann 14. febrúar kyngdi niður lausamjöll og síðan hvessti af norðri síðdegis eða um kvöldið.
Mannskaðar og tjón:	Snjór flæddi gegnum húsið og olli miklum skemmdum á því einkum innanstokksmunum. Tveir karlar og ein kona voru stödd inni í húsinu og lentu þau á kafi í snjódyngjunni. Körlunum tókst að losa sig og grafa upp konuna sem hlaut minniháttar meiðsli. Flóðið reif 5 m hátt tré, sem stóð fast við SV-horn hússins, upp með rótum og flutti niður á næstu lóð.
Athugasemdir:	Sjá athugasemdir við flóð 2024. KGE: Áætluð upptakahæð 300 eða 450 m y.s. og skriðlengd 600 eða 900 m.
Heimildir:	Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984. Guðbrandur Magnússon, 1984: Viðtal tekið af KGE. Ólafur Jónsson o.fl., 1992. Þorsteinn Jóhannesson, 2000: Athugasemdir við snjóflóðaánnál fyrir Siglufjörð.

Númer:	2024 (kort 4)
Dagsetning:	14.2.1971, kl. 19
Staðsetning:	Fífladalagil.
Flóðfarvegur:	Flóðtungu úr Fífladalagili skall á kirkjugarði og spennistöð.
Upptök:	Ekki er vitað hvort upptök flóðsins voru neðan við Fífladalabrún í 300-320 m y.s. eða í hlíðinni ofan við Fífladali í 400-600 m y.s.
Tunga:	Lengst rann flóðið niður veg sunnan kirkjugarðs. HG: Stöðvunarstaður áætlaður um 30 m y.s. Breidd tungu ofan við spennistöðina var um 100 m og snjó-dýpt í tungu við vesturvegg hennar var um 2 m, en spennistöðin var í u.þ.b. 40 m hæð.
Tegund flóðs:	Purrt
Veður:	Næstu daga á undan voru norðlægar áttir, frost og dálítill snjókoma öðru hverju. Þann 14. febrúar kyngdi niður lausamjöll og síðan hvessti af norðri síðdegis eða um kvöldið.
Mannskaðar og tjón:	Flóðið braut efstu legsteinaraðirnar og áhaldaskúr, sem stóð í SV-horni kirkjugarðsins. Hún flutti 2,8 tonna spenni sem stóð ofan við spennistöðina um u.þ.b. 1 fet.
Athugasemdir:	Í bók Ólafs Jónssonar o.fl. (1992) er flóð 2023 og 2024 talið vera sama flóðið. Í annál Kristjönu G. Eyþórsdóttur (1984) eru þessi tvö flóð jafnvel talin hafa sömu upptök. Telja verður líklegt að hér sé um sama flóðið að ræða. Í annál Kristjönu er flóð nr. 2025 talið vera tunga úr flóði nr. 2024, þ.e. þau hafi byrjað sem eitt flóð en síðan greinst í tvær tungur þegar hluti fór yfir syðri barm Fífladalagils. Samkvæmt Þorsteini Jóhannessyni (2000) var jaðar flóð-tungunnar samfelldur hjá flóðum nr. 2022, 2023 og 2024 og því er einungis ein útlína dregin á kortið. Þorsteinn telur jafnframt að einungis hafi verið um að ræða eitt snjóflóð (2022, 2023, 2024 og 2025). Hugsanlega hafi flóð 2022 fallið

á öðrum tíma, þar sem upptök þess voru önnur, en hann telur þó líklegra að allt svæðið hafi farið af stað á sama tíma þegar hvessti skyndilega á lausamjöllina. Í bók Ólafs Jónssonar (1992) er hins vegar haft eftir Morgunblaðinu að flóð nr. 2025 hafi fallið seinna eða aðfaranótt 15. febrúar.

Erfitt er að komast að hinu sanna, en líklegt verður að teljast að flóð 2023, 2024 og 2025 séu tungur úr flóði með sameiginleg upptök og að flóð 2022 hafi fallið á sama tíma úr Gimbraklettum.

KGE: Áætluð upptakahæð 300 eða 475 m y.s. og skriðlengd 550 eða 900 m.

Heimildir:

Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.

Helgi Antonsson, 1984: Viðtal tekið af KGE.

Jóhann Rögnvaldsson, 1984: Viðtal tekið af KGE.

Ólafur Jónsson o.fl., 1992.

Þorsteinn Jóhannesson, 2000: Athugasemdir við snjóflóðaannál fyrir Siglufjörð.

Númer:	2025 (kort 4)
Dagsetning:	14.2.1971, KGE: kl. 19, ÓJ: aðfaranótt 15. febrúar
Staðsetning:	Fífladalagil.
Flóðfarvegur:	Flóðtungu fór yfir syðri barm Fífladalagils í um 200 m hæð og rann niður á fjárhúsaþyrpingu.
Upptök:	Erfitt er að segja til um hvort upptök flóðsins hafa verið neðan við Fífladalabrún í 300-320 m y.s., eða í hlíðinni ofan við Fífladali.
Tunga:	KGE: Breidd tungu við fjárhúsin var rúmlega 100 m. Norðan fjárhúsanna var kögglahrun niður undir Hverfisgötu. ÞJ: Kögglarnir náðu niður fyrir brattann í Jónstúninu en snjómassinn stöðvaðist um veginn neðan við fjárhúsin. HG: Áætlaður stöðvunarstaður um 35 m y.s.
Tegund flóðs:	Þurrt.
Veður:	Næstu daga á undan voru norðlægar áttir, frost og dálítill snjócoma öðru hverju. Þann 14. febrúar kyngdi niður lausamjöll og síðan hvessti af norðri síðdegis eða um kvöldið.
Mannskaðar og tjón:	Flóðtungan braut þrjár efstu fjárhúsaraðirnar af fjórum. Um 75 kindur drápust.
Athugasemdir:	Sjá athugasemdir við flóð 2024. KGE: Áætluð upptakahæð 300 eða 475 m y.s. og skriðlengd 550 eða 900 m.
Heimildir:	Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984. Bryndís Jónsdóttir, 1984: Viðtal tekið af KGE. Jóhann Rögnvaldsson, 1984: Viðtal tekið af KGE. Ólafur Jónsson o.fl., 1992. Þorsteinn Jóhannesson, 2000: Athugasemdir við snjóflóðaannál fyrir Siglufjörð.

Númer:	2026 (kort 4)
Dagsetning:	14-15.2.1971, að kvöldi eða nóttu til

Staðsetning:	KGE: Líklega úr hlíðinni milli fyrstu tveggja giljanna norðan Hvanneyraskálar, upp af Hvanneyrarströnd. HG: Fyrsta gil í Gróuskarðshjúki norðan byggðarinnar („Gróuskarðsgil“) eða hlíðin norðan þess.
Flóðfarvegur: Tunga:	Flóðið féll á fjárhús og sumarbústað í u.þ.b. 35 m hæð. Hluti flóðsins fór áfram niður í fjöru. HG: Áætlaður stöðvunarstaður 0-10 m y.s. Breidd tungu við byggingarnar var um 100 m.
Tegund flóðs: Veður:	Þurrt. Næstu daga á undan voru norðlægar áttir, frost og dálítill snjócoma öðru hverju. Þann 14. febrúar kyngdi niður lausamjöll og síðan hvessti af norðri síðdegis eða um kvöldið.
Mannskaðar og tjón:	Flóðtungan braut fjárhús og drap 12 kindur og braut jafnframt sumarbústað og flutti brak úr honum niður í fjöru.
Athugasemdir: Heimildir:	KGE: Áætluð upptakahæð 200 m y.s. og skriðlengd 550 m. Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984. Stefán Friðriksson, 1984: Viðtal tekið af KGE. Ólafur Jónsson o.fl., 1992.

Jörundarskál 19.12.1973

Númer:	2027 (kort 4)
Dagsetning:	19.12.1973, kl. 21
Staðsetning:	Jörundarskál.
Flóðfarvegur:	Flóðið féll bæði niður gilið og yfir Nautaskálahóla. Sá hluti flóðsins sem féll um gilið hélt mestum hraða og rann í um 100 m breiðum farvegi niður í fjöru.
Upptök:	Skv. Þorsteini Jóhannessyni (1976) átti flóðið upptök við fjallsbrún efst í Jörundarskál og breidd brotsársins var um 100-150 m. KGE: Áætluð upptök 475 m y.s. HG: Um 540 m y.s.
Tunga:	ÞJ: Stöðvunarstaður 0 m y.s. Breidd tungu var minnst ofan Nautaskálahóla eða um 50 m, en neðan Nautskálahóla var breiddin um 200 m og neðan Suðurgötu um 100 m. Breiðust var tungan um 300 m við Suðurgötu. Áætlað rúmmál er 10.000-15.000 m ³ . (Allar tölur eru áætlaðar af Þorsteini Jóhannessyni (1976)).
Tegund flóðs: Veður:	Þurrt flekahlaup. Dagana 10-19. desember var stöðug N og NA átt og fylgdi henni talsverður eljagangur og mikið frost, -11° til -17°C. Að morgni 19. desember snjóaði mikið í hægu veðri og þegar leið á daginn hvessti og dró verulega úr frosti. Um kvöldið var frostið -2°C.
Mannskaðar og tjón:	Flóðtungan sem fór niður gilið lenti beint á barnaheimilinu Leiskálum og hæsnahús lenti í norðurkanti tungunnar. Enginn var staddur í barnaheimilinu, en um 250 hænsni af um 500 drápusst í hæsnahúsinu. Flóðið sleit einnig raflínu.
Athugasemdir:	KGE: Áætluð skriðlengd 1300 m.

Heimildir: Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.
Þorsteinn Jóhannesson, 1975.
Sigurjón Rist, 1977.
Jónas Ragnarsson, 1976.
Þorsteinn Jóhannesson, 1976.
Ólafur Jónsson o.fl., 1992.

Ytra-Strengsgil 1973

Númer: 2028 (kort 4)
Dagsetning: 1973
Staðsetning: Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur: Hengja féll neðan við varnargirðingu, sem þá var á norðurbrún gilsins og kom af stað flóði sem stöðvaðist skammt neðan gilksjafts.
Upptök: Neðan varnargirðingar, en neðsti hluti hennar var í rúmlega 400 m y.s. skv. Örlygi Kristfinnssyni.
Tunga: KGE: Áætlaður stöðvunarstaður um 125 m y.s.
Orsök: Hengja féll af norðurbrún gilsins, neðan varnargirðingar.
Athugasemdir: KGE: Áætluð upptakahæð 350-375 m y.s. og skriðlengd 500 m. Skv. Veðráttunni féllu snjóflóð víða á Vestfjörðum og á Norðurlandi í febrúar 1973. Þá féll m.a. flóð í Hörgárdal og í Upsafjalli við Dalvík. Í desember 1973 var tíð líka óhagstæð og snjóflóð féll úr Jörundarskál. Flóðið gæti því hafa fallið á öðru hvoru þessara tímabila.
Heimildir: Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.
Þorsteinn Jóhannesson, 1975.
Örlygur Kristfinnsson, 1999: Munnlegar upplýsingar.
Veðráttan, 1973.

Ytra-Strengsgil 19.12.1974

Númer: 2029 (kort 4)
Dagsetning: 19.12.1974, kl. 13
Staðsetning: Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur: Snjóflóðið féll úr Ytra-Strengsgili og lenti á húsunum nr. 76 og 78 við Suðurgötu. Neðan við varnargirðinguna, sem þá var, hefur flóðið verið komið á mikla ferð og hafði það kastast upp á norðurbarm gilsins við smá sveig sem er á gilinu. Síðan hefur flóðið borist niður gilið og breitt lítilliga úr sér þar sem gilið opnast og dregur úr halla í hlíðinni.
Upptök: Talið er að upptök hafi verið upp við fjallsbrúnina, efst í gilinu.
KGE: Áætluð upptök 465 m y.s.
HG: Áætluð upptök um 500 m y.s.
KGE: Breidd brotsárs gæti hafa verið 50 m og hæð brotsárs jafnvel 1 m.
Tunga: ÞJ (áætlaðar tölur): Neðstu mörk tungu voru um 40 m neðan við Suðurgötu. Stöðvunarstaður 20-25 m y.s. Mesta breidd tungu var 170 m í um 70 m y.s. og við Suðurgötu var breiddin 80 m. Áætlað rúmmál 20.000 m³.

Tegund flóðs:	Purrt flekaflóð.
Veður:	Fyrir 13. desember var nær enginn snjór á láglendi en neðarlega í fjöllum var hart hjarn og ofar í fjöllum var talsverður snjór og erfitt göngufæri. Dagana 13-18. desember var stöðug A og NA átt með talsverðri snjókomu og frosti. Í fjöllum virtist ekki mikill snjór, nema í giljum. Seinnipart 18. desember og aðfaranótt 19. snjóaði nokkuð í hægu veðri en undir morgun hvessti og snjókoman varð meiri. Frostið á þessum tíma var um -4 til -6°C. Þegar snjóflóðið féll var snjódýpt í Siglufirði um 40 cm.
Mannskaðar og tjón:	Flóðið olli tjóni á húsum númer 76 og 78 við Suðurgötu. Húsið Suðurgata 78 var í jaðri flóðsins og brotnuðu stórir gluggar á sunnanverðri vesturhlið hússins og fylltist húsið sunnanvert af snjó. Suðurgata 76 varð harðar úti, en þar brotnaði veggur og snjóflóðið flæddi í gegnum húsið sunnanvert. Miklar skemmdir urðu á innanstokksmunum. Einnig tók flóðið bíl sem var í akstri eftir Suðurgötu norðan við húsinn og flutti hann um 30 m niður fyrir götuna. Flóðið braut líka raflínustaur. Í flóðinu urðu ekki slys á fólki, sem verður að teljast mesta mildi.
Athugasemdir:	KGE: Áætluð skriðlengd 1150 m.
Heimildir:	Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984. Þorsteinn Jóhannesson, 1975. Sigurjón Rist, 1975. Ólafur Jónsson o.fl., 1992.

Hólshyrna, Skútudalsmegin 1972-1975

Númer:	2242 (kort 14)
Dagsetning:	1972-1975, líklega 1973
Staðsetning:	Gjáin í Hólshyrnu.
Flóðfarvegur:	
Tunga:	Flóðið féll niður yfir dalbotninn. Þetta var stórt snjóflóð. Snjódyngjan í tungunni var nokkuð uppi á bakkanum austan við veginn nærri Hestsskarðsá.
Athugasemdir:	Eitt vorið þegar vegurinn inn dalinn var mokaður kom þetta snjóflóð í ljós.
Heimildir:	Þorsteinn Jóhannesson, 2000: Athugasemdir við snjóflóðaannál fyrir Siglufjörð.

Hólshyrna, Skútudalsmegin 1972-1975

Númer:	2243 (kort 14)
Dagsetning:	1972-1975, líklega 1974
Staðsetning:	Gjáin í Hólshyrnu.
Flóðfarvegur:	Flóðið stefndi á borholu nr. 6.
Tunga:	Flóðið féll niður yfir dalbotninn. Það hafði greinilega lent á bröttum austurbakka Skútuár, og kastast þar upp í loftið. Smágrjót, jarðvegstorfur og stærri steinar voru dreifðir yfir

	vegin og austur fyrir lækinn sem rennur milli vegarins og borholanna.
Athugasemdir:	Að vori nokkru síðar (eftir flóð nr 2242) var komið að ummerkjum eftir þetta flóð. Þorsteinn Jóhannesson hefur séð samsvarandi ummerki sem náðu að læknum a.m.k. einu sinni síðar (2244), án þess að skrá dagsetningu.
Heimildir:	Þorsteinn Jóhannesson, 2000: Athugasemdir við snjóflóðaannál fyrir Siglufjörð.

Miðstrandargil 17.12.1977

Númer:	2256 (ekki á korti)
Dagsetning:	17.12.1977
Staðsetning:	Miðstrandargil, Siglufjarðarmegin við Strákagöngin.
Veður:	Dagana á undan var mjög hlýtt (allt að 12°C) og úrkomusamt.
Mannskaðar og tjón:	Vörubifreið sem átti þarna leið um lenti í flóðinu og festist og rétt á eftir kom önnur skriða sem færði hana svo að segja í kaf. Bílstjóranum var bjargað.
Heimildir:	Þ. Ragnar Jónasson, 1998.

Snjóflóð í Skútudal 26.2.1978

Númer:	2160 (kort 14)
Dagsetning:	26.2.1978, nálægt hádegi.
Staðsetning:	Dísan eða Pallahnjúkur í Skútudal.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Ekki sást til upptaka flóðsins og jaðrar þess urðu fljótt ógreinilegir
Tunga:	Snjóflóðið féll yfir svæði Hitaveitu Siglufjarðar í Skútudal og braut tvo dæluskúra. Brak úr skúrunum dreifðist yfir Skútuána, en tungan sveigði nokkuð til norðurs undan hallanum. Skv. teikningu Þ.J. var flóðið um 200 m breitt þegar það kom að Hitaveitu-svæðinu en um 100 m breitt niðri við Skútuá.
Tegund flóðs:	Þurrt flóð.
Veður:	Fyrir flóðið var búin að vera mikil snjócoma í hægu veðri en talsverðu frosti. Vindátt var A og NA, og mikið kafald. Frost -10°C.
Mannskaðar og tjón:	Flóðið braut tvo dæluskúra yfir borholum 6 og 7, en spennistöð slapp.
Athugasemdir:	Fjölmennt björgunarlið aðstoðaði bæjarbúa við að koma í notkun kynditækjum og rafhituðum ofnum. Flóðið féll á sunnudegi og að morgni fimmtudags lauk viðgerð og heita vatnið fór aftur að renna til bæjarins.
Heimildir:	Þorsteinn Jóhannesson, 2000: Athugasemdir við snjóflóðaannál fyrir Siglufjörð. Þ. Ragnar Jónasson, 1998.

Snjóflóð í Skútudal 29.3.1978

Númer:	2239 (kort 14)
Dagsetning:	29.3.1978
Staðsetning:	Dísan eða Pallahnjúkur í Skútudal.
Flóðfarvegur:	Flóðið féll á sama stað og rúmum mánuði áður (2160). Það stöðvaðist rétt ofan við Skútuána.
Tunga:	Flóðið var heldur minna en flóð nr. 2160 en fór þó yfir báðar holurnar (nr. 6 og 7).
Tegund flóðs:	Þurrt flóð.
Veður:	Næstu daga á undan hafði snjóað dálítið í austlægum áttum og var hiti um og rétt undir frostmarki. Þann 29. var austanátt og frost.
Mannskaðar og tjón:	Flóðið tók hús sem var yfir borholunum.
Heimildir:	Þorsteinn Jóhannesson, 2000: Athugasemdir við snjóflóðaannál fyrir Siglufjörð.

Vot snjóflóð í Siglufirði 22.4.1979

Númer:	2030 (ekki á korti)
Dagsetning:	22.4.1979
Staðsetning:	Austanverður Snókur.
Flóðfarvegur:	Tvö eða fleiri frekar lítil flóð.
Tunga:	Snjórinn stöðvaðist sunnan og rétt fyrir ofan réttina.
Tegund flóðs:	Vot lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Engin úrkoma, hiti 2-3°C, logn og hlýnandi veður. Dýpt nýsnævar var um 30 cm. Snjómagn var í meðallagi miðað við árstíma.
Orsök:	Mjög votur snjór hljóp ofan á hörðu lagi.
Athugasemdir:	Snjóflóðaskýrslan er unnin eftir á og er því ekki nákvæm.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1979: Skýrsla um snjóflóð. Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.

Númer:	2031 (ekki á korti)
Dagsetning:	22.4.1979
Staðsetning:	Gróuskarðshnjúkur.
Flóðfarvegur:	Flóðið féll úr hlíðinni ofan húsanna við Hólaveg nr. 65-75.
Tunga:	Féll stutt.
Tegund flóðs:	Vott lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Engin úrkoma, 2-3°C, logn og hlýnandi veður. Dýpt nýsnævar var um 30 cm. Snjómagn var í meðallagi miðað við árstíma.
Orsök:	Mjög votur snjór hljóp ofan á hörðu lagi.
Athugasemdir:	Snjóflóðaskýrslan er unnin eftir á og er því ekki nákvæm.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1979: Skýrsla um snjóflóð. Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.

Númer:	2236 (kort 10)
Dagsetning:	22.4.1979
Staðsetning:	Vestanverð Hólshyrna.
Flóðfarvegur:	Flóðið féll rétt norðan við skíðalyftuna.

Tegund flóðs: Vott lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður: Engin úrkoma, 2-3°C, logn og hlýnandi veður. Dýpt nýsnævar var um 30 cm. Snjómagn var í meðallagi miðað við árstíma.
Orsök: Mjög votur snjór hljóp ofan á hörðu lagi.
Athugasemdir: Snjóflóðaskýrslan er unnin eftir á og er því ekki nákvæm.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1979: Skýrsla um snjóflóð.
Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984.

Númer: 2237 (ekki á korti)
Dagsetning: 22.4.1979
Staðsetning: Sunnan við Nesskriður og á Staðarhólsströnd.
Flóðfarvegur: Tvö flóð féllu nyrst í Kambalám sunnan við Nesskriður og tvö á Staðarhólsströnd rétt sunnan við Selvíkurnefsvita.
Tunga: Flóðin voru um 100-200 m löng og 10-25 m breið. Þau stöðvuðust ofan við sjávarbakka þar sem bratti fjallsins minnkar.
Tegund flóðs: Vott lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður: Engin úrkoma, hiti 2-3°C, logn og hlýnandi veður. Dýpt nýsnævar var um 30 cm. Snjómagn var í meðallagi miðað við árstíma.
Orsök: Mjög votur snjór hljóp ofan á hörðu lagi.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1979: Skýrsla um snjóflóð.
Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984.

Staðarhólshnjúkur 23.5.1979

Númer: 2032 (kort 10)
Dagsetning: 23.5.1979, kl. 00-08
Staðsetning: Staðarhólshnjúkur.
Flóðfarvegur: Flóðið var breitt efst, en féll niður í gilið sunnan Staðarhóls sem virkaði eins og trekt og þar féll það í þröngum farvegi og var mjög þykkt uns það kom niður í mýrina, en þar fór það aftur að breiða úr sér.
Upptök: Upptök voru hátt í fjallinu undir fjallsbrún. Áætluð upptakahæð 650-700 m y.s. Breidd brotsárs var um 150-200 m.
Tunga: ÞJ: Áætluð hæð stöðvunarstaðar út frá ljósmynd um 10 m y.s. Flóðið stöðvaðist í mýri sunnan Staðarhóls niður undir sjó. Snjódýpt í tungu var áætluð 4 m. Breidd tungu var um 50 m neðst. Áætluð hlauplengd flóðsins var um 500 m.
Tegund flóðs: Vott flekasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður: Slydda, 0-1°C. N 1-2 vindstig og hlýnandi veður. Snjódýpt var um 70-150 cm. Mikill snjór miðað við árstíma.
Orsök: Það hafði snjóað mikið í bleytuhríð. Snjóþekjan brast á löngum kafla í brattri hlíðinni.
Athugasemdir: KGE: Stöðvunarstaður tungu úr flóðinu 30 m y.s.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1979: Skýrsla um snjóflóð.
Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984.
Þorsteinn Jóhannesson, 2000: Athugasemdir við snjóflóðaannál fyrir Siglufjörð.

Mörg smáflóð í Hafnarfjalli og Snóki 15.3.1980

Númer:	2033 (ekki á korti)
Dagsetning:	15.3.1980, kl. 09-16
Staðsetning:	Hafnarfjall, norðan við Snók.
Flóðfarvegur:	Mörg smáflóð féllu í giljum og bröttum hlíðum.
Upptök:	Upptök undir klettum.
Tunga:	Hlauplengd um 100 m, breidd 10-20 m.
Tegund flóðs:	Vot lausasnjóflóð, mest var þetta kögglahrun en lítil flóð innanum, t.d. í Jörundarskál. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Rigning í nokkrar klukkustundir og síðan slydda. Hiti 2°C og vindur NA 3 vindstig. Snjódýpt var um 23 cm og snjór lítill miðað við árstíma.
Orsök:	Blautt nýsnævi ofan á hjarni.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1980: Skýrsla um snjóflóð.

Númer:	2034 (ekki á korti)
Dagsetning:	15.3.1980, kl. 09-16
Staðsetning:	Norðan í Snóki.
Flóðfarvegur:	Mörg smáflóð féllu í giljum og bröttum hlíðum.
Upptök:	Upptök undir klettum.
Tunga:	Hlauplengd um 100 m, breidd 10-20 m.
Tegund flóðs:	Vot lausasnjóflóð, mest var þetta kögglahrun en lítil flóð innanum. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Rigning í nokkrar klukkustundir og síðan slydda. Hiti var 2°C og vindur NA 3 vindstig. Snjódýpt 23 cm. Snjór lítill miðað við árstíma.
Orsök:	Blautt nýsnævi ofan á hjarni.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1980: Skýrsla um snjóflóð.

Skollaskál 29.3.1980

Númer:	2035 (ekki á korti)
Dagsetning:	29.3.1980, árdegis.
Staðsetning:	Skollaskál.
Flóðfarvegur:	
Tunga:	Flóðið stöðvaðist neðst í sunnanverðri Skollaskál. Áætluð breidd tungu er um 30 m og áætluð skriðlengd um 100-150 m.
Tegund flóðs:	Vott flekasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Engin úrkoma, 3-4°C, logn og sólskin og veður var hlýnandi. Snjór var lítill miðað við árstíma.
Orsök:	Mikið kögglahrun úr fjöllum austan fjarðar.
Athugasemdir:	Mikið kögglahrun var úr fjöllum austan fjarðar.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1980: Skýrsla um snjóflóð.

Mörg smáflóð í Siglufirði 4.4.1980

Númer:	2036 (kort 4)
Dagsetning:	4.4.1980, um nótt

Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	Eftir endilöngu Strengsgili hljóp flóð sem stöðvaðist u.þ.b. 200-250 m ofan við „snjóflóðahúsin“ (Suðurgötu 76 og 78) sem áður hafa orðið fyrir snjóflóðum úr sama gili.
Upptök:	Undir klettum.
Tunga:	Hæð stöðvunarstaðar áætluð um 80 m y.s.. Tungan var breiðust neðst u.þ.b. 30-40 m. Lengd flóðsins var um 500-600 m.
Tegund flóðs:	Vott flekasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Rigning, u.þ.b. 3°C, logn og hlýnandi veður. Snjódýpt var um 43 cm og snjór lítill miðað við árstíma.
Orsök:	KGE: Ef til vill kögglahrun.
Athugasemdir:	KGE: Upptakastaður hefur líklega verið í 425 m y.s. og skriðlengd 800 m.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1980: Skýrsla um snjóflóð. Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.

Númer:	2037 (ekki á korti)
Dagsetning:	4.4.1980, um nótt.
Staðsetning:	Jörundarskál.
Flóðfarvegur:	Lítið flóð féll í Jörundarskál.
Upptök:	Upptök undir klettum.
Tegund flóðs:	Vott flekaflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Rigning, u.þ.b. 3°C, logn og hlýnandi veður. Snjódýpt var um 43 cm og snjór lítill miðað við árstíma.
Orsök:	KGE: Ef til vill kögglahrun.
Athugasemdir:	KGE: Líklegur upptakastaður 450 m y.s.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1980: Skýrsla um snjóflóð. Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.

Númer:	2038 (ekki á korti)
Dagsetning:	4.4.1980, um nótt.
Staðsetning:	Skollaskál.
Flóðfarvegur:	Nokkur flóð féllu ofan við Skollaskál og stöðvuðust ofan við skálarbotn.
Upptök:	Brotsár var á löngum kafla upp við fjallsbrún. Þunnt lag skreið af stað.
Tunga:	Flóðin stöðvuðust í Skollaskálinni ofan við skálarbotn.
Tegund flóðs:	Vott flekasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Rigning, u.þ.b. 3°C, logn og hlýnandi veður. Snjódýpt var um 43 cm og snjór lítill miðað við árstíma.
Orsök:	KGE: Ef til vill kögglahrun.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1980: Skýrsla um snjóflóð. Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.

Númer:	2201 (ekki á korti)
Dagsetning:	4.4.1980, um nótt.
Staðsetning:	Hólshyrna.
Flóðfarvegur:	Þrjú flóð féllu úr giljum í norðaustanverðri Hólshyrnu.

Tunga: Flóðin stöðvuðust fljótt eftir að þau komu úr giljunum út á mýrarnar sem eru þó í nokkrum halla.
Tegund flóðs: Vot flekasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður: Rigning, u.þ.b. 3°C, logn og hlýnandi veður. Snjódýpt var um 43 cm og snjór lítill miðað við árstíma.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1980: Skýrsla um snjóflóð.

Númer: 2202 (ekki á korti)
Dagsetning: 4.4.1980, um nótt.
Staðsetning: Austurhlíð Skútudals suður frá Hestsskarði.
Flóðfarvegur: Nokkur stutt flóð féllu úr Hestsskarðsskriðunni og einnig í næstu skál fyrir sunnan, ofan við hitaveituhúsin.
Tunga: Flóðin féllu stutt.
Tegund flóðs: Vott flekasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður: Rigning, u.þ.b. 3°C, logn og hlýnandi veður. Snjódýpt var um 43 cm og snjór lítill miðað við árstíma.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1980: Skýrsla um snjóflóð.

Nokkur lítil flóð í Siglufirði 11.4.1980

Númer: 2039 (ekki á korti)
Dagsetning: 11.4.1980, um eða eftir hádegi
Staðsetning: Fífladalir.
Flóðfarvegur: ÖK: Í Fífladölum ofan Fífladalabrúnar.
Upptök: Í hlíð ofan Fífladala.
Tunga: Skriðlengd 100-150 m.
Tegund flóðs: Líklega þurr lausasnjóflóð. Afar laus nýfallinn snjór, um 7 cm djúpur, lá ofan á eldra lagi.
Veður: Engin úrkoma. Frost -4°-0°C. Logn og bjartviðri. Veður var kólnandi fyrri hluta en hlýnandi seinni hluta sólahringsins. Snjór var lítill miðað við árstíma.
Orsök: Afar laus nýfallinn snjór.
Athugasemdir: Í annál Kristjönu Guðrúnar Eypórsdóttur (1984) er sagt að flóðið hafi fallið neðan Fífladalabrúnar, en í skýrslu snjóathugunarmanns (1980) er sagt að flóðið hafi fallið í Fífladölum. Skv. samtali við Örlyg Kristfinnsson (1999) féll flóðið ofan Fífladalabrúnar.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1980: Skýrsla um snjóflóð.
Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.
Örlygur Kristfinnsson, 1999: Munnlegar upplýsingar.

Númer: 2040 (ekki á korti)
Dagsetning: 11.4.1980 um eða eftir hádegi
Staðsetning: Jörundarskál.
Flóðfarvegur: Tvö lítil flóð féllu í Jörundarskál.
Tunga: Skriðlengd um 100 m.
Tegund flóðs: Líklega þurr lausasnjóflóð. Afar laus nýfallinn snjór, um 7 cm djúpur, lá ofan á eldra lagi.

Veður: Engin úrkoma. Frost -4° – 0°C , logn og bjartviðri. Veður var kólnandi fyrri hluta en hlýnandi seinni hluta sólahringsins. Snjór var lítill miðað við árstíma.

Orsök: Afar laus nýfallinn snjór.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1980: Skýrsla um snjóflóð.
Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.

Númer: 2203 (ekki á korti) og 2926 (ekki á korti)

Dagsetning: 11.4.1980

Staðsetning: Fjarðarbotn og Skútudalur.

Flóðfarvegur: Ein spýja féll í Fjarðarbotni (2203) og ofan við hitaveituskúrana fór mjög lítil spýja (2926).

Tunga: Litlar spýjur.

Tegund flóðs: Líklega þurr lausasnjóflóð. Afar laus nýfallinn snjór, um 7 cm djúpur, lá ofan á eldra lagi.

Veður: Engin úrkoma. Frost -4° – 0°C , logn og bjartviðri. Veður var kólnandi fyrri hluta en hlýnandi seinni hluta sólahringsins. Snjór var lítill miðað við árstíma.

Orsök: Afar laus nýfallinn snjór.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1980: Skýrsla um snjóflóð.
Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.

Gimbraklettur 3.2.1981

Númer: 2041 (kort 5)

Dagsetning: Líklega 3.2.1981, eftir miðnætti

Staðsetning: Milli Mið- og Ysta-Gimbrakletts.

Flóðfarvegur:

Upptök: Upptök voru undir klettunum, u.þ.b. 100 m ofan við Gimbrakletta.
HG: Áætluð upptakahæð 280-300 m y.s.
KGE: Áætluð upptakahæð 100 m y.s. (Hlýtur að vera villa)

Tunga: Flóðið stöðvaðist við bæjargirðinguna.
HG og KGE: Hæð stöðvunarstaðar um 80 m y.s.
Breidd tungu var 5-10 m og skriðlengd u.þ.b. 200 m.

Tegund flóðs: Þurrt lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.

Veður: Snjókoma, hitastig -3°C , og kólnandi veður. Snjór í meðallagi miðað við árstíma.

Orsök: Hengja féll.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1981: Skýrsla um snjóflóð.
Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.

Gimbraklettur 5.2.1981

Númer: 2042 (kort 5)

Dagsetning: 5.2.1981, kl. 14-15

Staðsetning: Hafnarhryna, Mið-Gimbraklettur.

Flóðfarvegur: Flóðið féll niður með Mið-Gimbrakletti (Syðra-Gimbrakletti).

Upptök: Upptök í hlíðinni ofan klettsins.

Tunga: Flóðið stöðvaðist rétt undir Mið-Gimbrakletti.

HG: Stöðvunarstaður áætlaður 120-140 m y.s.
Breidd tungu var um 5 m og áætluð skriðlengd 100 m.
Tegund flóðs: Vott lausasnjóflóð, snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður: Engin úrkoma. Hitastig var 3° til 4°C og vindur SV 7-8 vindstig með hvössum byljum. Veður var hlýnandi og snjór í meðallagi miðað við árstíma.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1981: Skýrsla um snjóflóð.
Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.

Númer: 2043 (ekki á korti)
Dagsetning: 5.2.1981, kl. 14-15
Staðsetning: Hafnarhryna.
Flóðfarvegur: Mikið kögglahrun var úr Hafnarhrynu.
Tunga: Aðeins kögglahrun, ekki eiginleg snjóflóð.
Veður: Engin úrkoma. Hitastig var 3° til 4°C og vindur SV 7-8 vindstig með hvössum byljum. Veður var hlýnandi og snjór í meðallagi miðað við árstíma.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1981: Skýrsla um snjóflóð.
Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.

Snókur 5.2.1981

Númer: 2204 (ekki á korti)
Dagsetning: 5.2.1981, kl. 14-15
Staðsetning: Snókur.
Flóðfarvegur: Smá snjóspýjur féllu úr Snóki.
Tunga: Smá spýjur.
Veður: Engin úrkoma. Hitastig var 3° til 4°C og vindur SV 7-8 vindstig með hvössum byljum. Veður var hlýnandi og snjór í meðallagi miðað við árstíma.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1981: Skýrsla um snjóflóð.
Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.

Snókur og Hólshyrna 10.2.1981

Númer: 2044 (ekki á korti)
Dagsetning: 10.2.1981, að næturlagi
Staðsetning: Snókur.
Flóðfarvegur: Spýja féll úr Snóki. Upptök hennar voru í klettum en hún rann að mestu neðan þeirra í hlíðinni.
Upptök: Í klettum.
Tunga: Tungan var 200 m löng og 10-15 m breið neðst.
Tegund flóðs: Þurr lausasnjóflóð, snjór hljóp ofaná eldra lagi.
Veður: Engin úrkoma, -12°C og logn. Snjór í meðallagi miðað við árstíma.
Orsök: Hengja féll.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1981: Skýrsla um snjóflóð.
Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984.

Númer: 2205 (ekki á korti)

Dagsetning:	10.2.1981, líklega fyrri hluta sólarhrings
Staðsetning:	Hólshyrna, Skútudalsmegin.
Flóðfarvegur:	Tvö flóð féllu úr Hólshyrnu niður í Skútudal.
Upptök:	Syðra flóðið átti upptök í klettum hátt í fjallinu. Hið nyrðra var styttra.
Tunga:	Syðra flóðið stöðvaðist áður en það náði að ánni, en halli lands er þarna nokkuð mikill að árgilinu. Lengd hlaupsins var nokkur hundruð metrar. Nyrðra hlaupið var sýnu styttra, efnisminna og yngra.
Tegund flóðs:	Purrt lausasnjóflóð, snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Engin úrkoma, -12°C og logn. Snjór í meðallagi miðað við árstíma.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1981: Skýrsla um snjóflóð. Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984.

Hafnarfjall 20.2.1981

Númer:	2045 (ekki á korti)
Dagsetning:	20.2.1981, eftir miðnætti
Staðsetning:	Hafnarfjall.
Flóðfarvegur:	Hreyfing var á snjó víða í Hafnarfjalli t.d. í Jörundarskál, Ytra-Strengsgili og Fífladalum án þess að um eiginlegar ýtur (spýjur) hafi verið að ræða.
Tegund flóðs:	Votur, laus snjór rann ofan á eldra lagi.
Veður:	Rigning. Hiti 2°C og S gola. Veður var hlýnandi.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1981: Skýrsla um snjóflóð. Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984.

Númer:	2046 (kort 5)
Dagsetning:	20.2.1981, eftir miðnætti
Staðsetning:	Syðra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	Flóðið stefndi á nýbyggt hús Sigurðar Hlöðverssonar, Suðurgötu 86, eða rétt sunnan við það.
Upptök:	Upptök voru hátt í gilinu.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist skammt ofan við bæjargirðingu, sem var í 60-70 m hæð (KGE, 1984). Breidd tungu neðst var 20-25 m og skriðlengd 400-500 m.
Tegund flóðs:	Vott lausasnjóflóð. Snjór rann ofan á eldra lagi.
Veður:	Rigning, hiti 2°C og sunnan gola. Veður var hlýnandi.
Orsök:	Hengja féll og rakur snjórinn í bröttum sköflum rann af stað ofan á eldra lagi.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1981: Skýrsla um snjóflóð. Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984: Mynd 3.

Ytra-Skjaldargil og Fífladalir 17.3.1981

Númer:	2047 (ekki á korti)
Dagsetning:	17.3.1981, kl. 00-04
Staðsetning:	Ytra-Skjaldargil.
Flóðfarvegur:	

Tunga: Flóðið stöðvaðist í hlíðinni miðja vegu milli gilsins og fjárréttarinnar.
KGE: Stöðvunarstaður áætlaður 70 m y.s.
Breidd tungunnar var um 10 m og skriðlengd 300-400 m.

Tegund flóðs: Vott lausasnjóflóð, snjór hljóp ofan á eldra lagi.

Veður: Rigning var og kólnandi veður. Snjór var í meðallagi miðað við árstíma.

Orsök: Mikil rigning.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1981: Skýrsla um snjóflóð.
Kristjana Guðrún Eyþórsdóttur, 1984.

Númer: 2048 (ekki á korti)

Dagsetning: 17.3.1981, kl. 00-04

Staðsetning: Fífladalir.

Flóðfarvegur: Lítil spýja féll í Fífladölum (ofan Fífladalabrunar).

Tegund flóðs: Vott lausasnjóflóð, snjór hljóp ofan á eldra lagi.

Veður: Rigning var og kólnandi veður. Snjór var í meðallagi miðað við árstíma.

Orsök: Mikil rigning.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1981: Skýrsla um snjóflóð.

Ytra-Strengsgil og Jörundarskál 23.3.1981

Númer: 2049 (ekki á korti)

Dagsetning: 23.3.1981

Staðsetning: Ytra-Strengsgil.

Flóðfarvegur:

Upptök: Hengja féll af norðurbrún gilsins.

Tunga: Flóðið stöðvaðist í mynni gilsins. Tongan var um 5-10 m breið og skriðlengdin um 200 m.
HG: Áætlaður stöðvunarstaður um 150 m y.s.

Tegund flóðs: Þurrt.

Veður: Næstu daga á undan var mikið frost og vindur úr austri og norðaustri. Þegar flóðið féll var snjókoma og skafrenningur á láglendi og til fjalla. Frost -5 til -6°C. NA 8-9 vindstig og hlýnandi veður. Snjór var mikill miðað við árstíma.

Orsök: Hengja féll niður í gilin.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1981: Skýrsla um snjóflóð.

Númer: 2050 (ekki á korti)

Dagsetning: 23.3.1981

Staðsetning: Gil neðan við Jörundarskál.

Flóðfarvegur: Lítið flóð féll í gilinunni neðan við Jörundarskál.

Tegund flóðs: Þurrt.

Veður: Næstu daga á undan var mikið frost og vindur úr austri og norðaustri. Þegar flóðið féll var snjókoma og skafrenningur á láglendi og til fjalla. Frost -5 til -6°C. NA 8-9 vindstig og hlýnandi veður. Snjór var mikill miðað við árstíma.

Orsök: Hengja féll niður í gilið.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1981: Skýrsla um snjóflóð.

Jörundarskál og Hestsskarð 11.4.1981

Númer:	2051 (ekki á korti)
Dagsetning:	11.4.1981, um miðjan dag
Staðsetning:	Jörundarskál.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Upptök voru í klettum undir fjallsbrún. HG: Áætluð hæð upptaka 450-500 m y.s.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist í brattri skriðu. Breidd tungunnar var um 10 m og skriðlengd u.þ.b. 150 m.
Tegund flóðs:	Vott lausasnjóflóð, snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Engin úrkoma, 7°C og SV 1-3 vindstig. Hlýnandi veður. Nýsnævi var u.þ.b. 5-10 cm þykkt ofan á eldra lagi. Snjómagm var í meðallagi miðað við árstíma.
Orsök:	Kögglahrun úr klettum.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1981: Skýrsla um snjóflóð.

Númer:	2206 (ekki á korti)
Dagsetning:	11.4.1981, um miðjan dag
Staðsetning:	Hestsskarð.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Upptök voru í klettum undir fjallsbrún.
Tegund flóðs:	Vott lausasnjóflóð, snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Engin úrkoma, hiti 7°C og SV 1-3 vindstig. Hlýnandi veður. Nýsnævi var u.þ.b. 5-10 cm þykkt ofan á eldra lagi. Snjómagm var í meðallagi miðað við árstíma.
Orsök:	Kögglahrun úr klettum.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1981: Skýrsla um snjóflóð.

Skollaskál 30.1.1982

Númer:	2052 (ekki á korti)
Dagsetning:	30.1.1982, árdegis
Staðsetning:	Ofan Skollaskálar suðvestan í Hestsskarðshnjúki.
Flóðfarvegur:	Mörg smáflóð eða kögglahrun.
Upptök:	Undir klettum.
Tunga:	Flóðin stöðvuðust í brattri skriðu. Breidd þeirra var um 1-10 m og skriðlengd 50-100 m.
Tegund flóðs:	Þurr lausasnjóflóð, snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma, -10°C og N 1-2 vindstig. Snjór var mikill miðað við árstíma.
Orsök:	Hrun lauss snævar úr klettum.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1982: Skýrsla um snjóflóð.

Hafnarhyrna og Strákar 30-31.1.1982

Númer:	2053 (ekki á korti) og 2917 (ekki á korti)
Dagsetning:	30-31.1.1982
Staðsetning:	Hafnarhyrna (2917), Strákar (2053).

Flóðfarvegur:	Þann 31. janúar tók snjóeftirlitsmaður eftir allmiklu snjóhruni í fjöllum vestan megin fjarðarins, sunnan til í Strákum og í Hafnarhyrnu. Kögglahrun var samfelt á breiðum svæðum, 50-150 m breiðum.
Tunga:	Skriðlengd 100-200 m.
Tegund flóðs:	Þurrt.
Veður:	Snjókoma, frost -10°C og N 1-2 vindstig. Snjór var mikill miðað við árstíma.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1982: Skýrsla um snjóflóð.

Pallahnjúkur 14-15.2.1982

Númer:	2207 (ekki á korti)
Dagsetning:	14-15.2.1982
Staðsetning:	Pallahnjúkur.
Flóðfarvegur:	Nokkrar spýjur féllu úr Pallahnjúki, suður af Hestsskarði.
Tegund flóðs:	Vot lausasnjóflóð, snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Dagana á undan var frost og norðaustlægar vindáttir ríkjandi með snjókomu. Þann 14. snjóaði mikið.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1982: Skýrsla um snjóflóð.

Norðaustanverð Hólshyrna 16.2.1982

Númer:	2208 (ekki á korti)
Dagsetning:	16.2.1982, fyrri hluta dags.
Staðsetning:	Norðaustanverð Hólshyrna.
Flóðfarvegur:	Flóð féll(u) úr tveimur giljum.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist þegar það átti nokkuð ófarið að árgilinu við Skútuá. Áætluð lengd flóðsins er um 300 m neðan gils og breiddin um 10 m.
Tegund flóðs:	Vott lausasnjóflóð, snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Úrkomulaust var og hlýnandi veður.
Athugasemdir:	Ekki er ljóst hvort um eitt eða fleiri flóð var að ræða.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1982: Skýrsla um snjóflóð.

Skollaskál 17.2.1982

Númer:	2054 (ekki á korti)
Dagsetning:	17.2.1982
Staðsetning:	Skollaskál (Hestsskarðshnjúkur)
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Ofan Skollaskálar.
Tunga:	Stöðvaðist í botni Skollaskálar. HG: Áætlaður stöðvunarstaður um 400 m y.s. Breidd flóðtungunnar var u.þ.b. 150 m.
Tegund flóðs:	Vott flekaflóð.
Veður:	Mikið þíðviðri.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1982: Skýrsla um snjóflóð.

Ytra-Strengsgil 16-18.12.1982

Númer:	2055 (ekki á korti)
Dagsetning:	16-18.12.1982
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Hengja féll af norðurbrún gilsins á allöngum kafla.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist í neðanverðu gilinu. Breidd tungu var um 5 m og skriðlengd 100-150 m.
Tegund flóðs:	Þurrt lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglandi. NA 8-10 vindstig. Snjódýpt var u.þ.b. 30 cm og snjór lítill miðað við árstíma.
Orsök:	Hengja féll.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1982: Skýrsla um snjóflóð.

Gróuskarðshnjúkur 19.1.1983

Númer:	2056 (ekki á korti)
Dagsetning:	19.1.1983, kl. 17-18
Staðsetning:	Gróuskarðshnjúkur.
Flóðfarvegur:	2-3 smáflóð féllu syðst úr Strákafjalli, norðan Hvanneyrarár.
Upptök:	Í hlíðinni.
Tunga:	Flóðin, eða eitt þeirra, hljóp á að giska 2/3 hluta leiðarinnar niður að mannvirkjum. Skv. samtali við Örlyg Kristfinnsson (1999) er hér átt við húsin við Hólaveg.
Tegund flóðs:	Líklega vott lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Rigning, hiti 2°C og S 1-2 vindstig. Veður var hlýnandi. Snjór mikill miðað við árstíma.
Orsök:	Rigning.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1983: Skýrsla um snjóflóð. Örlygur Kristfinnsson, 1999: Munnlegar upplýsingar.

Gimbraklettur og Hólshyrna 19-20.1.1983

Númer:	2057 (kort 5)
Dagsetning:	19-20.1.1983, um kvöld eða nótt
Staðsetning:	Sunnan Mið-Gimbrakletts.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	225 m y.s.
Tunga:	Flóðtungan stöðvaðist skammt neðan klettanna við veginn upp í Hvanneyrarskál, í um 100 m y.s. Breidd tungunnar var um 8-10 m og skriðlengd flóðsins u.þ.b. 200 m.
Tegund flóðs:	Líklega vott lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Rigning, 2°C og S 1-2 vindstig. Veður var hlýnandi. Snjór var mikill miðað við árstíma.
Orsök:	Rigning.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1983: Skýrsla um snjóflóð.

Númer:	2209 (ekki á korti)
Dagsetning:	19-20.1.1983

Staðsetning:	Hólshyrna.
Flóðfarvegur:	Þrjár spýjur féllu úr giljum í norðaustanverðri Hólshyrnu.
Tegund flóðs:	Líklega vot lausasnjóflóð.
Veður:	Rigning, 2°C og S 1-2 vindstig. Veður var hlýnandi. Snjór mikill miðað við árstíma.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1983: Skýrsla um snjóflóð.

Hafnarhyrna 22.1.1983

Númer:	2058 (ekki á korti)
Dagsetning:	22.1.1983, kl. 00-02
Staðsetning:	Hafnarhyrna, Gimbraklettur.
Flóðfarvegur:	Mörg smáflóð féllu í hlíðinni neðst í Hafnarhyrnu neðan Hvanneyrarskálar, suður fyrir Mið-Gimbrakletta.
Upptök:	Upptök í hlíðinni.
Tunga:	Breidd tungna var um 5-10 m. Skriðlengd 50-75 m.
Tegund flóðs:	Vot lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Rigning, hiti 4°C og vindur SSV 4-5 vindstig. Veður var hlýnandi. Snjór mikill miðað við árstíma.
Orsök:	Rigning.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1983: Skýrsla um snjóflóð.

Skútudalur 6.3.1983

Númer:	2245 (kort 15)
Dagsetning:	6.3.1983
Staðsetning:	Pallahnjúkur eða Dísan í Skútudal.
Flóðfarvegur:	Flóðið féll á svipuðum stað og flóðin 1978 en nokkru sunnar (2238 og 2239).
Tunga:	Flóðið féll niður í dalsbotn og á aðra af tveimur dælustöðvum Hitaveitu Siglufjarðar. Einungis borhola nr. 10 lenti í flóðinu, sem braut skúrinn og flutti brakið niður á bakka Skútuár. Þykkt tungunnar var mikil en um 6 m voru niður á gólf í dæluhúsi.
Tegund flóðs:	Þurr flóð.
Veður:	Mikill snjór. Dagana á undan var frost, lítil snjócoma og breytilegar vindáttir. Þann 6.3. var frost um -7°C og hægur vindur.
Mannskaðar og tjón:	Flóðið braut skúrinn á borholu nr. 10.
Heimildir:	Þ. Ragnar Jónasson, 1998. Þorsteinn Jóhannesson, 2000: Athugasemdir við snjóflóðaannál fyrir Siglufjörð.

Þrjú flóð í vestanverðum Siglufirði 30-31.3.1983

Númer:	2059 (kort 10)
Dagsetning:	30-31.3.1983
Staðsetning:	Ytra-Skjaldargil
Flóðfarvegur:	
Tunga:	Flóðið var allstórt og stöðvaðist u.þ.b. 150 m neðan gilsins.

Tegund flóðs:	HG: Stöðvunarstaður um 90 m y.s.
Veður:	Óþekkt. Snjór hljóp ofan á eldra lagi. Slydda, hiti 0°C og vindur NA 6-7 vindstig. Snjór var í meðallagi miðað við árstíma.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1983: Skýrsla um snjóflóð.

Númer:	2060 (ekki á korti)
Dagsetning:	30-31.3.1983
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	
Tunga:	Þetta var lítið flóð sem stöðvaðist neðst í gilmunnanum.
Tegund flóðs:	Óþekkt. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Slydda, hiti 0°C og vindur NA 6-7 vindstig. Snjór í meðallagi miðað við árstíma.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1983: Skýrsla um snjóflóð.

Númer:	2061 (kort 5)
Dagsetning:	30-31.3.1983
Staðsetning:	Samkvæmt snjófirtirlitsmanni féll flóð úr gili neðan Fífladala syðst. Líklegt er að átt sé við Ytra-Skriðulækjargil.
Flóðfarvegur:	
Tunga:	Mjór taumur náði heim að kyndistöð hitaveitu, sem er í um 70 m hæð.
Tegund flóðs:	Líklega þurrt.
Veður:	Næstu tvo til þrjá daga á undan var hiti rétt yfir frostmarki. Þegar flóðið féll var slydda, hiti 0°C og vindur NA 6-7 vindstig. Snjór í meðallagi miðað við árstíma.
Orsök:	Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1983: Skýrsla um snjóflóð.

Skjaldargil og Snókur 11.4.1983

Númer:	2062 (ekki á korti) og 2999 (ekki á korti)
Dagsetning:	11.4.1983, um miðjan dag
Staðsetning:	Skjaldargil (2062) og Snókur (2999).
Flóðfarvegur:	Lítið flóð féll úr Ytra-Skjaldargili og þrjú lítil flóð féllu úr Snóki.
Upptök:	Undir klettum.
Tunga:	Breidd 5-10 m og skriðlengd 100-150 m.
Tegund flóðs:	Vot lausasnjófljóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Úrkomulaust, logn, hlýnandi veður og sólbráð. Snjór var mikill miðað við árstíma.
Orsök:	Sólbráð.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1983: Skýrsla um snjóflóð.

Skútudalur 26.11.1983

Númer:	2240 (kort 15) og 2246 (kort 15)
Dagsetning:	26.11.1983, kl. 19:05
Staðsetning:	Hestsskarðshnjúkur (2240) og Gjáin í Hólshyrnu (2246).

Flóðfarvegur:	
Upptök:	Flóð 2240 virtist hafa byrjað á hrygg sem skagar fram milli Hestsskarðsdals og Skollaskálar. (Þar er Hestsskarðshnjúkur.)
Tunga:	Flóð 2240: Áætlað rúmmál: 100.000 m ³ . Skriðlengd 2200 m. Breidd farvegur neðan 300 m y.s. var u.þ.b. 300 m. Flóðið stöðvaðist eftir að hafa farið um 150 m upp á móti 30°halla í Hólshyrnu. Það fór yfir tungu úr flóði úr Hólshyrnu.
Tegund flóðs:	Þurr flóð. Flóð 2240 virðist víða hafa náð niður á auða jörð.
Veður:	Dagana 25-26. nóvember var nokkuð hvöss austan- og norðaustanátt með 3-6°C frosti. Snjókoma var ekki mikil, en öðru hverju gerði dimm el með talsverðu renningskófi.
Mannskaðar og tjón:	Flóðið úr Hestsskarðshnjúki (2240) færði til og braut rúmlega 100 m kafla af hitaveitulögninni og sleit háspennukapal sem liggur með rörunum.
Athugasemdir:	Skömmu áður en snjóflóðið féll úr hnjúknum hefur snjóflóð komið úr Gjánni í Hólshyrnu (2246). Snjóflóðið úr austri hefur í dalbotninum farið yfir snjóinn úr flóðinu úr Hólshyrnu, en nærri lætur að þessi tvö flóð hafi gagnstæða stefnu.
Heimildir:	Þ. Ragnar Jónasson, 1998. Þorsteinn Jóhannesson, 1983: Bréf til Sigurjóns Rist.

Ytra-Strengsgil 14-16.12.1983

Númer:	2063 (kort 5)
Dagsetning:	14-16.12.1983
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Hengja féll af norðurbrún gilsins.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist við bæjargirðinguna. HG: Stöðvunarstaður um 80 m y.s. (Samkvæmt korti KGE var bæjargirðingin í þeirri hæð.) Breidd tungunnar var u.þ.b. 20 m og lengd flóðsins um 300 m.
Tegund flóðs:	Þurr lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla.
Orsök:	Hengja féll.
t. Athugasemdir:	KGE: Áætluð skriðlengd 600 m.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1983: Skýrsla um snjóflóð. Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984: Mynd 3.

Jörundarskál og Syðra-Strengsgil 8.1.1984

Númer:	2064 (kort 5)
Dagsetning:	8.1.1984, kl. 16.30
Staðsetning:	Jörundarskál norður í Syðra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	Flóð virtust hafa fallið samtímis úr allri Jörundarskál og Syðra-Strengsgili.
Upptök:	Upptök voru við fjallsbrún undir klettunum. KGE: Áætluð upptakahæð 425-500 m y.s. HG: Áætluð upptakahæð 460-520 m y.s.

Tunga:	Skv. teikningu á skýrslu virðist flóðið hafa farið af stað á um 600 m breiðu svæði í bæði Jörundarskál og Syðra-Strengsgili. Flóðið rann niður að veginum við Leikskála, en ytri hlutinn (sem kom úr Syðra-Strengsgili) stöðvaðist um 100 m ofan við Suðurgötu 86. Skriðlengd var um 1000 m og breidd tungu u.þ.b. 800 m.
Tegund flóðs:	Þurrt flekaflóð. KGE: Snjór hljóp ofan á eldra lagi í skálinni og gilinu, en fór yfir auðan mel á Nautaskálahólum. Hlaupið bar grjót og jarðveg niður á láglandi.
Veður:	Engin úrkoma, en skafrenningur til fjalla. Hitinn var 3°C og vindur SV 7-8 vindstig. Veður var hlýnandi. Snjór mikill miðað við árstíma.
Mannskaðar og tjón:	Lítið en girðing ofan kaupstaðarins hlýtur að hafa skemmst.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1984: Skýrsla um snjóflóð og teikning. Kristjana Guðrún Eyþórsdóttir, 1984.

Staðarhólshnjúkur og Hólshyrna 22-23.1.1984

Númer:	2065 (ekki á korti)
Dagsetning:	22-23.1.1984, um kvöld eða nótt.
Staðsetning:	Gil sunnan við Staðarhól í Staðarhólshnjúki.
Flóðfarvegur:	
Tunga:	Flóðið rann niður gil sunnan Staðarhóls og stöðvaðist neðan gilsins. Breidd tungunnar var um 10-15 m neðst. Skriðlengd 200-300 m.
Tegund flóðs:	Þurrt flekaflóð, en líklega vott að hluta. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Frost var -1° til -2°C og vindur SV 9-10 vindstig. Hlýnandi veður og snjór í meðallagi miðað við árstíma.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1984: Skýrsla um snjóflóð.

Númer:	2210 (ekki á korti)
Dagsetning:	22-23.1.1984, um kvöld eða nótt.
Staðsetning:	Hólshyrna
Flóðfarvegur:	Flóð féll syðst í Hólshyrnu niður í Skútudal.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist í hlíðinni hinum megin við dæluskúrana. Breiddin var um 700 m neðst.
Tegund flóðs:	Þurrt flekaflóð, en líklega vott að hluta. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hitinn var -1° til -2°C og vindur SV 9-10 vindstig. Hlýnandi veður og snjór í meðallagi miðað við árstíma.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1984: Skýrsla um snjóflóð.

Austanverð Hólshyrna 31.10-1.11.1984

Númer:	2066 (ekki á korti)
Dagsetning:	31.10-1.11.1984

Staðsetning:	Austanverð Hólshyrna.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Flóð hljóp sunnan við stóra gilið í fjallinu um mánaðarmótin okt./nóv.
Tunga:	Flóðið var mikið að flatarmáli en grunnt.
Veður:	Dagana á undan var mikil úrkoma í norðan og norðaustanáttum. Hitastig á Siglunesi var rétt yfir frostmarki þ.a. líklega hefur snjóað til fjalla. Þann 31. var NA 10 m/s, hiti rétt yfir frostmarki og smávegis úrkoma.
Athugasemdir:	Með „stóra gilinu í fjallinu“ er líklega átt við gilið sem heitir „Gjain“ og er Skútudalsmegin í Hólshyrnu.
Heimildir:	Kristján Ágústsson, 1987.

Nokkrar spýjur úr Hafnarfjalli 17.12.1984

Númer:	2067 (ekki á korti), 2998 (ekki á korti), 2997 (ekki á korti) og 2996 (ekki á korti)
Dagsetning:	17.12.1984, um hádegi
Staðsetning:	Hafnarfjall.
Flóðfarvegur:	Nokkrar smáspýjur féllu úr Hafnarfjalli, m.a. við Jörundarskál (2067), í Ytra-Strengsgili (2998), Syðra-Strengsgili (2997) og ofan Fífladala (2996).
Upptök:	Upptök voru í hlíðinni og í gilinu í Ytra-Strengsgili.
Tunga:	Flóðin voru 10-40 m löng og 2-5 m breið.
Tegund flóðs:	Þurr lausasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi og ofan á jörð.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur var á láglandi og til fjalla. Lofthiti var -2° til -4°C og vindur SV 4-6 vindstig. Snjór var lítill miðað við árstíma.
Orsök:	Hengjur féllu.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1985: Skýrsla um snjóflóð.

Lítill flóð úr Hafnarfjalli og víðar í firðinum 27.1.1985

Númer:	2068 (ekki á korti), 2995 (ekki á korti), 2994 (ekki á korti), 2993 (ekki á korti), 2992 (ekki á korti), 2991 (ekki á korti) og 2990 (ekki á korti)
Dagsetning:	27.1.1985
Staðsetning:	Hafnarfjall og víðar í firðinum.
Flóðfarvegur:	Smáspýjur féllu úr Jörundarskálargili (2068), Syðra-Strengsgili (2995) og Ytra-Strengsgili (2994). Einnig féllu spýjur víðar í firðinum s.s. úr Staðarhólshnjúki (2993), Hestsskarðshnjúki (2992), Pallahnjúki (2991) og Dísunni (2990).
Tegund flóðs:	Þurr lausasnjóflóð, en flekahlaup í fjöllunum austan fjarðar. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hiti var -5° til -10°C og vindur NA 2-6 vindstig. Snjódýpt var 65 cm. Veður var kólnandi og snjór í meðallagi miðað við árstíma.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1985: Skýrsla um snjóflóð.

Hólshyrna, Snókur og Ytra-Strengsgil 28.3.1985

Númer:	2069 (kort 10) og 2989 (ekki á korti)
Dagsetning:	Líklega 28.3.1985
Staðsetning:	Vestanverð Hólshyrna.
Flóðfarvegur:	Tvö flóð féllu úr Hólshyrnu á skíðaslóðum. Annað þeirra féll norðan og ofan við skíðalyftu og undir lyftuna án þess að valda tjóni (2069). Hitt flóðið féll sunnan við lyftuna við mel nokkurn þar sem snjóflóð féll fyrir tveimur árum og eyðilagði skíðatogbraut (2989).
Upptök:	Í hlíðinni.
Tunga:	Flóðin voru um 100 m löng og stöðvuðust í hlíðinni þar sem dregur úr halla.
Tegund flóðs:	Þurrt lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur var á láglandi og til fjalla. Hiti var -9° til -10°C og vindur NA 6-8 vindstig. Veður var kólnandi. Snjór var lítill miðað við árstíma.
Orsök:	Líklega féll hengja.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1985: Skýrsla um snjóflóð.

Númer:	2070 (ekki á korti)
Dagsetning:	28.3.1985
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Í gilinu.
Tunga:	Flóðið var um 500 m langt og stöðvaðist í hlíðinni þar sem dregur úr halla.
Tegund flóðs:	Þurrt lausasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Lofthiti var -9° til -10°C og vindur NA 6-8 vindstig. Veður var kólnandi. Snjór lítill miðað við árstíma.
Orsök:	Líklegt þykir að hengjur hafi fallið og komið flóðunum af stað.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1985: Skýrsla um snjóflóð.

Númer:	2071 (ekki á korti)
Dagsetning:	28.3.1985
Staðsetning:	Snókur sunnan við Skjaldargilin.
Flóðfarvegur:	Flóðið féll úr giljum sem eru stundum kölluð Snóksgil (skv. Örlygi Kristfinnssyni).
Tunga:	Flóðið var um 200 m langt og stöðvaðist í hlíðinni þar sem dregur úr halla.
Tegund flóðs:	Þurrt lausasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hiti var -9° til -10°C og vindur NA 6-8 vindstig. Veður var kólnandi. Snjór lítill miðað við árstíma.
Orsök:	Líklegt þykir að hengjur hafi fallið og komið flóðinu af stað.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1985: Skýrsla um snjóflóð. Örlygur Kristfinnsson, 1999: Munnlegar upplýsingar.

Illviðrishnjúkur 31.3.1985

Númer:	2211 (ekki á korti)
Dagsetning:	Líklega 31.3.1985
Staðsetning:	Suðausturhlíð Illviðrishnjúks.
Flóðfarvegur:	Tvö meðalstór snjóflóð féllu nálægt staðnum þar sem skíðamót eru haldin.
Tunga:	Áætluð lengd flóðanna var 100-200 m og breiddin u.þ.b. 10 m.
Tegund flóðs:	Þurr lausasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjócoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hiti var -5° til -8°C og vindur NA 6-8 vindstig. Veður var hlýnandi. Snjór lítill miðað við árstíma.
Orsök:	Líklegt þykir að hengjur hafi fallið og komið flóðunum af stað.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1985: Skýrsla um snjóflóð.

Mörg vot smáflóð um allan Siglufjörð 17-18.4.1985

Númer:	2072 (ekki á korti), 2988 (kort 5) og 2915 (kort 10)
Dagsetning:	17-18.4.1985
Staðsetning:	Hafnarfjall.
Flóðfarvegur:	U.þ.b. átta lítil flóð féllu í Hafnarfjalli þegar ákaflega blautt krap rann af stað í bratta, fyrst sem mjóir taumar, en þeir breikkuðu og uxu eftir því sem neðar dró.
Upptök:	Undir klettum.
Tunga:	Lengsta flóðið féll sunnan við Syðra-Gimbraklett (Mið-Gimbraklett) (2988). Það féll yfir vegarslóða og stöðvaðist ofan við bæjargirðinguna. Lengd flóðsins var um 500 m. Einnig féll flóð ofan Fífladala (2915) sem sett er fram á korti. Skv. korti ÖK var flóðið við Gimbrakletta um 30 m breitt og flóðið í Fífladölum um 70 m breitt.
Tegund flóðs:	Vot lausasnjóflóð.
Veður:	Slydda, síðar sólbráð og úrkomulaust. Veður var kólnandi. Lítil snjór miðað við árstíma.
Orsök:	Slydda og sólbráð.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1985: Skýrsla um snjóflóð og teikning. Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984: Mynd 3.

Númer:	2073 (ekki á korti)
Dagsetning:	17-18.4.1985
Staðsetning:	Snókur.
Flóðfarvegur:	Um 25 flóð féllu í Snóki þegar ákaflega blautt krap rann af stað í bratta, fyrst sem mjór taumur, en breikkaði og óx eftir því sem neðar dró.
Upptök:	Undir klettum
Tegund flóðs:	Vot lausasnjóflóð.
Veður:	Slydda, síðar sólbráð og úrkomulaust. Veður var kólnandi. Lítil snjór miðað við árstíma.

Orsök: Slydda og sólbráð.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1985: Skýrsla um snjóflóð.

Númer: 2074 (ekki á korti)
Dagsetning: 17-18.4.1985
Staðsetning: Hólshyrna.
Flóðfarvegur: Um 20-30 flóð féllu í Hólshyrnu þegar ákaflega blautt krap rann af stað í bratta, fyrst sem mjór taumur, en breikkaði og óx eftir því sem neðar dró.
Upptök: Undir klettum.
Tegund flóðs: Vot lausasnjóflóð.
Veður: Slydda, síðar sólbráð og úrkomulaust. Veður var kólnandi. Lítill snjór miðað við árstíma.
Orsök: Slydda og sólbráð.
Athugasemdir: Um 10 litlar spýjur féllu í vestanverðri Hólshyrnu við Hól á skíðasvæði Siglfirðinga, svo að hætta hefði getað stafað af ef skíðafólk hefði verið á svæðinu.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1985: Skýrsla um snjóflóð.

Númer: 2075 (ekki á korti) og 2987 (ekki á korti)
Dagsetning: 17-18.4.1985
Staðsetning: Skollaskál.
Flóðfarvegur: U.þ.b. tíu flóð féllu í Skollaskál þegar krap fór af stað sem mjór taumur en óx og breikkaði þegar neðar dró.
Upptök: Undir klettum. Stærsta flóðið var flekahlaup sem féll úr Hestsskarðshnjúki ofan í Skollaskál og var breidd brotsárs í upptökum u.þ.b. 200 m (2987).
Tegund flóðs: Vot lausasnjóflóð, nema stærsta flóðið sem var vott flekaflóð.
Veður: Slydda, síðar sólbráð og úrkomulaust. Veður var kólnandi. Lítill snjór miðað við árstíma.
Orsök: Slydda og sólbráð.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1985: Skýrsla um snjóflóð.

Staðarhólshnjúkur 24-26.12.1985

Númer: 2076 (ekki á korti)
Dagsetning: 24-26.12.1985
Staðsetning: Gil í norðanverðum Staðarhólshnjúki.
Flóðfarvegur:
Upptök: Í miðju gilinu.
Tunga: Flóðið stöðvaðist á hallandi undirlendi milli fjalls og strandar. Skriðlengd var um 300-400 m og breidd tungunnar 20 m.
Tegund flóðs: Þurr lausasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður: Snjócoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hitastig var -6° til -8°C og vindur NA 6-9 vindstig. Snjómagm var í meðallagi miðað við árstíma.
Orsök: Hengja féll.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1985: Skýrsla um snjóflóð.

Spýjur víða um Siglufjörð 2-4.4.1986

Númer:	2077 (ekki á korti), 2986 (ekki á korti), 2985 (ekki á korti), 2984 (ekki á korti) og 2983 (ekki á korti)
Dagsetning:	2-4.4.1986
Staðsetning:	Spýjur fóru af stað víða í fjöllum í þíðviðrinu 2-4. apríl.
Flóðfarvegur:	Í Fífladölum féll ein spýja (2077), 2-3 í Jörundarskál (2986), 4-5 í Snóki (2985) og einnig féll spýja í Pallahnjúki (2984) og ein í Skollaskál (2983).
Tegund flóðs:	Vot lausasnjóflóð.
Veður:	Dagana 3. og 4. apríl hlýnaði mikið eftir langan frostakafla og komst hitinn upp í 9°C á Siglunesi þann 4.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1986: Skýrsla um snjóflóð.

Spýjur í Hólshyrnu og Snóki 4-5.4.1986

Númer:	2078 (ekki á korti) og 2982 (ekki á korti)
Dagsetning:	4-5.4.1986
Staðsetning:	Norðaustanverð Hólshyrna og austanverður Snókur.
Flóðfarvegur:	Í norðaustanverðri Hólshyrnu féllu 2-3 spýjur (2078) og eins í austanverðum Snóki (2982).
Upptök:	Undir klettum og í giljum.
Tunga:	Hlaupin stöðvuðust í hlíðinni undir giljum og klettum, þar sem landhalli fer minnkandi. Skriðlengd flóðanna var 200-400 m og breidd 10-30 m.
Tegund flóðs:	Vot lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Hitinn var 6° til 9°C og vindur S-SV 2-5 vindstig. Úrkomulaust var og snjór í meðallagi miðað við árstíma.
Orsök:	Mikil þíða.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1986: Skýrsla um snjóflóð.

Lítill flóð 18-19.4.1986

Númer:	2079 (ekki á korti)
Dagsetning:	18-19.4.1986
Staðsetning:	Suðvestanverður Hestsskarðshnjúkur.
Flóðfarvegur:	Þrjár spýjur runnu úr suðvestanverðum Hestsskarðshnjúki.
Upptök:	Undir klettum og í hlíð.
Tunga:	Skriðlengd var 200-300 m, og breidd tungna um 5-10 m.
Tegund flóðs:	Vot lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Fyrst var slydda en síðan kólnaði með skafrenningi. Þá kom þíða og rigning. Hitastig var á bilinu +2° til -1°C og vindur N-NA 1-7 vindstig. Snjór var í meðallagi mikill miðað við árstíma.
Orsök:	Umhleytingar.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1986: Skýrsla um snjóflóð.

Númer:	2212 (ekki á korti)
Dagsetning:	18-19.4.1986
Staðsetning:	Hnjúkur sunnan hitaveituskúra í Skútudal.
Flóðfarvegur:	

Upptök:	Undir klettum eða í hlíðinni.
Tunga:	Skriðlengd var áætluð 200-300 m, og breidd tungu um 5-10 m.
Tegund flóðs:	Vott lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Fyrst var slydda en síðan kólnaði með skafrenningi. Þá kom þíða og rigning. Hitastig var á bilinu +2° til -1°C og vindur N-NA 1-7 vindstig. Snjór miðað við árstíma í meðallagi.
Orsök:	Umhleytingar.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1986: Skýrsla um snjóflóð.

Númer:	2213 (ekki á korti)
Dagsetning:	18-19.4.1986
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	Þetta var mjög lítil spýja.
Tunga:	Féll stutt.
Tegund flóðs:	Vott lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Fyrst var slydda en síðan kólnaði með skafrenningi. Þá kom þíða og rigning. Hitastig var á bilinu +2° til -1°C og vindur N-NA 1-7 vindstig. Snjór miðað við árstíma í meðallagi.
Orsök:	Umhleytingar.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1986: Skýrsla um snjóflóð.

Ytra-Strengsgil 3.12.1986

Númer:	2080 (kort 6)
Dagsetning:	3.12.1986
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Mjög ofarlega í gilinu.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist í um 100 m fjarlægð við húsin Suðurgötu 76 og 78 (snjóflóðahúsin svokölluðu). HG: Stöðvunarstaður u.þ.b. 50 m y.s. Lengd flóðsins var um 500 m og breidd 40 m.
Tegund flóðs:	Ekki þekkt. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hitastig var -3° til -4°C og vindur NA-A 8-12 vindstig. Snjór var mikill miðað við árstíma. Snjódýpt var 49 cm á Árósi.
Orsök:	Veik samloðun í snjóþekju og þyngdaraukning þar ofaná.
Mannskaðar og tjón:	Svolitlar skemmdir urðu á bæjargirðingunni.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1986: Skýrsla um snjóflóð.

Snjóflóð víða um Siglufjörð 13.2.1988

Númer:	2081 (kort 11)
Dagsetning:	13.2.1988, kl. 12-20
Staðsetning:	Snókur.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Í hlíðum og undir klettum.
Tunga:	Skv. teikningu sem fylgir með skýrslu snjóathugunarmanns var þetta mjög breitt flóð eða um 700-800 m. Samkvæmt

	<p>samtali við ÖK var þó líklega um fleiri en eitt snjóflóð að ræða. Ummerki ofan við tungurnar voru óljós en tungurnar sjálfar eru kortlagðar nokkuð nákvæmlega. Stöðvunarstaðir tungna eru frá 75 m y.s. upp í u.þ.b. 100 m y.s.</p>
Tegund flóðs:	Þurrt lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hitastig var -4°C og vindur SV 7-9 vindstig. Snjódýpt var 110 cm og snjór mikill miðað við árstíma.
Athugasemdir:	Í snjóflóðaánnál Magnúsar Más Magnússonar í Jökli 1989 er vegna mælikvarðaruglings sagt að flóðið hafi verið 400 m langt og 500 m breitt.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1988: Skýrsla um snjóflóð og teikning. Magnús Már Magnússon, 1989. Örlygur Kristfinnsson, 2000: Munnlegar upplýsingar.
<hr/>	
Númer:	2082 (kort 11)
Dagsetning:	13.2.1988, kl. 12-20
Staðsetning:	Syðsti hluti Hafnarfjalls, sunnan Jörundarskálar.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Í hlíðum og undir klettum.
Tunga:	Skv. teikningu sem fylgir með skýrslu snjóathugunarmanns er breidd flóðsins um 250-300 m. Samkvæmt samtali við ÖK var þó líklega um fleiri en eitt snjóflóð að ræða. Ummerki ofan við tungurnar voru óljós en tungurnar sjálfar eru kortlagðar nokkuð nákvæmlega. Flestar stöðvuðust flóðtungurnar í 80-100 m hæð, en mjó tunga fór mun lengra eða niður í um 25 m hæð skammt ofan við veginn.
Tegund flóðs:	Þurrt lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur var á láglandi og til fjalla. Hitastig var -4°C og vindur SV 7-9 vindstig. Snjódýpt var 110 cm og snjór mikill miðað við árstíma.
Athugasemdir:	Í snjóflóðaánnál Magnúsar Más Magnússonar í Jökli 1989 er vegna mælikvarðaruglings sagt að flóðið hafi verið 450 m langt og breidd 200,30 m.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1988: Skýrsla um snjóflóð og teikning. Magnús Már Magnússon, 1989. Örlygur Kristfinnsson, 2000: Munnlegar upplýsingar.
<hr/>	
Númer:	2083 (kort 6)
Dagsetning:	13.2.1988, kl. 12-20
Staðsetning:	Fífladalir og Gimbraklettur.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Ekki þekkt nákvæmlega en Ö.K. telur líkleg upptök vera í Fífladölum.
Tunga:	Skv. teikningu sem fylgir með skýrslu snjóathugunarmanns nær flóðið yfir töluvert breitt svæði eða um 500-600 m. Samkvæmt samtali við ÖK var þó líklega um fleiri en eitt snjóflóð að ræða. Ummerki ofan við tungurnar voru óljós en tungurnar sjálfar eru kortlagðar nokkuð nákvæmlega.
Tegund flóðs:	Þurrt lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.

Veður: Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hitastig var -4°C og vindur SV 7-9 vindstig. Snjódýpt var 110 cm og snjór mikill miðað við árstíma.

Mannskaðar og tjón: Nokkurt tjón á bæjargirðingu hér og þar, gamall lítill skúr við kirkjugarð eyðilagðist.

Athugasemdir: Í snjóflóðaánnál Magnúsar Más Magnússonar í Jökli 1989 er vegna mælikvarðaruglings sagt að flóðið hafi verið 400 m langt og 200 m breitt.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1988: Skýrsla um snjóflóð og teikning. Magnús Már Magnússon, 1989.
Örlygur Kristfinnsson, 2000: Samtal við Hörpu Grímsdóttur.

Númer: 2084 (ekki á korti)

Dagsetning: 13.2.1988

Staðsetning: Hólshyrna.

Flóðfarvegur: MMM: Fjögur flóð féllu úr vesturhlíð Hólshyrnu og „allmörg“ Skútudalsmegin.
HG: Einungis er talað um „allmörg“ flóð úr austurhlíð Hólshyrnu (Skútudalsmegin) í skýrslu.

Tegund flóðs: Þurr lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.

Veður: Snjókoma og skafrenningur var á láglandi og til fjalla. Hitastig var -4°C og vindur SV 7-9 vindstig. Snjódýpt var 110 cm og snjór mikill miðað við árstíma.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1988: Skýrsla um snjóflóð og teikning. Magnús Már Magnússon, 1989.

Númer: 2085 (kort 11) og 2981 (kort 11)

Dagsetning: 13.2.1988

Staðsetning: Skjaldargil.

Flóðfarvegur: Lítil flóð komu bæði úr Syðra Skjaldargili (2085) og Ytra Skjaldargili (2981).

Tunga: Skv. teikningu snjóathugunarmanns stöðvuðust flóðin í 65-70 m y.s. og voru 70-80 m breið.

Tegund flóðs: Þurr lausasnjóflóð.

Veður: Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hitastig var -4°C og vindur SV 7-9 vindstig. Snjódýpt var 110 cm og snjór mikill miðað við árstíma.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1988: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Númer: 2214 (kort 6) og 2980 (kort 6)

Dagsetning: 13.2.1988

Staðsetning: Strengsgil.

Flóðfarvegur: Flóð féllu bæði úr Syðra-Strengsgili (2214) og Ytra-Strengsgili (2980).

Tunga: Skv. teikningu snjóathugunarmanns stöðvaðist flóðið úr Syðra-Strengsgili í um 45 m y.s. og var um 40 m breitt. Flóðið úr Ytra-Strengsgili stöðvaðist í um 100 m y.s. og var um 60 m breitt.

Tegund flóðs: Þurr lausasnjóflóð.

Veður: Snjókoma og skafrenningur á láglendi og til fjalla. Hitastig var -4°C og vindur SV 7-9 vindstig. Snjódýpt var 110 cm og snjór mikill miðað við árstíma.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1988: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Númer: 2215 (kort 6) og 2979 (kort 6)

Dagsetning: 13.2.1988

Staðsetning: Skriðulækjargil.

Flóðfarvegur: Bæði í Mið-Skriðulækjargili (2215) og Ytra-Skriðulækjargili (2979) féllu mjög litlar spýjur.

Tunga: Skv. teikningu snjóathugunarmanns stöðvuðust flóðin í um 120 m hæð og voru um 20-30 m breið.

Tegund flóðs: Þurr lausasnjóflóð.

Veður: Snjókoma og skafrenningur á láglendi og til fjalla. Hitastig var -4°C og vindur SV 7-9 vindstig. Snjódýpt var 110 cm og snjór mikill miðað við árstíma.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1988: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Númer: 2216 (kort 6)

Dagsetning: 13.2.1988

Staðsetning: Gróuskarðshnjúkur ofan Hvanneyrarskálar.

Flóðfarvegur: Úr Gróuskarðshnjúki innanverðum féll lítil spýja niður í Hvanneyrarskál.

Tunga: Skv. teikningu snjóathugunarmanns stöðvaðist flóðið í um 215-220 m y.s. og var um 40 m breitt.

Tegund flóðs: Þurrt lausasnjóflóð.

Veður: Snjókoma og skafrenningur á láglendi og til fjalla. Lofthiti var -4°C og vindur SV 7-9 vindstig. Snjódýpt var 110 cm og snjór mikill miðað við árstíma.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1988: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Númer: 2217 (kort 6)

Dagsetning: 13.2.1988

Staðsetning: Gróuskarðshnjúkur.

Flóðfarvegur: Lítil spýja féll í fyrsta gilinu í Gróuskarðshnjúki utan við bæinn.

Tunga: Skv. teikningu snjóathugunarmanns stöðvaðist flóðið í um 80 m y.s. og var 20-30 m breitt.

Tegund flóðs: Þurrt lausasnjóflóð.

Veður: Snjókoma og skafrenningur á láglendi og til fjalla. Frost var -4°C og vindur SV 7-9 vindstig. Snjódýpt var 110 cm og snjór mikill miðað við árstíma.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1988: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Norðaustanverð Hólshyrna 3.4.1988

Númer: 2086 (ekki á korti)

Dagsetning: 3.4.1988, fyrri hluta dags.

Staðsetning: Norðaustanverð Hólshyrna, Skútudalsmegin.

Flóðfarvegur:

Upptök:	Í gili.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist í gili Skútuár. Það var 400-600 m langt og um 100 m breitt.
Tegund flóðs:	Vott lausasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma, hiti 1° til 2°C og hlýnandi veður. Snjór var í meðallagi miðað við árstíma.
Athugasemdir:	Líklega hefur flóðið fallið í gili sem nefnist „Gjain“.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1988: Skýrsla um snjóflóð.

Dísan í Skútudal 14.4.1988

Númer:	2089 (ekki á korti)
Dagsetning:	Líklega 14.4.1988
Staðsetning:	Dísan - Skútudalur.
Flóðfarvegur:	Fremur lítið flóð féll yfir dæluhús Hitaveitu Siglufjarðar sem var á borholu nr. 10.
Upptök:	Líklega í skál austan við borholurnar.
Tunga:	Lítið er vitað um útbreiðslu flóðtungunnar þar sem snjóað hafði yfir verksummerki þegar hún var skoðuð, en flóðið virðist hafa stöðvast nærri austurbakka Skútuár.
Tegund flóðs:	Þurr flekaflóð.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hitastig var -2°C og vindur ANA 6-9 vindstig. Veður var kólnandi. Mikill snjór miðað við árstíma.
Mannskaðar og tjón:	Flóðið eyðilagði dæluskúr Hitaveitu Siglufjarðar sem var á borholu nr. 10. Skúrinn var úr timbri.
Heimildir:	Þorsteinn Jóhannesson, 1988: Samantekt fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

Hólshyrna og Staðarhólsströnd 14-15.4.1988

Númer:	2087 (kort 11)
Dagsetning:	14-15.4.1988
Staðsetning:	Vestanverð Hólshyrna.
Flóðfarvegur:	Flóðið féll yfir syðsta hluta skíðasvæðis.
Upptök:	Við fjallsbrún.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist á bakka Hólsár. Lengd flóðsins var 1000 m eða meira og breiddin 200-250 m neðst.
Tegund flóðs:	Þurr flekaflóð. Snjórinn hljóp á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hitastig var -2°C og vindur ANA 6-9 vindstig. Veður var kólnandi. Mikill snjór miðað við árstíma.
Mannskaðar og tjón:	Flóðið reif með sér tvö efstu möstur skíðalyftu og er hún talin ónýt. Einnig geryðilagði það aðra minni lyftu.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1988: Skýrsla um snjóflóð.

Númer:	2088 (kort 11), 2978 (kort 11) og 2977 (kort 11)
Dagsetning:	14-15.4.1988
Staðsetning:	Staðarhólsströnd.

Flóðfarvegur:	Þrjú flóð féllu á Staðarhólsströnd. Eitt í gilinu 500 m norðan við Staðarhól (2088), annað í Skollaskál (2978) og hið þriðja í Staðarhólshnjúki (2977). Flóð nr. 2978 klofnaði á há-skálarbungunni.
Upptök:	Við og undir fjallsbrún.
Tunga:	Flóð nr. 2088 stöðvaðist á sjávarbökkum og var um 100 m breitt neðst. Nyrðri hlutinn á flóði nr. 2978 féll út í sjó og var sá hluti um 185 m breiður. Syðri hlutinn féll að hluta til niður í fjöru og var um 150 m breiður. Flóð nr 2977 féll eftir sama gili og nyrðri hluti flóðs nr. 2978 og stöðvaðist skammt neðan gilsins, mjög þykkt.
Tegund flóðs:	Þurr flekaflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjócoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hitastig var -2°C og vindur ANA 6-9 vindstig. Snjór var mikill miðað við árstíma.
Mannskaðar og tjón:	Líklega varð eitthvert tjón á hestagirðingu.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1988: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Dísan í Skútudal 18.4.1988

Númer:	2218 (kort 15)
Dagsetning:	18.4.1988
Staðsetning:	Dísan - Skútudalur.
Flóðfarvegur:	Flóð féll í sama farvegi og flóð nr. 2089 sem eyðilagði dæluskúr Hitaveitu Siglufjarðar. Þetta flóð var mun stærra en það fyrra og gróf það sem áður sást af leifum dæluskúrsins.
Upptök:	Í sunnanverðri skálinni austan við borholurnar neðan við fjallsbrún, en hengja við fjallsbrún hafði ekki fallið niður.
Tunga:	ÞJ: Breidd flóðsins var um 150 m á borsvæðinu. ÖK: Flóðtungan stöðvaðist við Skútuárgil. Breidd flóðsins var um 400 m efst og 50 m neðst. Áætluð lengd 1000 m.
Tegund flóðs:	Þurr flekaflóð.
Veður:	Frost og austlægar áttir. Lítil eða engin úrkoma. Snjór var mikill miðað við árstíma.
Mannskaðar og tjón:	Ekkert, nema flóðið gróf það sem áður sást af leifum dæluskúrs við borholu 10.
Heimildir:	Þorsteinn Jóhannesson, 1988: Samantekt fyrir Rafveitu Siglufjarðar og teikning. Örlygur Kristfinnsson, 1988: Skýrsla um snjóflóð.

Hafnarfjall 25.2.1989

Númer:	2090 (kort 6)
Dagsetning:	25.2.1989, fyrri hluti sólarhrings
Staðsetning:	Hlíð Hafnarfjalls, 500 m norðan við Ytra-Strengsgil, undir Fífladölum (rétt sunnan við Fífladalagil).
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Í hlíðinni undir Fífladölum.
Tunga:	Flóðið var um 100-150 m á lengd og 5-10 m breitt. Skv. teikningu snjóathugunarmanns stöðvaðist flóðið í um 45 m y.s.

Tegund flóðs:	Purrt flekasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Veður var kólnandi. Mikill snjór miðað við árstíma.
Mannskaðar og tjón:	Talsvert tjón varð á gömlum kindakofa.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1989: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Nokkur flóð í vestanverðum Siglufirði 24-25.3.1989

Númer:	2091 (kort 11) og 2976 (kort 11)
Dagsetning:	24-25.3.1989
Staðsetning:	Ytra-Skjaldargil
Flóðfarvegur:	Líklega féllu tvö snjóflóð, hið seinna (2976) yfir hið fyrra (2091).
Upptök:	Í gilinu.
Tunga:	Skv. teikningu snjóathugunarmanns virðist lengra flóðið hafa stöðvast í 125 m y.s. en hið styttra í 175 m y.s. Mesta breidd stærri tungunnar virðist hafa verið um 70 m og lengdin um 400 m.
Tegund flóðs:	Purrt lausasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hitastig var -3°C og vindur NA 4-6 vindstig. Mikill snjór var miðað við árstíma.
Athugasemdir:	Í snjóflóðaánnál Magnúsar Más Magnússonar í Jökli 1991 er vegna mælikvarðaruglings sagt að flóðið hafi verið 300 m langt og 50 m breitt.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1989: Skýrsla um snjóflóð og teikning. Magnús Már Magnússon, 1991.

Númer:	2092 (kort 6)
Dagsetning:	24-25.3.1989
Staðsetning:	Jörundarskálargil.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Í gilinu.
Tunga:	Skv. teikningu snjóathugunarmanns stöðvaðist flóðið í um 150 m hæð, breiddin var 20-30 m og lárétt lengd um 400 m.
Tegund flóðs:	Purrt lausasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hitastig var -3°C og vindur NA 4-6 vindstig. Mikill snjór var miðað við árstíma.
Athugasemdir:	Í snjóflóðaánnál Magnúsar Más Magnússonar í Jökli 1991 er vegna mælikvarðaruglings sagt að flóðið hafi verið 250 m langt og 20 m breitt.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1989: Skýrsla um snjóflóð og teikning. Magnús Már Magnússon, 1991.

Númer:	2093 (kort 6)
Dagsetning:	24-25.3.1989
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Í gilinu.

Tunga:	Skv. teikningu snjóathugunarmanns stöðvaðist flóðið í um 70 m hæð. Tungan hefur verið 60-70 m breið þar sem hún var breiðust og lárétt lengd flóðsins um 800 m.
Tegund flóðs:	Þurrt lausasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hitastig var -3°C og vindur NA 4-6 vindstig. Mikill snjór var miðað við árstíma.
Athugasemdir:	Í snjóflóðaannál Magnúsar Más Magnússonar í Jökli 1991 er vegna mælikvarðaruglings sagt að flóðið hafi verið 500 m langt og 50 m breitt.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1989: Skýrsla um snjóflóð og teikning. Magnús Már Magnússon, 1991.

Númer:	2094 (kort 6)
Dagsetning:	24-25.3.1989
Staðsetning:	Fífladalagil
Flóðfarvegur:	
Tunga:	Skv. teikningu snjóathugunarmanns stöðvaðist flóðið í um 50 m hæð, breidd tungu var um 35 m, og lárétt lengd um 300 m.
Tegund flóðs:	Þurrt lausasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hitastig var -3°C og vindur NA 4-6 vindstig. Mikill snjór var miðað við árstíma.
Athugasemdir:	Í snjóflóðaannál Magnúsar Más Magnússonar í Jökli 1991 er vegna mælikvarðaruglings sagt að flóðið hafi verið 200 m langt og 30 m breitt. Einnig er sagt að flóðið hafi orðið í gili 350 m norðan Ytra-Strengsgils, en Fífladalagil er 500-600 m norðan Ytra-Strengsgils.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1989: Skýrsla um snjóflóð og teikning. Magnús Már Magnússon, 1991.

Ytra-Strengsgil 4.2.1990

Númer:	2095 (kort 6)
Dagsetning:	Líklega 4.2.1990
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Í norðurbrún gilsins.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist skammt neðan við gilmunnann. Lengd þess var um 200 m og breidd 20-30 m.
Tegund flóðs:	Vott lausasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Ef dagsetning er rétt: Slydda, hiti 2°C og vindur NA 6-8 vindstig. Veður var hlýnandi. Snjómagnt var í meðallagi miðað við árstíma.
Orsök:	Hengja féll.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1990: Skýrsla um snjóflóð.

Snókur og Hafnarfjall 8.3.1990

Númer:	2096 (kort 11) og 2975 (kort 6)
---------------	---------------------------------

Dagsetning:	8.3.1990, um miðjan dag.
Staðsetning:	Snókur og Hafnarfjall.
Flóðfarvegur:	Þrjár mjög litlar spýjur féllu þennan dag, tvær í austurhlíð Snóks (2096) og ein í Jörundarskál (2975).
Tunga:	Skv. teikningu snjóathugunarmanns stöðvuðust flóðin í Snóki í um 200 m y.s. og flóðið í Jörundarskál stöðvaðist í miðri skálinni í um 300 m y.s.
Tegund flóðs:	Þurr lausasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Næstu þrjá daga á undan var frost og austlægar áttir. Á Sauðanesi snjóaði mikið um morguninn 8.
Athugasemdir:	Skv. texta í skýrslu snjóathugunarmanns féll ein spýja í Jörundarskál (Nautaskál), en aðeins er teiknuð spýja í Ytra-Skjaldargil, ekki Jörundarskál. ÖK staðfesti að sennilega væri spýjan teiknuð í rangt gil og er hún því færð yfir í Jörundarskál hér.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1990: Skýrsla um snjóflóð og teikning. Örlygur Kristfinnsson, 2000: Munnlegar upplýsingar.

Hólshyrna 22.3.1990

Númer:	2097 (ekki á korti)
Dagsetning:	22.3.1990, árdegis
Staðsetning:	Hólshyrna.
Flóðfarvegur:	Þrjú flóð féllu í Hólshyrnu. Allstórt flóð féll úr Gjánni og tvö minni flóð féllu norðvestar.
Upptök:	Upptök minni flóðanna voru undir klettum, en stærra flóðið átti upptök í gílinu Gjáin.
Tunga:	Flóðin stöðvuðust í miðri hlíð þar sem landhalla minnkar skammt ofan Skútuár.
Tegund flóðs:	Þurrt lausasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjócoma og skafrenningur á láglendi og til fjalla. Hitastig var 3° til 4°C og vindur úr S-SV. Veður var kólnandi og mikill snjór miðað við árstíma.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1990: Skýrsla um snjóflóð.

Snókur og Jörundarskál 25.3.1990

Númer:	2098 (kort 11) og 2974 (ekki á korti)
Dagsetning:	25.3.1990, um miðjan dag
Staðsetning:	Suðvestanverður Snókur og Jörundarskál.
Flóðfarvegur:	Þrjú flóð féllu í suðvestanverðum Snóki innan við Skjaldargilin (2098) og ein lítil spýja féll í Jörundarskál (2974).
Upptök:	Spýjurnar áttu upptök undir klettum. Spýjan í Jörundarskál átti upptök undir efstu klettum í skálinni.
Tunga:	Skv. teikningu snjóathugunarmanns stöðvuðust spýjurnar í Snóki í um 150 m hæð, en spýjan í Jörundarskál í um 400 m hæð.
Tegund flóðs:	Lengd tungna er áætluð 150 m og breidd 10-20 m. Vot lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.

Veður: Mikill snjór miðað við árstíma. Um morguninn hlýnaði skyndilega og fór hitinn úr frosti upp í 6°C.
Orsök: Þíða, skafrenningur til fjalla og hrun á köggjum.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1990: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Fífladalir 25-26.4.1990

Númer: 2099 (kort 6)
Dagsetning: 25-26.4.1990
Staðsetning: Fífladalir.
Flóðfarvegur:
Upptök: Í hlíðinni.
Tunga: Hlaupið stöðvaðist á hvilftarbrún, sem er í um 325 m hæð. Samkvæmt skýrslu var lengd flóðsins 100-150 m og breidd 10-30 m. Það passar ekki við teikninguna sem fylgir skýrslunni, en þar er flóðið teiknað mun stærra og breiðara. Samkvæmt samtali við Örlyg Kristfinnsson eru tölur í snjóflóðaskýrslunum réttari en teikningar á kortum sem fylgja með. Hér er flóðið haft heldur mjórri en á teikningu skýrslunnar.
Tegund flóðs: Þurrt flekasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður: Snjócoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Vindur úr N-NV, 6-11 vindstig. Veður var kólnandi. Mikill snjór miðað við árstíma.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1990: Skýrsla um snjóflóð og teikning. Örlygur Kristfinnsson, 2000: Munnlegar upplýsingar.

Milli Skjaldargils og Jörundarskálar um 31.12.1990

Númer: 2219 (kort 12), 2973 (kort 12) og 2972 (kort 12)
Dagsetning: Kannski 31.12.1990
Staðsetning: Milli Skjaldargils og Jörundarskálar.
Flóðfarvegur:
Tunga: Þrjú flóð féllu á svæðinu milli Skjaldargils og Jörundarskálar. Skv. teikningu snjóathugunarmanns stöðvaðist innsta flóðið (2219) í u.þ.b. 80 m y.s., miðflóðið (2973) í u.þ.b. 100 m y.s. og ysta flóðið (2972) í u.þ.b. 120 m y.s. Flóðtungurnar voru um 50-60 m breiðar.
Tegund flóðs: Þurrt lausasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður: Snjócoma og skafrenningur upp til fjalla. Logn var í bænum en líklega vestan 3-4 vindstig til fjalla. Lofthiti var sennilega -3°C. Snjór var í meðallagi miðað við árstíma. Áætluð snjó-dýpt í næsta nágrenni 40-50 cm.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1991: Teikning með skýrslu um snjóflóð frá 29.1.1991.

Jörundarskál 29.1.1991

Númer: 2100 (kort 7)
Dagsetning: 29.1.1991, um kl. 14
Staðsetning: Jörundarskál.

Flóðfarvegur:	
Upptök:	Í hlíðinni.
Tunga:	Hlaupið stöðvaðist efst í gili sem gengur úr skálinni. Stöðvunarstaður skv. teikningu snjóathugunarmanns var í um 280-300 m y.s. Lengd flóðsins var 75 m og breidd 20 m.
Tegund flóðs:	Þurr lausasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur upp til fjalla. Logn var í bænum en líklega vestan 3-4 vindstig til fjalla. Lofthiti var sennilega -3°C . Snjór var í meðallagi miðað við árstíma. Áætluð snjódýpt í næsta nágrenni 40-50 cm.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1991: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Jörundarskál, Kálfsdalur og Pallahnjúkur um 21.3.1991

Númer:	2101 (kort 7)
Dagsetning:	Líklega 21.3.1991, fyrri hluta nætur
Staðsetning:	Jörundarskál.
Flóðfarvegur:	Skv. teikningu snjóathugunarmanns er snjóflóðið breiðast efst í skálinni en þrengist eftir því sem neðar dregur og neðst í skálinni tekur gilið við því og beinir í þröngan farveg.
Upptök:	Við fjallsbrún. Skv. teikningu snjóathugunarmanns átti snjóflóðið upptök á 200-250 m breiðum kafla.
Tunga:	Skv. teikningu snjóathugunarmanns virðist tungan hafa stöðvast í gílinu í 130-140 m y.s. og breiddin hefur afmarkast af gílinu og verið um 15-20 m.
Tegund flóðs:	Þurr flekasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma var og frost -2° til -3°C . Vindur mældist norðan 6-8 vindstig. Veður var kólnandi. Á mælistað við Árósvörðum var snjódýpt 96 cm. Snjór var í meðallagi miðað við árstíma.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1991: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Númer:	2220 (ekki á korti)
Dagsetning:	Líklega 21.3.1991
Staðsetning:	Mynni Kálfsdals.
Flóðfarvegur:	Allstórt flekahlaup féll í mynni Kálfsdals.
Tegund flóðs:	Þurr flekasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma var og frost -2° til -3°C . Vindur mældist norðan 6-8 vindstig. Veður var kólnandi. Á mælistað við Árósvörðum var snjódýpt 96 cm. Snjór var í meðallagi miðað við árstíma.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1991: Skýrsla um snjóflóð.

Númer:	2221 (kort 16)
Dagsetning:	Líklega 21.3.1991
Staðsetning:	Pallahnjúkur.
Flóðfarvegur:	Flekahlaup féll úr Pallahnjúki ofan í Skútudal á líkum stað og flóð féll árið 1983 og skemmdi þá aðveituæð Hitaveitunnar.
Tegund flóðs:	Þurr flekasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.

Veður: Snjókoma var og hitastig -2° til -3°C . Vindur mældist norðan 6-8 vindstig. Veður var kólnandi. Á mælistað við Áróis var snjódýpt 96 cm. Snjór var í meðallagi miðað við árstíma.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1991: Skýrsla um snjóflóð.

Hafnarhyrna, Snókur og austanverð Hólshyrna 23.3.1991

Númer: 2102 (kort 7)
Dagsetning: 23.3.1991, að morgni dags
Staðsetning: Hafnarhyrna.
Flóðfarvegur: Skv. teikningu snjóathugunarmanns féll flóðið úr Hafnarhyrnu rétt sunnan við Mið-Gimbraklett. Önnur mjög lítil spýja féll aðeins sunnar.
Upptök: Undir klettum.
Tunga: Skv. teikningu snjóathugunarmanns stöðvaðist stærra flóðið í um 30-35 m y.s. og var um 50 m breitt.
Tegund flóðs: Vott eða rakt.
Veður: Hitastig var u.þ.b. 7°C og vindur S-SV 4-5 vindstig.
Orsök: Þíða í lofti.
Mannskaðar og tjón: Kannski lítilsháttar skemmdir á bæjargirðingu.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1991: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Númer: 2222 (kort 12)
Dagsetning: 23.3.1991, að morgni dags
Staðsetning: Snókur.
Flóðfarvegur: Eitt flóð féll í Snóki sunnan við Skjaldargil.
Upptök: Undir klettum.
Tunga: Skv. teikningu snjóathugunarmanns stöðvaðist flóðið í um 105 m y.s. og var um 80 m breitt.
Tegund flóðs: Vott eða rakt.
Veður: Hitastig var u.þ.b. 7°C og vindur S-SV 4-5 vindstig.
Orsök: Þíða í lofti.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1991: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Númer: 2223 (ekki á korti)
Dagsetning: 23.3.1991, að morgni dags
Staðsetning: Gjáin, Hólshyrnu.
Flóðfarvegur: Snjóflóð féll úr Gjánni í austanverðri Hólshyrnu.
Upptök: Undir klettum.
Tegund flóðs: Vott eða rakt.
Veður: Hitastig var u.þ.b. 7°C og vindur S-SV 4-5 vindstig.
Orsök: Þíða í lofti.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1991: Skýrsla um snjóflóð.

Sunnan Gimbrakletta um 25-26.11.1992

Númer: 2103 (ekki á korti)
Dagsetning: Líklega 25-26.11.1992
Staðsetning: Sunnan Gimbrakletta.
Flóðfarvegur:

Upptök:	Undir klettum.
Tegund flóðs:	Vott lausasnjóflóð.
Veður:	Slydda og rigning.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1993: Skýrsla um snjóflóð.

Staðarhólsströnd 5.12.1992

Númer:	2104 (kort 12) og 2940 (kort 12)
Dagsetning:	5.12.1992, um miðjan dag eða að kveldi
Staðsetning:	Staðarhólsströnd, undir Skollaskál.
Flóðfarvegur:	Tvö snjóflóð féllu á Staðarhólsströnd. Nyrðra flóðið féll úr Staðarhólshnjúki rétt norðan við Skollaskál (2104), en syðra flóðið féll úr hlíðinni neðan við Skollaskál (2940).
Upptök:	Í hlíðinni. Upptök nyrðra flóðsins voru mun ofar en þess syðra.
Tunga:	Nyrðra hlaupið var um 1 km langt og 10-20 m á breidd. Syðra hlaupið var um 500-600 langt og 100-200 m breitt.
Tegund flóðs:	Vot flóð. Það syðra tók með sér aur og grjót en það nyrðra hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Slydda og rigning, líklega skafrenningur til fjalla. Hitastig var 1° til 2°C og vindur NA 7-8 vindstig. Áætluð snjódýpt var 20-30 cm og var snjór í meðallagi miðað við árstíma.
Orsök:	Mikil úrkoma, slydda, rigning (a.m.k. á láglandi).
Mannskaðar og tjón:	Suðurjaðar syðra flóðsins hefur líklega valdið tjóni á hestagirðingu.
Athugasemdir:	ÖK: Á sama tíma virðast hafa fallið tvö snjóflóð úr giljum í norðaustanverðri Hólshyrnu.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1992: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Mörg lítil snjóflóð víðsvegar um Siglufjörð 4-5.4.1993

Númer:	2105 (ekki á korti), 2971 (ekki á korti), 2970 (ekki á korti), 2969 (ekki á korti) og 2968 (ekki á korti)
Dagsetning:	4-5.4.1993
Staðsetning:	Víðs vegar um Siglufjörð (Skarðdalur (2105), Hólshyrna (2971), Skollaskál (2970), Hestsskarð (2969), norðan Gimbrakletta (2968)).
Flóðfarvegur:	Mörg lítil snjóflóð eða spýjur féllu.
Upptök:	Í hlíðum og undir klettum.
Tunga:	Lítill snjóflóð.
Tegund flóðs:	Vot lausasnjóflóð og flekahlaup. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Slydda.
Orsök:	Slydduhríð og ákjósanleg skilyrði önnur.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1993: Skýrsla um snjóflóð.

Ytra-Strengsgil 21-23.1.1994

Númer:	2106 (kort 7)
Dagsetning:	21-23.1.1994
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.

Flóðfarvegur:	
Upptök:	Óljós, en líklega þó ofarlega. Þegar flóðið var skoðað voru ummerki uppi í Strengsgilinu máð út þannig að ekki er vitað um nákvæm upptök.
Tunga:	Hlaupið stöðvaðist á nyrðra „snjóflóðahúsinu“ við Suðurgötu 76 sem er í rúmlega 30 m y.s.
Tegund flóðs:	Líklega þurr lausasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglandi. Skafrenningur til fjalla. SV-V-NV átt. Snjór í meðallagi miðað við árstíma.
Mannskaðar og tjón:	Ekkert (nema kannski á bæjargirðingu).
Athugasemdir:	Teikning Þorsteins Jóhannessonar af flóðinu fylgir skýrslu snjóathugunarmanns. Skv. henni er flóðið 70-80 m breitt. Í bréfi frá Þorsteini er staðfest að teikningin er rétt. (Neðst á teikningunni stendur að breiddin hafi verið 50 m). ÖK: Eftir að hafa rætt við Þorstein Jóhannesson sem skoðaði aðstæður 29. janúar vil ég álykta að snjóflóðið hafi fallið kl. 17-21 að kvöldi 21. janúar. Suðvestan átt var þennan dag með all dimmum éljum. Kl. u.þ.b. 16-20:30 gerði mjög dimma hríð í hægri suðvestan átt og létti síðan til og snjókomunni slotaði.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson og Þorsteinn Jóhannesson, 1994: Skýrsla um snjóflóð og teikning Þorsteins Jóhannessonar. Þorsteinn Jóhannesson, 2000: Athugasemdir við snjóflóðaannál fyrir Siglufjörð.

Dísan í Skútudal, lok mars eða byrjun apríl 1994

Númer:	2107 (ekki á korti)
Dagsetning:	Lok mars eða byrjun apríl 1994.
Staðsetning:	Dísan, sunnan og ofan við mannvirki í Skútudal.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Við fjallsbrún.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist skammt frá hitaveituskúrunum.
Tegund flóðs:	Vott flekahlaup. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Hiti var 0° til 2°C og vindur SA 6 vindstig til fjalla með skafrenningi og veður var hlýnandi. Snjór var mikill miðað við árstíma.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1994: Skýrsla um snjóflóð.

Skútudalur og Ytra-Skriðulækjargil 18-19.4.1994

Númer:	2108 (ekki á korti)
Dagsetning:	18-19.4.1994
Staðsetning:	Hestsskarðhnjúkur.
Flóðfarvegur:	Austanverður Skútudalur, tvö gil sunnan við Efri-Skútu.
Tegund flóðs:	Flekahlaup.
Veður:	Um miðja viku (17. apríl) var rigningarveður og slydda til fjalla, en smá kólnaði er leið á vikuna. Slydda var á láglandi og drjúg ofankoma. Úrkomulítið var laugardaginn 20. apríl.
Athugasemdir:	Skýrslan virðist hafa glatast.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1994: Skýrsla um snjóflóð.

Númer:	2109 (ekki á korti)
Dagsetning:	18-19.4.1994
Staðsetning:	Ytra-Skriðulækjargil.
Tegund flóðs:	Flekahlaup?
Veður:	Um miðja viku (17. apríl) var rigningarveður og slydda til fjalla, en smá kólnaði er leið á vikuna. Slydda var á láglendi og drjúg ofankoma. Úrkomulítið var laugardaginn 20. apríl.
Athugasemdir:	Skýrslan virðist hafa glatast.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1994: Skýrsla um snjóflóð.

Jörundarskál 19.12.1994

Númer:	2110 (kort 7)
Dagsetning:	19.12.1994, kl. 6.00
Staðsetning:	Jörundarskál.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Ofarlega í skálinni samkvæmt teikningu Þorsteins Jóhannessonar.
Tunga:	Hlaupið stöðvaðist neðan Fjarðarvegar sunnan syðstu húsa. Teikning Þorsteins Jóhannessonar sem fylgdi skýrslu snjóathugunarmanns var dregin á kort í litlum mælikvarða og því frekar ónákvæm. Þorsteinn endurteiknaði útlínurnar eftir minni þann 21.11.2000 á nákvæmara kort. Mbl: Tungan var um 70 m breið og flóðið féll um 150-200 m frá syðstu byggð bæjarins. Samkvæmt teikningu snjóathugunarmanns virðist breiðasti hluti flóðsins hafa verið allt að 250 m og sá hluti tungunnar sem lengst fór um 70 m breiður. Teikningin er þó ónákvæm því hún er dregin inn á kort í litlum mælikvarða.
Tegund flóðs:	Flekahlaup en ekki er vitað hvort það var vott eða þurrt, þar sem athugunarmaður vissi ekki um veður þann dag. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Líklega var skafrenningur til fjalla. Snjór var í meðallagi miðað við árstíma.
Mannskaðar og tjón:	Skemmdi hlið á geymsluskúr sem byggður var þar sem hæsnahús stóð áður, en það hæsnahús skemmdist í snjóflóði árið 1973.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1995: Skýrsla um snjóflóð og teikning. Morgunblaðið 20.12.1994.

Skútudalur 16.1.1995

Númer:	2241 (kort 16)
Dagsetning:	16.1.1995
Staðsetning:	Austanverður Skútudalur, Hestsskarðshnjúkur.
Flóðfarvegur:	Flóðið féll rétt norðan við Hestsskarðsá, á svipuðum slóðum og flóð nr. 2240 sem féll árið 1983.
Tunga:	Flóðið var eitthvað minna en flóð nr. 2240.

Veður:	Frost um -2°C , norðlæg átt og mikil snjókoma um morguninn. Daginn áður var hvöss norðaustanátt.
Athugasemdir:	Árni Skarphéðinsson starfsmaður RARIK fór upp í Skútudal á snjósleða og keyrði á jaðar flóðsins.
Heimildir:	Þorsteinn Jóhannesson, 2000: Athugasemdir við snjóflóðaánnál fyrir Siglufjörð.

Ytra-Strengsgil og Skarðdalur 18.1.1995

Númer:	2111 (kort 7)
Dagsetning:	18.1.1995, fyrir kl. 20
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	Fyrsti hluti flóðsins var lítið lausasnjóflóð, 5-10 m breitt, sem hefur fallið frá kletti efst í gilinu og fram af hengjunni í gilinu. Þegar flóðið kom fram af hengjunni virðist það hafa sprengt af stað stóran fleka sem er með háum brotfloti norður í hengjuna, en lægri fleti sunnar í gilinu. Einnig sást brotflötur sunnantil í gilinu, um 50 m neðar.
Upptök:	Flóðið byrjaði við lítinn klett norðantil og efst í gilinu.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist 30 m ofan við Suðurgötu. Lengd hlaupsins var um 1300 m og mesta breidd 135 m. Þykktin var 1,5 m við raflínustaur sem lenti í flóðinu. Neðst var yfirborð flóðsins slétt og er nánast engin frambrún á flóðinu, en þar voru áberandi nokkrir stórir kögglar sem eru sumir allt að einn rúmmetri að stærð. Samsvarandi stórir kögglar voru í gil-kjaftinum og rétt neðan við hann. Annarsstaðar voru kögglarnir dreifðari.
Tegund flóðs:	Þurrt lausasnjóflóð og flekahlaup. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur til fjalla. Lofthiti var -1°C og vindur NA 8 vindstig. Snjór var í meðallagi miðað við árstíma.
Orsök:	Lausasnjóflóð fór fram af hengju og setti af stað flekahlaup undir henni.
Heimildir:	Þorsteinn Jóhannesson, 1995: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Númer:	2112 (kort 12)
Dagsetning:	18.1.1995, kl. 19.10
Staðsetning:	Skarðdalur.
Flóðfarvegur:	Þrjú flóð féllu á svæðinu, því stærsta er lýst hér.
Upptök:	Sennilega í austurhlíð Illviðrishnúks við fjallsbrún, í 630 m y.s.
Tunga:	Flóðið féll í þröngum farvegi á lyftuhús og endastöð neðri skíðalyftunnar í Skarðdal. Hluti flóðsins féll niður í gil Leyningsár og féll 80 m niður eftir því. Lengd flóðsins hefur líklega verið rúmlega 1500 m og breiddin 50-180 m.
Tegund flóðs:	Þurrt flekaflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur til fjalla. Hiti var -1°C og vindur NA 8 vindstig. Snjór var í meðallagi miðað við árstíma.

Mannskaðar og tjón: Flóðið tók lyftuhús og spennu af grunni. Spennirinn stöðvaðist um 70 m frá grunni, en lyftuhúsið barst ofan í gil Leyningsár og hefur kastast upp í loftið og fallið niður á suðurbakka gilsins. Það brotnaði í smáhluta. Flóðið lenti einnig á fyrsta mastri og drifstöð lyftunnar, og skemmdist drifstöðin eitthvað.

Heimildir: Þorsteinn Jóhannesson, 1995: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Snjóflóð víða í Siglufirði 30.1.1995

Númer: 2113 (kort 7)
Dagsetning: 30.1.1995
Staðsetning: Hafnarhyrna.
Flóðfarvegur: Nokkrar mjóar spýjur runnu úr Hafnarhyrnu, norðan við Gimbrakletta og sunnan við Hvanneyrarskál.
Tunga: Spýjurnar stöðvuðust u.þ.b. 80-100 m ofan við húsin. Skv. teikningu snjóathugunarmanns stöðvuðust spýjurnar í 85-100 m y.s. og voru 20-30 m breiðar.
Tegund flóðs: Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður: Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hiti var -4° til $+2^{\circ}\text{C}$ og vindur SV 5-8 vindstig. Snjór var mikill miðað við árstíma.
Athugasemdir: Á teikningu snjóathugunarmanns eru útlínur tveggja lítilla flóða og eru þær settar fram hér.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1995: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Númer: 2224 (ekki á korti)
Dagsetning: 30.1.1995
Staðsetning: Norðaustanverð Hólshyrna.
Flóðfarvegur: Allmikil snjóflóð féllu úr Gjánni í Hólshyrnu og öðrum giljum.
Tunga: Flóðin náðu niður undir árbakka.
Tegund flóðs: Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður: Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hiti var -4° til $+2^{\circ}\text{C}$ og vindur SV 5-8 vindstig. Snjór var mikill miðað við árstíma.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1995: Skýrsla um snjóflóð.

Númer: 2225 (ekki á korti)
Dagsetning: 30.1.1995
Staðsetning: Austanvert Strákafjall.
Flóðfarvegur: Mörg snjóflóð féllu úr Strákafjalli frá því um nóttina og fram á dag og lokuðu veginum út að jarðgöngunum.
Tegund flóðs: Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður: Snjókoma og skafrenningur á láglandi og til fjalla. Hiti var -4° til $+2^{\circ}\text{C}$ og vindur SV 5-8 vindstig. Snjór var mikill miðað við árstíma.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1995: Skýrsla um snjóflóð.

Gróuskarðshnjúkur 19.2.1995

Númer:	2114 (kort 7)
Dagsetning:	19.2.1995
Staðsetning:	Í fyrsta gili norðan kaupstaðarins í Gróuskarðshnjúki.
Flóðfarvegur:	Flóðið féll að kartöflugörðum, þar sem áður voru fjárhús.
Upptök:	Í klettum.
Tunga:	Flóðtungan stöðvaðist ofan við kartöflugarða við bæjar- girðinguna. Lengd flóðsins er áætluð um 500 m og breiddin var 20 m neðst. Skv. teikningu snjóathugunarmanns virðist flóðtungan hafa stöðvast í tæplega 50 m hæð og verið um 70 m breið þar sem hún var breiðust. Skráð breidd í snjóflóðaskýrslu passar því ekki við breiddina eins og hún kemur fram á teikningu sem fylgir með skýrslu. Samkvæmt samtali við Örlyg Kristfinns- son eru tölur í snjóflóðaskýrslunum réttari en teikningar á kortum sem fylgja með. Hér er flóðið haft heldur mjórra en á teikningunni.
Tegund flóðs:	Þurrt lausasnjóflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur til fjalla og láglendi. Hiti var 0.5°C og vindur NA 8-9 vindstig. Veður var hlýnandi og snjór mikill miðað við árstíma.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1995: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Pallahnjúkur/Dísan 22.2.1995

Númer:	2115 (kort 16)
Dagsetning:	22.2.1995
Staðsetning:	Sunnanverður Pallahnjúkur. Milli Pallahnjúks og Dísunnar.
Flóðfarvegur:	Flóðið féll úr sunnanverðum Pallahnjúki að Dísunni, þaðan niður í skálina og svo ofan í árgil í Skútudalsbotni.
Upptök:	Undir klettum.
Tunga:	Neðsta tungan stöðvaðist í árgili Skútuár. Áætluð lengd hlaupsins er um 1500 m og breiddin 680 m efst og 140 neðst.
Tegund flóðs:	Þurrt flekaflóð. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafrenningur á láglendi og til fjalla. Hiti var -2°C og vindur NA-N 4-5 vindstig. Snjór var mikill miðað við árstíma.
Mannskaðar og tjón:	Timburskúr yfir dælu eyðilagðist ásamt ýmiskonar búnaði þar.
Athugasemdir:	ÖK: Um svipað leyti hefur fallið mun minna snjóflóð, fleka- hlaup, í brattri hlíð ofan við Skollaskál milli Staðarhólshnjúks og Hestsskarðshnjúks. Það stöðvaðist í skálinni.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1995: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Pallahnjúkur/Dísan 25.2.1995

Númer:	2116 (kort 16)
Dagsetning:	25.2.1995
Staðsetning:	Milli Pallahnjúks og Dísunnar.
Flóðfarvegur:	Flóðið var áþekkt snjóflóði nr. 2115 sem féll þremur dögum fyrr.

Upptök:	Undir klettum.
Tunga:	Flóðtungan stöðvaðist rétt ofan við árgil Skútuár. Lengd hlaupsins er áætluð 1400 m og breiddin var um 800 m efst og 180 m neðst.
Tegund flóðs:	Þurr flekahlaup. Snjórinn hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Mikill snjór miðað við árstíma. Norðaustlæg átt, 10-14 m/s, snjókoma og hiti um -2°C .
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1995: Skýrsla um snjóflóð.

Ytra-Strengsgil um 7.3.1995

Númer:	2117 (ekki á korti)
Dagsetning:	Líklega 7.3.1995
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	Flóðið var mjög lítið.
Tunga:	Hlaupið stöðvaðist neðarlega í gílinu. Flóðið var um 110 m langt og 5-7 m á breidd.
Tegund flóðs:	Þurr.
Veður:	Skafranningur var á láglandi og til fjalla. Snjór var mikill miðað við árstíma.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1995: Skýrsla um snjóflóð.

Ytra-Skjaldargil, fyrri hluta vetrar 1995

Númer:	2118 (ekki á korti)
Dagsetning:	1995, fyrri hluti vetrar
Staðsetning:	Ytra-Skjaldargil.
Flóðfarvegur:	
Tunga:	Náði næstum niður á veg. Skv. teikningu Þorsteins Jóhannessonar var flóðið 100-150 m breitt þar sem það var breiðast. Það stöðvaðist í um 25 m y.s. og var um 50 m breitt þar.
Mannskaðar og tjón:	Braut tvær girðingar.
Athugasemdir:	Snjóflóðsins varð ekki vart fyrr en nokkuð löngu eftir að það féll. Ummerki sáust í brotnum girðingum. Útlínur voru dregnar miðað við þessi ummerki.
Heimildir:	Þorsteinn Jóhannesson, 1995: Viðtal tekið af ÞS og teikning.

Þrjú flóð við Siglufjörð 12.3.1995

Númer:	2226 (ekki á korti), 2967 (ekki á korti) og 2966 (ekki á korti)
Dagsetning:	12.3.1995
Staðsetning:	Strákar (2226), Klettahnjúkur sunnan við Siglufjarðarskarð (2967) og gil norðan Helluhryggs (utan korts) (2966).
Flóðfarvegur:	Flóðin úr Strákum féllu á Strandarveg og voru fremur lítil. Flóðið í Klettahnjúki var líka lítið.
Upptök:	Líklegast undir klettum.
Tegund flóðs:	Þurr lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjókoma og skafranningur á láglandi og til fjalla. Lofthiti var $+2^{\circ}\text{C}$ niður í -1°C og vindur úr suðvestri 8-10 vindstig. Snjór var mikill miðað við árstíma.

Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1995: Skýrsla um snjóflóð og teikning.
Númer:	2227 (ekki á korti), 2965 (ekki á korti) og 2964 (ekki á korti)
Dagsetning:	21.3.1995
Staðsetning:	Klettahnjúkur (2227), Pallahnjúkur/Dísan (2965) og Hólshyrna (2964).
Flóðfarvegur:	Úr Klettahnjúki norðan- og austanverðum féllu 5 smáspýjur. Í Skútudal féllu 8-10 spýjur úr Pallahnjúki og Dísunni og austanverðri Hólshyrnu.
Upptök:	Undir klettum.
Tunga:	Flóðin stöðvuðust í allbröttum hlíðum fjallanna. Áætluð lengd flóðanna var 100-150 m og breiddin 5-15 m.
Tegund flóðs:	Líklega vot lausasnjóflóð. Snjór hljóp ofan á eldra lagi.
Veður:	Snjór var mikill miðað við árstíma og veður hlýnandi.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1995: Skýrsla um snjóflóð.

Nokkur lítil flóð í Siglufirði 26.10.1995

Númer:	2119 (kort 8)
Dagsetning:	26.10.1995
Staðsetning:	Hafnarhyrna-Fífladalir.
Flóðfarvegur:	Ekki náði að myndast verulegt flóð vegna snjóleysis neðar í hlíðum.
Upptök:	Skv. teikningu sem fylgir með skýrslu um snjóflóð voru upptök í um 620 m y.s.
Tunga:	Skv. teikningu sem fylgir með skýrslu um snjóflóð stöðvaðist flóðið í tæplega 350 m hæð, og var 60-70 m breitt neðst. ÞJ: Hugsanlega er flóðið teiknað of vítt.
Tegund flóðs:	Flekahlaup
Veður:	Snjór var lítil miðað við árstíma. Hiti var um 2°C og úrkoma. Vindur var norðaustlægur um 15 m/s. Daginn áður hafði verið mikil úrkoma og hiti við frostmark.
Heimildir:	Þorsteinn Jóhannesson, 1995: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Númer:	2228 (ekki á korti), 2953 (ekki á korti) og 2952 (ekki á korti)
Dagsetning:	26.10.1995
Staðsetning:	Skollaskál (2228), Pallahnjúkur (2953) og yfir borholum í Skútudal (2952).
Flóðfarvegur:	Ekki náðu að myndast veruleg flóð vegna snjóleysis neðar í hlíðum.
Tegund flóðs:	Flekahlaup.
Veður:	Snjór var lítil miðað við árstíma. Hiti var um 2°C og úrkoma. Vindur var norðaustlægur um 15 m/s. Daginn áður hafði verið mikil úrkoma og hiti við frostmark.
Heimildir:	Þorsteinn Jóhannesson, 1995: Skýrsla um snjóflóð.

Snjóflóð víða um Siglufjörð 3.1.1996

Númer:	2120 (kort 8)
---------------	---------------

Dagsetning:	3.1.1996
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Hæð upptaka var 450 m y.s.
Tunga:	Mjó tunga, um 5-10 cm þykk, stöðvaðist um 75 m ofan við „snjóflóðahúsið“ nyrðra við Suðurgötu 76. Breidd megin-tungunnar var um 110 m, og lengd flóðsins var um 1050 m. Halli lands í upptökum er 37°, í fallbraut 20° og í tungu 13°.
Tegund flóðs:	Þurrt flekahlaup.
Veður:	Allmikil snjókoma um miðjan dag og slydda á láglandi síðdegis. Vindur var NA 4-7 vindstig og hiti á láglandi 0-2°C.
Orsök:	Nýsnævi ofan á þunnu lausu lagi frá Þorláksmessu lá ofan á harðfenni frá því í október.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1996: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Númer:	2121 (kort 8)
Dagsetning:	3.1.1996
Staðsetning:	Fífladalir – „Grindagil“.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Skv. teikningu snjóathugunarmanns átti flóðið upptök ofarlega í gilinu, hugsanlega í 500-540 m y.s.
Tunga:	Skv. teikningu snjóathugunarmanns á ljósmynd, stöðvaðist flóðið þegar það kom niður á Fífladala-stallinn, hugsanlega í 360-380 m hæð.
Tegund flóðs:	Þurrt flekahlaup.
Veður:	Allmikil snjókoma um miðjan dag og slydda á láglandi síðdegis. Vindur var NA 4-7 vindstig og hiti á láglandi 0° til 2°C.
Orsök:	Nýsnævi ofan á þunnu lausu lagi frá Þorláksmessu lá ofan á harðfenni frá því í október.
Athugasemdir:	Í skýrslu snjóathugunarmanns er sagt að flóðið hafi fallið úr Fífladalagili, en skv. teikningu sem fylgir skýrslunni virðist flóðið frekar hafa fallið í svokölluðu „Grindagili“ í Fífladölum ofan við Fífladalagil. ÖK staðfesti þetta í samtali.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1996: Skýrsla um snjóflóð og teikning og ljósmynd. Örlygur Kristfinnsson, 1999: Munnlegar upplýsingar.

Númer:	2229 (ekki á korti) og 2963 (ekki á korti)
Dagsetning:	3.1.1996
Staðsetning:	Snókur og Staðarhólsströnd.
Flóðfarvegur:	Fjögur flóð féllu úr giljum í Snóki (2229) og a.m.k. fimm á Staðarhólsströnd, norðan Staðarhóls (2963).
Tegund flóðs:	Þurr flóð, líklega flekahlaup.
Veður:	Allmikil snjókoma um miðjan dag og slydda á láglandi síðdegis. Vindur var NA 4-7 vindstig og hiti á láglandi 0° til 2°C.
Orsök:	Nýsnævi ofan á þunnu lausu lagi frá Þorláksmessu lá ofan á harðfenni frá því í október.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1996: Skýrsla um snjóflóð.

Númer:	2230 (kort 16)
Dagsetning:	3.1.1996
Staðsetning:	Dísan.
Flóðfarvegur:	Allstórt flóð féll úr vestanverðri Dísu, niður í Skútudal og yfir mannvirki hitaveitu Rarik (sama staðsetning og flóð sem féll 22.2.1995).
Upptök:	Í klettum við fjallsbrún í 500-650 m y.s.
Tunga:	Fremur mjó tunga fór ofan í árgil Skútuár (u.þ.b. 140 m y.s.). Breidd flóðsins var um 400 m efst og 150-200 m neðst. Lengd tungunnar var um 1500 m.
Tegund flóðs:	Þurrt flekahlaup. Snjór rann á eldra lagi.
Veður:	Allmikil snjókoma um miðjan dag og slydda á láglendi síðdegis. Vindur var NA 4-7 vindstig og hiti á láglendi 0° til 2°C.
Orsök:	Þekjan sem féll fram var samanbarið nýsnævi sem lá ofaná gömlu harðfenni frá því í október. Líklega var veikt millilag frá Þorláksmessu.
Mannskaðar og tjón:	Geymsluskúr úr timbri brotnaði og einnig skemmdist fjarskiptabúnaður.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1996: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Skarðdalur 5-6.1.1996

Númer:	2231 (kort 13)
Dagsetning:	5-6.1.1996
Staðsetning:	Skarðdalur.
Flóðfarvegur:	Þrjú snjóflóð féllu í Skarðdal þann 5. janúar og önnur þrjú þann 6. janúar. Flóðin féllu í hlíðunum undir Illviðrishnjúki. Einnig er vitað um eitt flóð framarlega í Skútudal.
Upptök:	Upptök voru í hlíðum í 350-500 m y.s. Breidd upptaka var frá 20 m að 100 m. Þykkt brotlína var að meðaltali um 50 cm.
Tunga:	Tungurnar voru að meðaltali um 1,5 m þykkar.
Tegund flóðs:	Þurr flekahlaup. Snjór rann á eldra lagi.
Veður:	Norðaustan og austnorðaustan veður höfðu verið tvo næstu daga á undan, en þessa daga var logn og bjartviðri. Hitastig var um -3°C og veður var kólnandi.
Orsök:	Samanbarin snjóþekja var ofan á þunnu, lausu lagi, sem lá á gömlu harðfenni. Menn á tveimur vélsleðum hrundu líklega stærsta flóðinu af stað og sennilega hafa tvö flóðanna orsakast af umferð.
Mannskaðar og tjón:	Tveir vélsleðamenn sluppu með skrekkinn frá einu flóðanna.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1996: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Allt að 100 spýjur víða um Siglufjörð 11.2.1996

Númer:	2122 (ekki á korti), 2962 (ekki á korti), 2961 (ekki á korti), 2960 (ekki á korti), 2959 (ekki á korti), 2958 (ekki á korti), 2957 (ekki á korti) og 2956 (ekki á korti)
Dagsetning:	11.2.1996

Staðsetning:	Allt að 100 spýjur féllu víða um fjörðinn úr giljum í bröttustu fjöllum, úr Hafnarfjalli við Gimbrakletta (2122) og Ytra-Strengsgil (2962), Snóki (2961), Hólshyrnu bæði að vestanverðu (2960) og austanverðu (2959), Dísunni (2958), Leyningsbrúnum (2957) og ofan Skollaskálar (2956).
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Flóðin byrjuðu í giljum og bröttum hlíðum. Hæð upptaka var yfirleitt 250-300 m y.s..
Tunga:	Flóðin voru flest stutt og stöðvuðust rétt neðan giljanna í allmiklum bratta. Lengst fór flóð sem féll fremst í Skútudal.
Tegund flóðs:	Flest flóðin hafa verið lausasnjóflóð, en a.m.k. flóð í Skollaskál voru skilgreind sem flekahlaup í lausum snjó.
Veður:	Snjókoma - rigning.
Orsök:	Laus snjór var ofan á þunnum klaka eða íslagi.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1996: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Skriðulækjargil, Gjáin og austanverður Skútudalur 18-19.4.1996

Númer:	2267 (ekki á korti), 2268 (ekki á korti), 2269 (ekki á korti)
Dagsetning:	18-19.4.1996
Staðsetning:	Tvær smáspýjur í Skriðulækjargiljum ofan hitaveitutanks (2267), Gjáin (2268) og Hestsskarðshnjúkur (2269).
Flóðfarvegur:	Flóðið í Hestsskarðshnjúki féll úr skálinni framan í hnjúknum og náðu tungur úr því niður í hlíðina neðan skálarinnar.
Upptök:	Erfitt var að greina upptök flóðanna (sérstaklega í Skriðulækjargiljum) því fennt hafði nokkuð eftir að flóðin féllu.
Tunga:	Skv. teikningu virðist flóðið úr Gjánni hafa stöðvast í um 80 m y.s. Hin flóðin stöðvuðust ofar.
Veður:	Um miðja viku (17. apríl) var rigningarveður og slydda til fjalla og smá kólnaði er leið á vikuna. Slydda á láglendi, drjúg ofankoma, en úrkomulítið laugardaginn 20. apríl.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1996: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Spýjur í austanverðum Siglufirði 10-13.5.1996

Númer:	2123 (ekki á korti)
Dagsetning:	10-13.5 1996
Staðsetning:	Austurfjöll Siglufjarðar.
Flóðfarvegur:	Mörg flóð.
Tegund flóðs:	Blaut snjóflóð í þíðviðri.
Veður:	Hiti var allt að 11°C, úrkomulaust og hægur vindur.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1996: Skýrsla um snjóflóð.

Fífladalir 10.11.1996

Númer:	2232 (ekki á korti)
Dagsetning:	10.11.1996
Staðsetning:	Fífladalir.
Flóðfarvegur:	Lítill fleki fór af stað þegar Páll Fanndal stakk niður skóflu.

Tunga:	Skv. teikningu snjóathugunarmanns virðist flóðið hafa stöðvast í um 425 m y.s.
Tegund flóðs:	Purrt flekahlaup. Snjór rann á yfirborði jarðar.
Veður:	Logn og lítil úrkoma. Hitastig -1°C til -5°C .
Orsök:	Umferð manna.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1996: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Snókur 16-17.11.1996

Númer:	2233 (ekki á korti)
Dagsetning:	16-17.11.1996
Staðsetning:	Snókur.
Flóðfarvegur:	Mjótt og stutt flekaflóð féll í Snóki.
Tegund flóðs:	Purrt flekahlaup. Snjór rann á eldra lagi.
Veður:	Logn og lítil úrkoma. Hitastig -1°C til -5°C .
Orsök:	Náttúrulegar. Veikleiki í snjóþekju.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1996: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Þrjú flóð ofan Siglufjarðarkaupstaðar 2-3.12.1996

Númer:	2124 (ekki á korti), 2955 (ekki á korti) og 2954 (ekki á korti)
Dagsetning:	2-3.12.1996
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil (2124), Mið-Skriðulækjargil (2955) og Fífladalagil (2954).
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Við efstu brúnir gilja. Áætluð upptakahæð var 500 m y.s. og breidd upptaka u.þ.b. 30-40 m.
Tunga:	Flóðin stöðvuðust öll neðarlega í giljunum. Breidd tungna var um 6-7 m. Þykkt um 50-60 cm.
Tegund flóðs:	Flekaflóð í Strengsgili, annars staðar féllu hengjur. Skriðflötur á hjarnlagi.
Veður:	Hiti var við frostmark, einhver úrkoma og vindur úr NA, 10-15 m/s.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1996: Skýrsla um snjóflóð.

Ytra-Strengsgil 14.1.1997

Númer:	2125 (kort 8)
Dagsetning:	14.1.1997, milli kl. 22 og 02 (15.1)
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Flóðið átti upptök efst í gilinu, í u.þ.b. 490 m hæð. Áætluð breidd upptaka var 50 m.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist undir háspennulínu, 140 m ofan við húsið Suðurgötu 76 (nyrðra „snjóflóðahúsið“). Skv. teikningu snjóathugunarmanns var hæð stöðvunarstaðar um 70 m y.s. Breidd tungunnar var um 70 m og þykktin mest um 1,5 m.
Tegund flóðs:	Flekaflóð. Skriðflötur var ofaná hjarni.

Veður: Hiti -2°C , vindur úr NA, 17 m/s. Snjókoma. Dagana á undan hafði verið svipað veður.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1997: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Pallahnjúkur og Nesskriður 19.1.1997

Númer: 2234 (kort 16)
Dagsetning: 19.1.1997, líklega fyrri hluta dags.
Staðsetning: Pallahnjúkur.
Flóðfarvegur: Flekahláup féll í norðvestanverðum Pallahnjúki.
Upptök: Undir klettum og í klettum nokkru neðan við fjallsbrúnir. Áætluð hæð upptaka er 500 m y.s. og breidd upptaka um 300 m.
Tunga: Flóðið féll niður í Hestsskarðskál.
Tegund flóðs: Þurr flekaflóð. Snjór hljóp á eldra lagi.
Veður: Veður var hlýnandi og ögn byrjað að skafa á brúnum fjalla þegar flóðin féllu.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1997: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Númer: 2235 (ekki á korti)
Dagsetning: 19.1.1997, kl. 15
Staðsetning: Nesskriður.
Flóðfarvegur: Eitt stórt flóð og nokkur smærri féllu nyrst í Nesskriðum.
Upptök: Undir klettum og í klettum nokkru neðan við fjallsbrúnir. Áætluð hæð upptaka er 500 m y.s. og breidd upptaka um 300 m.
Tunga: Stóra flóðið í Nesskriðum féll í þremur tungum niður í sjó (fjöru).
Tegund flóðs: Þurr flekaflóð. Snjór hljóp á eldra lagi.
Veður: Veður var hlýnandi og ögn byrjað að skafa á brúnum fjalla þegar flóðin féllu.
Athugasemdir: ÖK: Fólkið sem sá flóðið falla úr Nesskriðum talar um mikið sjónarspil. Gríðarlegur kófmökkur myndaðist og jafnvel greindu þau öldu sem reis undan flóðinu er það féll í sjóinn.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1997: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Austanverð Hólshyrna 19-20.1.1997

Númer: 2126 (kort 16)
Dagsetning: 19-20.1 1997, milli kl. 16 og 10
Staðsetning: Austanverð Hólshyrna.
Flóðfarvegur: Allstórt flóð féll úr Gjánni og tvö minni sitt hvoru megin við í óafmörkuðum farvegum.
Upptök: Upptök voru við brún og í klettum í um 500-600 m hæð.
Tunga: Flóðin stöðvuðust miðja vegu milli gilsins og Skútuár. Áætluð breidd tungunnar úr Gjánni var 70-100 m og mesta þykkt hennar um 2 m.
Tegund flóðs: Vot flekaflóð.
Veður: Gífurlegur skafrenningur var norður af Hólshyrnu mestallan daginn þann 19. janúar.

Orsök: Skafrenningur.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1997: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Spýjur í Hafnarfjalli 21-22.2.1997

Númer: 2127 (kort 8)
Dagsetning: 21-22.2 1997
Staðsetning: Hafnarfjall.
Flóðfarvegur: Að minnsta kosti 12 spýjur féllu frá Gimbrakletti og norður í Gróuskarðshnjúk og fleiri norður á ströndinni, langstærsta flóðið þar úr Miðstrandargili. Þau flóðanna sem eru við þéttbýlið koma fram á korti.
Upptök: Um 200-250 m hæð yfir sjó.
Tunga: Skv. teikningu snjóathugunarmanns féllu flest flóðin niður í 60-80 m y.s.
Breidd flóðanna var u.þ.b. 10 m.
Tegund flóðs: Vot lausasnjóflóð.
Veður: Allmikil snjócoma var þennan dag í hægu veðri, u.þ.b. 50 cm jafnfallinn snjór á láglandi. Vindur var úr NNA, 2-4 vindstig. Bloti neðan við miðjar hlíðar. Á láglandi var mikil úrkoma í formi slyddu. Veður var kólnandi.
Orsök: Slydda.
Mannskaðar og tjón: Ekkert, en rúta sem var á leið til Siglufjarðar með nemendur slapp naumlega þegar snjóflóð féll á veginn fyrir framan hana. Rútan náði að bakka inn í Strákagöng og bíða þar uns flóðinu var rutt burt.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1997: Skýrsla um snjóflóð og teikning. Þ. Ragnar Jónasson, 1998.

Úlfsdalir 28.2.1997

Númer: 2270 (ekki á korti)
Dagsetning: 28.2.1997
Staðsetning: Fimm flóð féllu úr giljum í Dalabæjarfjalli að vestanverðu. Tölur eiga við stærsta flóðið.
Flóðfarvegur:
Upptök: Efst í giljum. Upptakahæð 460 m y.s. og beidd um 150 m. Meðalþykkt brotlínu var um 1 m og mesta þykktin um 3-4 m.
Tunga: Tungan stöðvaðist niður undir Máná í um 15 m y.s. Lengd flóðs var um 850 m og halli lands í tungunni 22°.
Tegund flóðs: Þurr flekaflóð.
Veður: N til NV átt, 8-10 vindstig til fjalla en 5-8 á láglandi. Snjócoma og skafrenningur. Vestur á Dölum var veður mun verra en á Siglunesi og Siglufirði, vindsorfið Dalabæjarfjall að NV og N verðu sýna það best. Þarna reif upp allan snjó og flutti suður fjallið í lægðir.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1997: Skýrsla um snjóflóð, ljósmyndir og teikning.

Snókur 28.3.1997

Númer:	2129 (ekki á korti)
Dagsetning:	28.3.1997, kl. 14.00
Staðsetning:	Snókur.
Flóðfarvegur:	Lítill spýja féll í Snóki suðvestur upp af hesthúsunum.
Upptök:	Upptök voru í um 300 m y.s. í hlíðinni.
Tegund flóðs:	Rakt lausasnjóflóð.
Veður:	Logn og hlýnandi.
Orsök:	Sólbráð.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1997: Skýrsla um snjóflóð.

Hafnarhyrna og víðar 29.3.1997

Númer:	2130 (kort 8)
Dagsetning:	29.3.1997, fyrri hluta sólarhings
Staðsetning:	Hafnarhyrna og víðar.
Flóðfarvegur:	Fimm flóð féllu í Hafnarhyrnu og auk þeirra féll fjöldi annarra flóða víða um fjörðinn. Tvö flóðanna í Hafnarhyrnu eru sett á kort.
Upptök:	Undir klettum í 175 til 400 m hæð.
Tunga:	Flóðin stöðvuðust yfirleitt í bröttum hlíðunum. Sú spýja sem fór lengst í Hafnarhyrnu stöðvaðist í um 120 m fjarlægð frá næstu húsum við Hólaveg. Breidd fallbrautar efst var um 1,5 m og neðst um 25 m. Flóðið stöðvaðist í allbrattri hlíð. Þykkt tungu að meðaltali 1 m, mest 2 m. α -hornið var 34°.
Tegund flóðs:	Vott lausaflóð.
Veður:	Sunnan 2-5 vindstig og rigning af og til. Hiti um 6°C. Undir kvöld, daginn áður en flóðin féllu fór hlýnandi og byrjaði að rigna. Samfelld lítilsháttar rigning var fram á miðja nótt og síðan skúrir fram yfir miðjan dag.
Orsök:	Nýr snjór frá 27. mars, um 50 cm djúpur að meðaltali, blotnaði og rann ofan á eldra og harðara lagi.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson 1997: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Ytra-Strengsgil 14-15.11.1997

Númer:	2131 (ekki á korti)
Dagsetning:	14-15.11.1997
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Ofarlega í gilinu.
Tunga:	Náði ekki niður úr gilinu.
Veður:	NA hríðarveður.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1997: Skýrsla um snjóflóð.

Jörundarskál 7.12.1997

Númer:	2132 (ekki á korti)
Dagsetning:	7.12.1997
Staðsetning:	Jörundarskál.

Flóðfarvegur:	
Upptök:	Efst uppi í skálinni.
Tunga:	Lítið flóð sem náði rétt niður í botn skálarinnar.
Tegund flóðs:	Purrt.
Veður:	Hríðarveður, nýsnævi ofan á hjarn. NA 5-7 vindstig, nokkur ofankoma, kólnandi veður.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1997: Skýrsla um snjóflóð.

Hestsskarðshnjúkur, líklega 8.2.1998

Númer:	2133 (ekki á korti)
Dagsetning:	Líklega fallið 8.2.1998, kl.13-16, hugsanlega þann 2.2.1998
Staðsetning:	Hestsskarðshnjúkur.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Ofarlega.
Tunga:	Lítill flóð, Náðu rétt niður í 3-400 m hæð.
Veður:	Hríðarveður.
Athugasemdir:	Skýrslan virðist hafa glatast.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1998: Skýrsla um snjóflóð.

Dalaskarð 15.2.1998

Númer:	2134 (ekki á korti)
Dagsetning:	15.2.1998, kl:14:00
Staðsetning:	Dalaskarð.
Flóðfarvegur:	Flóðið féll í Dalaskarði, norðan við Snók og suðvestan við Hafnarfjall í allbrattri hlíð fjallsbundu eða fells sem þar er.
Upptök:	Upptök voru í hlíðinni undir brún. Upptakahæð var um 425 m y.s., og breidd upptaka áætluð 100 m. Þykkt brotalínu var áætluð á bilinu 70-150 cm. Halli lands í upptökum var 35°.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist niður undir jafnsléttu, u.þ.b. 30 m frá fólki sem þar var á gangi. Hæð stöðvunarstaðar var um 355 m y.s. Lengd flóðsins var um 70 m og þykkt tungu að meðaltali 1 m. Meðalbreidd tungunnar var 100 m.
Tegund flóðs:	Flekaflóð.
Veður:	Logn, engin úrkoma. Aðdragandi í veðri var SV-átt daginn áður, 6-10 vindstig. Mest allan snjó reif upp af hjarni og jörðu og feikti honum að mestu á haf út. Lagði þó í fáeina staði hlémegin til fjalla.
Orsök:	Nýr, þéttur foksnjór, 50-150 cm á þykkt var í brotfleti. Undir því var þunnt skaralag og þar undir veikleiki. Fólk var á sunnudagsgöngu í Dalaskarði og fór yfir allmikla fönn nýs foksnævar frá deginum áður, harðfenni sem markaði þó vel í. Skyndilega heyrðist þungur dynkur undir fótum þeirra og „snjórinn pompar ögn“. Bresturinn virðist halda áfram upp í hlíðina og það skiptir engum togum fönnin rifnar þar í sundur og féll niður í átt til þeirra en þau hlupu undan í ofboði. Flóðið stöðvaðist um 10 m frá slóð þeirra.
Mannskaðar og tjón:	Ekkert en fólk á göngu hljóp undan flóðinu.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1998: Skýrsla um snjóflóð.

Fífladalagil, líklega 19.2.1998

Númer:	2135 (kort 8)
Dagsetning:	Líklega 19.2.1998
Staðsetning:	Fífladalagil.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Líklega ofarlega í gilinu, í um 300 m hæð.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist neðarlega í gilinu og á mel sunnan við gilið í um 100 m hæð. Breidd fallbrautar efst var um 5 m og neðst um 50 m. Tungan var um 50 cm þykk, en þar sem hún skutlaðist yfir mel var hún þynnri, eða um 10-15 cm þykk.
Tegund flóðs:	Þurr flóð.
Veður:	Vindur var N-NA 6-9 vindstig. Snjókoma var og mikill skafrenningur. Hiti var -2°C og hitafar stöðugt.
Athugasemdir:	Allmikið var af stórum kögglum í Ytra-Strengsgili á sama tíma. Líklega hafa hengjur fallið fram og runnið niður gilið frekar en að um eiginleg snjóflóð hafi verið að ræða.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1998: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Austanverður Skútudalur (Pallahnjúkur og Dísan) 22.2.1998

Númer:	2136 (ekki á korti) og 2945 (ekki á korti)
Dagsetning:	22.2.1998
Staðsetning:	Austanverður Skútudalur.
Flóðfarvegur:	Tvö flóð féllu í austanverðum Skútudal. Eitt féll í Pallahnjúki (2136) og annað í Dísunni (2945) ofan hitaveitumannvirkja. Flóðið í Dísunni féll líklega einum sólarhring fyrr og öll ummerki eru óljósari.
Upptök:	Pallahnjúkur: Upptök voru við kletta í um 740 m hæð. Breidd upptaka var um 700 m og þykkt brotlínu að meðaltali 0,5 m, mest um 2 m.
Tunga:	Pallahnjúkur: Tungan stöðvaðist í um 350 m hæð ofan skálarbrúnar í Skútudal. Lengd flóðsins var um 800 m.
Tegund flóðs:	Þurr flekahlaup.
Veður:	NA 2-3 vindstig. Þann 21-22. febrúar var norðaustan hríðarveður að ganga niður.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1998: Skýrsla um snjóflóð.

Austanverð Hólshyrna 24.2.1998

Númer:	2137 (ekki á korti)
Dagsetning:	24.2.1998, kl. 13
Staðsetning:	Gjáin í austanverðri Hólshyrnu.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Í gilinu.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist nokkru neðan gilmunnans.
Tegund flóðs:	Rakt flóð.

Veður: Vindur var SV 5-8 vindstig og mjög mikil úrkoma. Hiti var 8°C og mikið þíðviðri. Það hafði snjóað töluvert 4-5 dögum áður.

Orsök: Leysingar.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1998: Skýrsla um snjóflóð.

Skarðdalur, líklega 2-3.3.1998

Númer: 2138 (ekki á korti)

Dagsetning: Líklega 2. eða 3.3.1998

Staðsetning: Skarðdalur.

Flóðfarvegur: Flóð féll í vestanverðum Skarðdal í langri laut sunnan Rjúpnahryggs (sem er sunnan við Stórsvigsbakka).

Upptök: Upptakahæð var um 350-400 m y.s.

Tunga: Stöðvunarstaður um 250 m y.s. Flóðið var nokkuð barið af snjó og vindi og voru stórgerðir og harðir kögglar í tungunni.

Tegund flóðs: Líklega flekahlaup.

Veður: Töluvert frost og kólnandi veður. Vindur úr NA, um 17 m/s með snjókomu.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1998: Skýrsla um snjóflóð.

Smáflóð víða í austanverðum Siglufirði 18.4.1998

Númer: 2139 (ekki á korti), 2944 (ekki á korti), 2943 (ekki á korti), 2942 (ekki á korti), 2941 (ekki á korti)

Dagsetning: 18.4.1998

Staðsetning: Víða í austanverðum Siglufirði.

Flóðfarvegur: Fjöldi smáflóða, um 50-60 talsins, féll í austanverðum Siglufirði. Þau féllu í Staðarhólshnjúki (2139), Hestsskarðshnjúki (2944), Pallahnjúki (2943) og Dísunni (2942) og einnig lítilsháttar í Klettahnjúki í Skarðdalsbotni (2941).

Upptök: Upptök voru í hlíðum og við kletta í um 600-700 m hæð.

Tegund flóðs: Rakur snjór.

Veður: Hlýnandi veður.

Orsök: Sólbráð.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1998: Skýrsla um snjóflóð.

Austur- og suðurfjöll Siglufjarðar 29.4-1.5.1998

Númer: 2140 (ekki á korti)

Dagsetning: 29.4-1.5.1998

Staðsetning: Austur- og suðurfjöll Siglufjarðar.

Flóðfarvegur: Aragrúi lítilla snjóflóða (jafnvel um 100 talsins).

Tegund flóðs: Rök flóð.

Veður: Snjóað hafði í 3 daga þar á undan, 26-27. apríl. Mestur var snjórinn í austanverðum firðinum, en þar varð alhvítt niður að sjó, u.þ.b. 12 cm jafnfallinn snjór að jafnaði á láglandi. Í þessari snjóflóðahrinu var hlýnandi veður og nokkurt sólskin.

Orsök: Sólbráðnun.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1998: Skýrsla um snjóflóð.

Gróuskarðshnjúkur 30.10.1998

Númer:	2141 (kort 9) og 2916 (kort 9)
Dagsetning:	30.10.1998
Staðsetning:	Gróuskarðshnjúkur.
Flóðfarvegur:	Tvær spýjur féllu austan undir Gróuskarðshnjúki ofan við nyrðstu húsin við Hólaveg.
Upptök:	Áætluð upptök eru í 150-250 m hæð og breidd þeirra mæld um 40 m.
Tunga:	Syðra flóðið (2141) stöðvaðist í 50 m hæð, í um 70 m fjarlægð frá Hólavegi 77. Nyrðra flóðið (2916) stöðvaðist í 60 m hæð, ofan við norðurmörk Hólavegar og bæjarins.
Tegund flóðs:	Rök lausasnjóflóð.
Veður:	Þann 29. október var slydda í hægum vindi og fór hlýnandi undir kvöld. Þá fór að rigna og kögglahrun byrjaði um kvöldmatarleytið. Snjóflóðið var tilkynnt um kl. 10 þann 30. október og þá var hægur vindur, norðan 0-2 vindstig, hitastig 2-4°C og slydda eða rigning.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1998: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Margar spýjur í vestanverðum Siglufirði 30-31.11.1998

Númer:	2142 (ekki á korti), 2939 (ekki á korti), 2938 (ekki á korti) og 2937 (ekki á korti)
Dagsetning:	30-31.11.1998
Staðsetning:	Hólshyrna (2142), Snókur (2939), Strákafjall (2938) og Gimbraklettur (2937).
Flóðfarvegur:	Úr Hólshyrnu komu 9-10 flóð, þrjár spýjur féllu í Snóki, í Strákafjalli féllu mjög margar spýjur og svolítið féll í Gimbraklettum.
Upptök:	Upptök eru áætluð 200-300 m y.s.
Tunga:	Breidd flóðtungna var um 5-15 m.
Tegund flóðs:	Líklega var um rök lausasnjóflóð að ræða.
Veður:	Veðuraðdragandi var rigning eða slydda í hægum vindi og hlýnandi veðri. Dagana sem flóðin féllu var N-NV 0-2 vindstig og slydda eða rigning. Hiti 2°C og hlýnandi veður.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1998: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Víða um Siglufjörð 26.12.1998

Númer:	2143 (kort 9), 2936 (ekki á korti), 2935 (ekki á korti) og 2934 (ekki á korti)
Dagsetning:	26.12.1998, kl. 19-01
Staðsetning:	Gimbraklettur (2143), Ytra-Strengsgil (2936), Hólshyrna Skútudalsmegin (2935) og austanverður Snókur (2934).
Flóðfarvegur:	Við Gimbrakletta féllu nokkrar spýjur, mjór taumur rann eftir Ytra-Strengsgili, 5 spýjur féllu í Hólshyrnu og 6 í Snóki.
Upptök:	Upptök flóðanna voru í um 230 m hæð y.s.

Tunga:	Flóðin úr Gimbraklettum stöðvuðust við neðri Skálarveg, sem er í um 70-80 m y.s. þarna. Syðri flóðin á teikningu snjóathugunarmanns stöðvuðust í rúmlega 100 m y.s. Spýjan í Strengsgili náði ekki niður úr gilinu.
Tegund flóðs:	Ekki er gott að segja hvort um fleka- eða lausasnjóflóð var að ræða, en eitthvað skóf og snjóaði í verksummerki við upptök.
Veður:	Fyrri hluta dags var votviðri og jók vind og úrkomu með kvöldinu. Slydda var fram undir miðnætti og kólnandi veður.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1998: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Hvanneyrarströnd og Gróuskarðshnjúkur 20.1.1999

Númer:	2144 (ekki á korti)
Dagsetning:	20.1.1999, kl. 15-21
Staðsetning:	Hvanneyrarströnd frá Hvanneyrará að jarðgöngum.
Flóðfarvegur:	Flóð féllu úr öllum giljum norðan Selgils. Það stærsta féll úr Miðstrandargili, en önnur fimm náðu niður á veg. Mörg smærri flóð féllu úr giljum og skorningum. Eitt breitt og þunnt snjóflóð kom úr gili norðan Gróuskarðs, rétt norðan bæjarins. Einnig féllu tvær litlar spýjur úr Gróuskarðshnjúki ofan Hólavegar.
Upptök:	Upptök eru áætluð í 550-650 m y.s.
Tunga:	Fimm stór flóð stöðvuðust á veginum að Strákagöngum. Það langstærsta fór niður fyrir veg. Það var 70-90 m breitt og um 5 m þykkt. Áætlað rúmmál er um 5000 m ³ .
Tegund flóðs:	Þurr flóð sem runnu á gömlum snjó og sums staðar á yfirborði jarðar.
Veður:	Dagana 18-19. janúar var éljagangur í hægum norðaustan vindi. Snemma morguns þann 20. janúar jókst úrkoma og var hún samfelld og mældist 40-50 mm á einum sólarhring. Vindur var vaxandi. Er flóðin féllu var NV-V, 11-14 metrar/sekúndu, og sennilega meiri vindur til fjalla. Hitastig var -3°C. Mikil snjócoma var og einnig skafrenningur. Hitafar var hlýnandi.
Mannskaðar og tjón:	Ekkert, nema mikill kostnaður var við hreinsun vegar.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1999: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Hvanneyrarströnd 19.2.1999

Númer:	2145 (ekki á korti)
Dagsetning:	19.2.1999
Staðsetning:	Miðstrandargil á Hvanneyrarströnd og tvö gil önnur norðan og sunnan við það.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Upptök flóðs í Miðstrandargili voru í um 550-650 m y.s.
Tunga:	Áætluð breidd tungu úr Miðstrandargili var um 12 m. Meðalþykkt hennar var um 1,5 m og tungan var um 2 m þar sem hún var þykkust.
Tegund flóðs:	Þurr flóð sem hlupu á eldra lagi.

Veður: Vindur var úr NV-V, 5-9 vindstig til fjalla, en 4-8 vindstig á láglandi. Til fjalla og á láglandi var dálítill snjókoma og skafrenningur.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1999: Skýrsla um snjóflóð.

Illviðrishjúkur í Skarðdal 6.3.1999

Númer: 2146 (ekki á korti)

Dagsetning: 6.3.1999, kl. 15:30

Staðsetning: Neðri hluti Illviðrishjúks í Skarðdal.

Flóðfarvegur: Flóðið féll í svokölluðum Stórsvigsbakka.

Upptök: Upptök flóðsins voru í um m y.s. og breidd upptaka var um 100 m. Meðalþykkt brotlínu var um 40 cm og mesta þykkt um 90 cm.

Tunga: Breidd fallbrautar var um 100 m efst, en u.þ.b. 70 m neðst. Flóðið stöðvaðist á stað þar sem skíðaæfingar og mót fara fram. Snjómagm var áætlað 400 m³.

Tegund flóðs: Þurr flekahlaup. Snjór hljóp á eldra lagi.

Veður: Logn var og úrkomulaust. Hitafar var stöðugt.

Orsök: Skíðamenn, 5-10 talsins, fóru yfir brekkuna þvera og skáru í sundur snjóþekjuna. Skíðamennirnir voru farnir hjá þegar flóðið fór af stað, en tvö börn þurftu að renna sér frá flóðinu neðanverðu. Allmargt fólk var á skíðasvæðinu þennan dag.

Athugasemdir: Í snjóflóðaskýrslu er flóðið teiknað á tveimur mismunandi stöðum í Illviðrishjúki. Ekki er vitað hvað er hið rétta og því er flóðið ekki sett á kort.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1999: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Jörundarskál, Ytra-Strengsgil, Illviðrishjúkur og Hólshyrna 12.3.1999

Númer: 2147 (kort 9)

Dagsetning: 12.3.1999

Staðsetning: Jörundarskál.

Flóðfarvegur:

Tunga: Skv. teikningu snjóathugunarmanns afmarkaðist breidd flóðsins af gílinu og var um 20-30m. Það stöðvaðist í um 150 m y.s.

Tegund flóðs: Sama dag féll flóð í Strengsgili þar sem snjór í upptökum var þurr og flóðið fór af stað sem flekahlaup. Í tungunni var snjórinn rakur og flóðið hegðaði sér eins og vott snjóflóð. Líklegt er að flóðið í Jörundarskál hafi verið svipað að gerð.

Veður: Hvassviðri hófst þann 10.3. og í vindhviðum var allt að 35 m/s. Dagana 11-12.3. var rigning og slydda á láglandi. Þegar flóðið féll var vindur til fjalla áætlaður NA 8-12 vindstig, en 7-8 vindstig á láglandi. Mikil snjókoma og skafrenningur var til fjalla og hiti undir frostmarki. Á láglandi var slydda og skafrenningur og hiti rétt um og yfir frostmarki.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 1999: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Númer: 2148 (kort 9)

Dagsetning:	12.3.1999
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil.
Flóðfarvegur:	Snjóflóð féll úr Ytra-Strengsgili og lenti á varnargarðinum sem þar var í smíðum. Flóðið fylgdi varnargarðinum sem beindi því frá byggðinni.
Upptök:	Upptök voru efst í gilinu í 450 m y.s. Flóðið fór af stað sem flekahlaup eftir að minna snjóflóð hafði fallið á norðurbrún gilsins og brotið fram hengju.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist við neðri enda leiðigarðsins. Um var að ræða vott snjóflóð og var yfirborðið því mjög óslétt. Í tungunni voru lóðréttir veggir sem náðu allt að 4,2 m hæð. Lengd tungu var um 200 m og breidd hennar um 30-35 m. Meðalþykktin var áætluð 2-2,5 m. Áætluð stærð flóðsins var um 15.000 m ³ . Flóðið er talið vera í flokki 3-4 skv. kanadíska flokkunarkerfinu (Sjá viðauka I).
Tegund flóðs:	Snjór í upptökum var þurr og flóðið fór af stað sem flekahlaup. Í tungunni var snjórinn rakur og flóðið hegðaði sér eins og vott snjóflóð.
Veður:	Hvassviðri hófst þann 10.3. og í vindhviðum var allt að 35 m/s. Dagana 11-12.3. var rigning og slydda á láglandi. Þegar flóðið féll var vindur til fjalla áætlaður NA 8-12 vindstig, en 7-8 vindstig á láglandi. Mikil snjókoma og skafrenningur var til fjalla og hiti undir frostmarki. Á láglandi var slydda og skafrenningur og hiti rétt um og yfir frostmarki.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1999: Skýrsla um snjóflóð og teikning. Jón Gunnar Egilsson, 1999: Skýrsla um snjóflóð.

Númer:	2149 (ekki á korti) og 2933 (ekki á korti)
Dagsetning:	12.3.1999
Staðsetning:	Illviðrishnjúkur (2149) og Hólshyrna (2933).
Flóðfarvegur:	Snjóflóð féll úr Illviðrishnjúki í skíðabrekku í Skarðdal. Einnig féll flóð úr Gjánni í Hólshyrnu og úr öðru gili þar hjá.
Tunga:	Skv. teikningu snjóathugunarmanns stöðvaðist flóðið í Skarðdal í 280-300 m y.s., en flóðin úr Hólshyrnu fóru niður í um 60 m y.s.
Tegund flóðs:	Sama dag féll flóð í Strengsgili þar sem snjór í upptökum var þurr og flóðið fór af stað sem flekahlaup. Í tungunni var snjórinn rakur og flóðið hegðaði sér eins og vott snjóflóð. Líklegt er að flóðin í Illviðrishnjúki og Hólshyrnu hafi verið svipuð að gerð.
Veður:	Hvassviðri hófst þann 10.3. og í vindhviðum var allt að 35 m/s. Dagana 11-12.3. var rigning og slydda á láglandi. Þegar flóðið féll var vindur til fjalla áætlaður NA 8-12 vindstig, en 7-8 vindstig á láglandi. Mikil snjókoma og skafrenningur var til fjalla og hiti undir frostmarki. Á láglandi var slydda og skafrenningur og hiti rétt um og yfir frostmarki.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1999: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Dísan, Hólshyrna og Gimbraklettur 29.3.1999

Númer:	2150 (kort 16), 2932 (kort 16) og 2931 (ekki á korti)
---------------	-------------------------------------------------------

Dagsetning:	29.3.1999
Staðsetning:	Dísan (2150), Hólshyrna (2932) og Gimbraklettur (2931).
Flóðfarvegur:	Úr Dísunni, eða milli Dísunnar og Pallahnjúks féll flóð ofan hitaveitumannvirkja í Skútudal. Skútudalsmegin í Hólshyrnu féllu flóð í tveimur giljum. Einnig féll svolítill spýja sunnan Gimbrakletta.
Upptök:	Upptök flóðsins í Dísunni var við kletta í um 650 m y.s. Breidd upptaka var um 350 m og þykkt brotlínu að meðaltali 50 cm.
Tunga:	Flóðið í Dísunni stöðvaðist í hvilft neðan bratrar skriðu, ofan hitaveitumannvirkja, í um 430-470 m hæð.
Tegund flóðs:	Þurr flekahlaup. Líklega hljóp snjór á eldra lagi.
Veður:	Vindur var úr norðaustri, 8-9 vindstig til fjalla en 5-6 vindstig á láglandi. Á láglandi var slydda og líklega snjókoma til fjalla.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1999: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Jörundarskál og Snókur 1.4.1999

Númer:	2151 (ekki á korti) og 2930 (ekki á korti)
Dagsetning:	1.4.1999
Staðsetning:	Jörundarskál (2151) og Snókur (2930).
Flóðfarvegur:	Tvær spýjur féllu í Jörundarskál og u.þ.b. 10 smáspýjur í Snóki.
Upptök:	Í Jörundarskál voru upptök í um 500 m y.s., en í Snóki var upptakahæð 300 +/- 30 m y.s.
Tunga:	Spýjurnar voru 3-8 m á breidd neðst.
Tegund flóðs:	Rök lausasnjóflóð.
Veður:	Bjartviðri var og sólskin og hlýnandi veður. Logn og hiti um 1°C til fjalla er spýjurnar féllu.
Orsök:	Sólbráð kom spýjunum af stað.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1999: Skýrsla um snjóflóð.

Austurfjöll Siglufjarðar 3.5.1999

Númer:	2152 (ekki á korti), 2929 (ekki á korti), 2928 (ekki á korti) og 2927 (ekki á korti)
Dagsetning:	3.5.1999
Staðsetning:	Austurfjöll Siglufjarðar: Skollaskál (2152), Pallahnjúkur (2929), Dísan (2928), Hestsskarðshnjúkur sunnanverður (2927).
Flóðfarvegur:	Stærstu og efnismestu spýjurnar féllu í Skollaskál.
Upptök:	Upptök spýjanna voru ýmist við brún, við kletta eða í hlíð.
Tegund flóðs:	Rök lausasnjóflóð. Snjór hljóp á eldra lagi.
Veður:	Aðfararnótt 30. apríl snjóaði talsvert, einkum til fjalla. Í þíðviðri og sólskini þann 3. maí fóru spýjurnar af stað.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1999: Skýrsla um snjóflóð.

Spýjur víða í Siglufirði 22-24.5.1999

Númer:	2153 (ekki á korti), 2925 (ekki á korti), 2924 (ekki á korti), 2923 (ekki á korti), 2922 (ekki á korti), 2921 (ekki á korti) og 2920 (ekki á korti)
Dagsetning:	22-24.5.1999
Staðsetning:	Skollaskál (2153), Hestsskarðshnjúkur (2925), Pallahnjúkur (2924), Dísan (2923), Móskógahnjúkur (2922), norðanverðar Súlur (2921) og Snókur (2920).
Flóðfarvegur:	Margar spýjur féllu.
Tunga:	Spýjurnar voru í flokki 1 og 2 skv. kanadíska flokkunarkerfinu (Sjá viðauka I).
Veður:	Slydda var til fjalla.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1999: Skýrsla um snjóflóð.

Hafnarfjall og Skútudalur 26.5.1999

Númer:	2154 (ekki á korti), 2919 (ekki á korti) og 2918 (ekki á korti)
Dagsetning:	26.5.1999
Staðsetning:	Hafnarfjall: Ofan Fífladala (2154) og í Jörundarskál (2919). Skútudalur: Dísan og í fleiri fjöllum (2918).
Flóðfarvegur:	
Tunga:	Spýjurnar voru í flokki 1 og 2 skv. kanadíska flokkunarkerfinu (Sjá viðauka I).
Tegund flóðs:	Rök lausa- og flekasnjóflóð.
Veður:	Hlýnandi eftir Hvítasunnuhret.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1999: Skýrsla um snjóflóð.

Mörg lítil flóð 2.6.1999

Númer:	2155 (ekki á korti)
Dagsetning:	2.6.1999
Staðsetning:	Víða um Siglufjörð.
Flóðfarvegur:	Fjöldi smárra, votra snjóflóða féll er hlýnaði í veðri og Hvítasunnusnjórinn bráðnaði.
Tegund flóðs:	Votar spýjur.
Veður:	Hlýnandi.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1999: Skýrsla um snjóflóð.

Fífladalir 5.6.1999

Númer:	2156 (ekki á korti)
Dagsetning:	5.6.1999
Staðsetning:	Fífladalir – „Grindagil“.
Flóðfarvegur:	Lítill spýja fór frá efsta stoðvirki niður í gegnum þau neðri.
Upptök:	Við efsta stoðvirki.
Tunga:	Spýjan náði u.þ.b. 15 m niður fyrir neðstu grind.
Tegund flóðs:	Vott.
Veður:	6-7°C og úrkomulaust.
Orsök:	Spýjan fór af stað undan fótum snjóeftirlitsmanns.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 1999: Skýrsla um snjóflóð.

Nesskriður 10-20.12.1999

Númer:	2157 (ekki á korti)
Dagsetning:	10-20.12.1999
Staðsetning:	Nesskriður, utarlega í austanverðum firðinum. Ofan við mitt fjall, í klettum.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Við kletta. Áætluð upptakahæð 300-400 m y.s og meðalþykkt brotlínu 1-2 m.
Tunga:	Stöðvunarstaður 0 m y.s. Flóðið stöðvaðist í fjöru, eða úti í sjó.
Tegund flóðs:	Flekahlaup.
Veður:	(Sjá athugasemdir)
Athugasemdir:	Björn Ólafsson, Hávegi, tilkynnti um snjóflóðið um miðjan janúar og gat ekki tímasett það nákvæmlega. Einnig voru önnur atriðið óljós. Ekki er ólíklegt að þetta hafi gerst 16. desember miðað við veður. Þann 12-13. desember var milt veður og þíða. Þann 14. var hann hægur á norðan og frost. Þann 15. SV 5-10 og éljagangur. Þann 16. NA 8-10 og snjókoma og frost. Dagana 17-21. var veður stillt og bjart með frosti.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 2000: Skýrsla um snjóflóð.

Hvanneyrarströnd 27.2.2000

Númer:	2158 (ekki á korti)
Dagsetning:	27.2.2000
Staðsetning:	Hvanneyrarströnd við Strandarveg. Næst syðsta gil á ströndinni utan við Selskál.
Flóðfarvegur:	Breidd fallbrautar var áætluð 2-8 m efst og 4-10 m neðst.
Upptök:	Upptakahæð var áætluð 525-675 m y.s.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist á þjóðveginum og var hæð stöðvunarstaðar áætluð 25 m y.s. Meðalbreidd tungu er áætluð 3-7 m og meðalþykkt 1,5-2,5 m.
Tegund flóðs:	Þurr flóð.
Veður:	Á laugardagskvöldi þann 26. var hægt vaxandi N átt og snjókoma og áfram vaxandi á sunnudegi 27. Úrkoma náði hámarki síðdegis á sunnudag en vindur óx og náði hámarki kl. 2-3 eftir hádegi. Þegar flóðið féll var snjókoma til fjalla og vindhraði um 15-25 m/s úr NV, skafrenningur og hlýnandi veður. Á láglendi var vindur úr NV um 13-22 m/sek. Snjókoma var og mikill skafrenningur.
Orsök:	Skriðflötur var í gömlum snjó.
Athugasemdir:	Óhreinindi í tungunni stöfuðu af lítilsháttar ösku úr Heklu sem féll þarna aðfararnótt sunnudags 27. febrúar. Snjóathugunarmaður sá spýjuna kl. 14 mánudaginn 28. febrúar, en frétti af henni kl 11:30, þá var búið að ryðja veginn.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 2000: Skýrsla um snjóflóð.

„Grindagil“ 31.2-5.3.2000

Númer: 2159 (ekki á korti)
Dagsetning: 31.2-5.3.2000
Staðsetning: Fífladalir – „Grindagil“.
Flóðfarvegur: Breidd fallbrautar var 5-15 m efst, en 2-8 m neðst.
Upptök: Hæð upptaka var mæld 490-510 m y.s. Upptök voru í hlíðinni.
Tunga: Flóðið stöðvaðist neðst í gilinu eða um 150-200 m neðan við neðstu grind. Hæð stöðvunarstaðar var um 410-440 m y.s. Meðalbreidd tungu var mæld 10-14 m og lengdin 27-33 m. Þykkt tungu var að meðaltali 0,5-0,9 m en mest 0,9-1,1 m. Áætlað snjómagm var 250 m³.
Tegund flóðs: Miðað við köggla í tungu og hörku þeirra má ætla að þetta hafi verið þurrt flekaflóð.
Veður: Snjóað hafði nokkuð í NA-kalda 29. febrúar. Aðfarnótt 2. mars snjóaði mikið og gekk í NA-storm sem lægði er leið á daginn. Giska má á að snjóflóðið hafi fallið í þessu veðri. Þegar flóðið féll var vindhraði um 25 m/sek. úr NA til fjalla og snjócoma og skafrenningur. Á láglandi var vindhraði um 20-25 m/sek.
Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 2000: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Nyrðri hluti Fífladala, 18-20.11.2000

Númer: 2238 (kort 9)
Dagsetning: 18-20.11.2000
Staðsetning: Ofan Fífladala, nyrst á svæðinu. Í klettum norðaustan og neðan við snjókýrtarstangir í „Radarskriðu“
Flóðfarvegur: Breidd fallbrautar efst var um 140 m en neðst um 10 m. Meginsnjóflóðið féll niður á Fífladalastallinn nyrst og er megingungan og snjódyngjan þar. Lítil hluti þess flóðs hefur fallið fram af Fífladalabrún og komið af stað öðrum fleka litlum og það runnið niður mjótt og grunnt gil sem liggur ofan og meðfram Syðsta Gimbrakletti. Um er að ræða tvær tungur. Sú efri er 30 m breið neðst og þar er þykktin um 1,2m – 2,5 m. Þar í kring utan tungunnar er meðal snjókýrt 0,5 m. Neðri tungan neðan syðsta Gimbrakletts er tvískipt. 7 m og 12 m breið, mesta kýrt þar um 60 cm.
Upptök: Upptakahæð: 515 +/-10 m. Upptök voru í klettum við brún. Breidd upptaka var 130 +/-25 m. Meðalþykkt brotlínu var um 30 cm og mesta þykkt brotlínu um 50 cm.
Tunga: Flóðið stöðvaðist neðan við Syðsta Gimbraklett, rétt ofan við efri Skálarveg. Stöðvunarstaður: um 115 m y.s. Lárétt lengd: um 650 m. Meðalþykkt tungu var um 0,5 m og mesta þykkt um 0,6 m. Breidd tungu var um 40 m og lengdin um 75 m. Rúmmálið var um 5000 m³.
Tegund flóðs: Þurrt flekahlaup.

Veður:	Mikil snjókoma og stöðugur skafrenningur. Vindhraði um 18 til 25 m/s uppi í fjalli. Á láglandi var slydda, mikil úrkoma, skafrenningur í meðallagi og hlýnandi veður. Vindhraði um 15 til 20 m/s. Dagana áður hafði snjóað lítillega í byggð, á föstudagskvöld versnaði veður sem stóð fram á morgun á laugardegi. Þá stilltist og hlýnaði og fór að rigna á láglandi og rigndi nokkuð um helgina.
Orsök:	Náttúruleg. Efst var um 10-40 cm foksnjór, harka 1F-P ofaná lausari snjó með hörku 4F-Hn.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 2000: Skýrsla um snjóflóð. GPS mælingar VÍ.

Hestsskarðshnjúkur í Skútudal 7-8.12.2000

Númer:	2161 (kort 16)
Dagsetning:	7-8.12.2000
Staðsetning:	Hestsskarðshnjúkur vestanverður.
Flóðfarvegur:	Flóðið féll niður í mynni Skútudals og norðar.
Upptök:	Upptök voru við kletta í um 600-700 m hæð. Breidd upptaka var áætluð 300-400 m. Þykkt brotlínu var 0,5-1,5 m.
Tunga:	Syðsta tungan stöðvaðist í mynni Skútudals að austanverðu. Miðtungan stöðvaðist litlu norðar en nyrsta tungan stöðvaðist skammt ofan við sléttunar á Efri Skútu. Fjarlægð frá vegi inn Skútudal var 20-30 m. Stöðvunarstaður var 40-60 m y.s. Tungan var um 2-3 m á þykkt að meðaltali en mest var hún 5-7 m þykk. Áætlað rúmmál a.m.k 50-70 þús. m ³ .
Tegund flóðs:	Þurr flekaflóð.
Veður:	Mikil úrkoma og langvarandi í allhvössum og hvössum vindi af norðaustri og aust-norðaustri. Þegar flóðið féll var mjög mikil rigning á láglandi en snjókoma og slydda til fjalla. Til fjalla var vindur úr norðaustri og aust-norðaustri og vindhraði 10-18 m/s. Á láglandi var norðaustanátt og vindhraði 10-15 m/s.
Mannskaðar og tjón:	Líklega ekkert. Syðsta tungan féll yfir brekkurnar þar sem unnið var fyrr í haust að jarðfræðirannsóknunum vegna fyrirhugaðra jarðgangna.
Athugasemdir:	Er birt í laugardagsmorgni 8. desember blöstu við í mynni Skútudals þrjár stórkallalegar snjóflóðatungur sem fallið höfðu niður sitthvert gilið en með sameiginlegum upptökum hátt í Hestsskarðshnjúki. Ekki er hægt að segja um hvenær nákvæmlega flóðið féll en líklegt má telja að það hafi verið einhverntíma á sólarhringnum á undan. Flóðið féll niður á næstum auða jörð í lágum hlíðum. Í rigningunum á undan hvarf snjórinn að mestu upp í 350 m hæð ofan við kaupstaðinn. Mikinn snjó setti aftur á móti niður til fjalla, sérstaklega í austurfjöllum þar sem snjólínan var mun neðar eða í um 150 m hæð.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 2000: Skýrsla um snjóflóð. GPS mælingar VÍ.

Fífladalagil 28-30.12.2000

Númer:	2162 (ekki á korti)
Dagsetning:	28-30.12.2000
Staðsetning:	Fífladalagil.
Flóðfarvegur:	Flóðið fór eftir gilinu ofanverðu. Þetta var lítil spýja. Breidd fallbrautar um 5 m.
Upptök:	Upptakahæð um 275 m y.s. Ummerki um upptök voru horfin er aðstæður voru skoðaðar.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist ofan á Lágasetu, sem er gróinn melur neðan við mitt gil. Hæð stöðvunarstaðar var um 150-200 m y.s. og lengd flóðsins hallandi um 75-125 m.
Tegund flóðs:	Þurrt flóð.
Veður:	Í viku til tíu daga hafði verið allmikið frost og lítil úrkoma en um 29. desember gekk í allsnarpan vind með aukinni úrkomu. Vindur var úr NA, 15-18 m/s. Snjókoma var og mikill skafrenningur. Hitastig til fjalla var um -5°C .
Orsök:	Mjög veikt lag undir nýjum foksnjó.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 2000: Skýrsla um snjóflóð.

Spýjur víða 3-5.1.2001

Númer:	2163 (ekki á korti), 2164 (ekki á korti), 2165 (ekki á korti), 2166 (ekki á korti), 2167 (ekki á korti), 2168 (ekki á korti), 2169 (ekki á korti)
Dagsetning:	3-5.1.2001
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil (2163), Jörundarskál (2164), Skjaldargil (2165), Snóksgil (2166), Illviðrishnjúkur (2167), Dísan (2168) og Skollaskál (2169).
Flóðfarvegur:	Spýjur. Breidd fallbrauta um 3-7m.
Upptök:	Upptakahæð um 300-700 m y.s.
Tunga:	Flóðin náðu nokkuð niður fyrir gilmunna eða niður í 130-170 m y.s. Tungurnar voru um 1-2 m þykkar og meðalbreidd þeirra var um 7-13 m. Snjómagnt var um 30 m^3 .
Tegund flóðs:	Þurr flekaflóð.
Veður:	Seinni hluta desember hafði verið allmikið frost og lítil úrkoma en um 29. des. gekk í allsnarpan vind með aukinni úrkomu og hélst þannig fram til 7. jan. 2001.
Orsök:	Náttúruleg. Mjög veikt lag undir nýjum foksnjó.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 2001: Skýrsla um snjóflóð.

Staðarhólshnjúkur 10.1.2001

Númer:	2170 (kort 13)
Dagsetning:	10.1.2001
Staðsetning:	Norðanverður Staðarhólshnjúkur, Fagarakinn.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Upptök snjóflóðs voru við kletta í um 500-600 m y.s. Breidd upptaka var um 50-100 m.

Tunga:	Flóðið stöðvaðist í tveimur tungum í u.þ.b. 300 m y.s. á stallbrún í fjallinu. Lengd flóðs var um 150-250 m.
Tegund flóðs:	Þurrt flekaflóð.
Veður:	Veður hafði verið hlýnandi. Þegar flóðið féll var
Orsök:	Mjög veikt lag undir nýlegum foksni.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 2001: Skýrsla um snjóflóð.

Nesnúpur des-jan 2001

Númer:	2171 (ekki á korti)
Dagsetning:	des-jan 2001 (sjá athugasemdir)
Staðsetning:	Nesnúpur, Núpaskál í austanverðum Siglufirði.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Upptök snjóflóðs voru við brún í 610-630 m y.s. Breidd þeirra var áætluð 50-150 m.
Orsök:	Mjög veikt lag undir nýlegum foksni.
Athugasemdir:	Snjóeftirlitsmaður tók eftir brotstálinu þarna undir brún fjallsins yfir Núpaskálum þann 12. janúar 2001. Snjóflóðið eða tungan sjálf var ekki greinanleg í kík og því ómögulegt að segja til um stærð þess, skriðlengd eða tímasetja það á neinn hátt. Það gæti hafa fallið í hrinunni í janúar eða jafnvel um það leyti sem flóðið fór úr Hestsskarðshnjúki þann 8. des. 2000. Brotlínan, stálið í Hestsskarðshnjúki var enn mjög greinilegt þann 12. janúar.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 2001: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Skarðdalur 10-15.1.2001

Númer:	2172 (ekki á korti) og 2173 (ekki á korti)
Dagsetning:	10-15.1.2001
Staðsetning:	„Þvergil“ undir Illviðrishnjúki vestan efri skíðalyftu (2172) og í norðvestanverðum Klettahnjúki (2173).
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Upptök flóðsins í Klettahnjúki voru við kletta í 570-630 m y.s. og breidd þeirra áætluð 15-35 m.
Tunga:	Breidd fallbrautar flóðsins í Klettahnjúki neðst var 55-75 m.
Veður:	Hlýnandi veður.
Orsök:	Mjög veikt lag undir nýlegum foksni.
Athugasemdir:	Snjóeftirlitsmaður frétti af þessum snjóflóðum nokkrum dögum eftir að þau féllu. Ekki er hægt að tímasetja þau nákvæmlega né lýsa aðstæðum að öðru leyti en því að benda á þíðu þessarra daga og þau veiku snjóalög sem fyrir voru víða um Siglfirsku fjöllin og orsakaði verulega snjóflóðahrinu sem stóð í u.þ.b. hálfan mánuð frá byrjun janúar.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 2001: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Staðarhólshnjúkur og Skollaskál 27.1.2001

Númer:	2174 (ekki á korti)
Dagsetning:	27.1.2001

Staðsetning:	Staðarhólshnjúkur við norðurmörk Skollaskálar. Einnig nokkur smáflóð sunnar í Skollaskál.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Upptök áætluð í 500-700 m y.s. og breidd upptaka 40-80 m.
Tunga:	Neðsti hluti flóðsins úr Staðarhólshnjúki, mjó og efnislítill tunga, stöðvaðist í munna Rjómalækjargils í 50-70 m y.s. Tungan var um 5 m breið og um 0,3-0,7 m þykk.
Tegund flóðs:	Vot flóð. Það virtist sem votur snjór hefði flætt niður hlíðina.
Veður:	Þegar flóðið féll var vindur úr NA, 5-10 m/s og slydda eða rigning.
Orsök:	Sennilega hafa flóðin runnið á hjarni.
Athugasemdir:	Er birti 29. jan. sást þetta snjóflóð. Fennt hafði yfir efri hluta þess og má því leiða sterkar líkur að því að þetta hafi runnið þann 27. er talsvert rigndi á láglandi. Á sunnudegi þann 28. var talsverð snjóugga fram eftir degi og skýrir það að ummerkin voru horfin að hluta. Einkennilegt flæði virðist hafa orðið þarna á þunnum og votum snjó.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 2001: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Smá spýjur víða 8-10.3.2001

Númer:	2175 (ekki á korti), 2176 (ekki á korti), 2177 (ekki á korti) og 2178 (ekki á korti)
Dagsetning:	8-10.3.2001
Staðsetning:	Ytra-Strengsgil (2175), Jörundarskálargil (2176), Skjaldargil (2177) og Dísan (2178).
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Upptök hafa verið í um 400-600 m y.s. en ekki var unnt að greina þau nákvæmlega.
Tunga:	Flóðið úr Jörundarskál fór niður gilið neðan skálarinnar og um eina 25 m niður með leiðigarðinum „Litla-Bola“. Flóðið var mjög þunnt eða um 40 cm.
Veður:	Stutt norðanátt en snörp. Þegar flóðin féllu var vindur úr NA, 18-20 m/s á láglandi en líklega 20-25 m/s til fjalla. Dálítill snjócoma var og hitastig 2°C á láglandi en um -5°C til fjalla. Veður var kólnandi.
Athugasemdir:	Snjóathugunarmaður tók eftir að fallið var svolítið snjóflóð úr Jörundarskál er birti á laugardegi. Skyggni var slæmt, lágskýjað. Þegar birti vel og sól fór að skína á þriðjudegi 13. mars sást að fleiri spýjur höfðu fallið.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 2001: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Hestsskarðshnjúkur 22.3.2001

Númer:	2179 (ekki á korti)
Dagsetning:	22.3.2001
Staðsetning:	Hestsskarðshnjúkur, Fagrakinn.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Upptök voru við brún í um 450-550 m y.s. og breidd þeirra var 80-120 m.

Tunga:	Flóðið stöðvaðist í 200-300 m y.s.
Tegund flóðs:	Þurr flekaflóð.
Veður:	Mjög snörp suðvestanátt en stutt (u.þ.b. 4 klst.) var að kvöldi fimmtudags. Snjóflóðin féllu í hlíðum hlémegin fyrir þessu veðri. Þegar flóðið féll var SV 15-20 m/s og snjókoma til fjalla. Hiti var 7°C á láglendi.
Athugasemdir:	Þetta snjóflóð í Fögrukinn sást er birta á laugardagsmorgni og verður að líta svo á að það hafi fallið í umræddu veðri á fimmtudagskvöldi.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 2001: Skýrsla um snjóflóð (og teikning.)

Tvö flóð í Skarðdal 25.3.2001

Númer:	2180 (ekki á korti)
Dagsetning:	25.3.2001, um kl. 8
Staðsetning:	Klettahnjúkur í Skarðdal.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Upptök voru við kletta í um 500-600 m y.s.
Tunga:	Tungan stöðvaðist í um 350-450 m y.s. og lengd flóðsins var um 100-200 m hallandi.
Veður:	Stíllt og bjart og hörkufrost.
Athugasemdir:	Snjóathugunarmaður frétti af flóðinu að kvöldi sunnudags 25. mars og ekki sáu nein ummerki eftir flóðið á mánudegi vegna þess að fennt hafði yfir það síðdegis á sunnudegi. Skíðamót var haldið þarna á skíðasvæðinu þessa helgi og voru menn nærstaddi er flóðið féll um kl. 8 um morguninn. Fremur stutt spýja og ekki efnismikil. Annað snjóflóð féll síðan á sama stað um hádegi, yfir það fyrra, með upptök ofar í fjallinu og náði tunga þess mun lengra. Ekki var þetta nærri sjálfum skíðabrautunum, en í grennd. Skráningin miðast við fyrra flóðið og eru upplýsingar fengnar hjá Chris Bogan, Kanadamanni, sem starfar á skíðasvæðinu.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 2001: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Fífladalir 26.3.2001

Númer:	2181 (ekki á korti)
Dagsetning:	26.3.2001, kl. 8-9.
Staðsetning:	Fífladalir, sunnan Grindagils.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Upptök voru við brún í 480-520 m y.s. og breidd þeirra var 85-115 m. Þykkt brotlínu var 15-35 cm.
Tunga:	Flóðið stöðvaðist í Fífladölum í um 330-370 m y.s. og var lengd flóðs 170-230 m hallandi. Stærð skv. kanadíska flokkunarkerfinu (sjá viðauka I) var 1-1,5.
Veður:	Drjúg logndrifa hafði verið í 6-8 klst. daginn áður. Stutt suðvestanátt en allsnörp var þennan morgun kl 8-9. Vindhraði var um 10-15 m/s og snjókoma. Um tíuleytið birta og sólin skein í logni og hlýnandi veðri og blasti þá við þetta nýfallna

	flóð og kom snjóeftirlitsmaður að því uppúr kl. 11. Sennilega féll snjóflóðið milli kl. 8 og 9 í suðvestanáttinni þegar bætti á snjóinn þarna hlémegin undir brúninni.
Orsök:	U.þ.b. 12 klst. gamalt nýsnævi rann ofan á mjög sleipu hjarni.
Athugasemdir:	Fleiri snjóflóð svipað eðlis féllu víðar frammar í firðinum en ekki gafst tími til að athuga þau nánar áður en dimmdi aftur með snjókomu.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 2001: Skýrsla um snjóflóð og teikning

Snjóflóð víða 26-27.3.2001

Númer:	2182 (ekki á korti), 2183 (ekki á korti), 2184 (ekki á korti), 2185 (ekki á korti), 2186 (ekki á korti), 2187 (ekki á korti) og 2188 (ekki á korti).
Dagsetning:	26-27.3.2001
Staðsetning:	Dísan (2182), þrjú flóð í Móskógahnjúki (2183), Staðarhóls-hnjúkur (Rjómalækjargil) (2184), Nesnúpur yfir Kambalágum (2185), Hvanneyrarströnd vestur fyrir göng, 6 spýjur (2186), Úlfsdalir, eitt stórt flóð úr Dagmálagili (2187) og Mánárskriður (2188).
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Upptök flóðanna voru yfirleitt í 500-600 m y.s.
Tunga:	Snjóflóðið úr Dagmálagili (2187) var um 75 m á breidd á veginum og náði um 100 m niður fyrir veg.
Veður:	Um miðjan mánudag, 26. mars fór að snjóa og hvessa og var í fyrstu blindbylur. Heldur dróg úr veðrinu er leið á daginn. Á þriðjudegi var skaplegt veður, 10-15 m/s og lítil hríð, en eftir miðjan dag gerði allákafa snjókomu sem stóð í nærri sólarhring og á þriðjudagskvöldi herti jafnframt vind og breyttist þá smám saman vindstefnan úr VNV til NNA, 10-20 m/s. Hætti að hríða og vind hægði um miðjan miðvikudag.
Athugasemdir:	Lagskipting snjóþekju var skoðuð í Hafnarfjalli (vesturfjall) mánudaginn 26. mars nokkrum klst. áður en óveður skall á. Snjóalög reyndust þá traustleg.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 2001: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Hvanneyrarströnd 1.4.2001

Númer:	2189 (kort 13)
Dagsetning:	1.4.2001
Staðsetning:	Selskál ofan Strandarvegur á Hvanneyrarströnd.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Upptök flóðsins var í 530-570 m y.s. og breidd þeirra var 300-500 m. Þykkt brotlínu var 0,5-0,9 m.
Tunga:	Meginflóðið stöðvaðist uppi í Selskál þar sem tungan hefur verið um 200 m breið og líklega mjög þykk. Nokkur hluti flóðsins hefur síðan spýst niður í þröngt gilið þar sem það opnast út úr skálinni. Sá hluti flóðsins stöðvaðist á Strandarvegi þar sem hann liggur yfir Selgil. Eilítið hröngl og kögglar hafa skotist niður fyrir tunguna og einnig suður fyrir gilið, eða

allt að 40 metra. Stöðvunarstaður tungu var í 40-50 m y.s. og lengd flóðsins hallandi um 900-1100 m. Þykkt tungu var að meðaltali 2,5-3,5 m en mest um 4 m. Snjómagm áætlað 50-70 þús m³.

Tegund flóðs:

Þurr flekaflóð.

Veður:

Vaxandi norðaustan átt var með snjókomu og slyddu laugardagskvöldið 31. mars. Áfram var slíkt hríðarveður fram á seinnihluta dags 1. apríl en þá dróg verulega úr úrkomu. Vindhraði var um 15-25 m/s og hitastig um 0°C á láglandi en -2°C til fjalla.

Orsök:

Líklega var ástæðan svellkennt og sleipt hjarn sem hrinti af sér nýsnævi.

Athugasemdir:

Tilkynnt hafði verið um snjóflóðið til lögreglunnar um kl. 19:15 og veginum var lokað þá.

Heimildir:

Örlygur Kristfinnsson, 2001: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Snjóflóð víða 1.4.2001

Númer:

2190 (ekki á korti), 2191 (kort 13), 2192 (kort 13) og 2193 (ekki á korti)

Dagsetning:

1.4.2001

Staðsetning:

Ytra-Strengsgil (2190), Ytra-Skjaldargil (2191), Staðarhólshnjúkur, Rjómalækjargil (2192) og Breiðimelur neðan Fífladala (2193).

Flóðfarvegur:

Upptök:

Upptök flóðanna voru ógreinanleg.

Tegund flóðs:

Þurr flekaflóð.

Veður:

Vaxandi norðaustan átt var með snjókomu og slyddu laugardagskvöldið 31. mars. Áfram var slíkt hríðarveður fram á seinnihluta dags 1. apríl en þá dróg verulega úr úrkomu. Vindhraði var um 15-25 m/s og hitastig um 0°C á láglandi en -2°C til fjalla.

Orsök:

Líklega var ástæðan svellkennt og sleipt hjarn sem hrinti af sér nýsnævi.

Heimildir:

Örlygur Kristfinnsson, 2001: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Jörundarskál 3.4.2001

Númer:

2266 (kort 9)

Dagsetning:

3.4.2001

Staðsetning:

Jörundarskál, meðfram leiðigarði („Litla-Bola“)

Flóðfarvegur:

Upptök:

Upptök voru í 493 m y.s. og breidd þeirra 130-170 m. Þykkt brotlínu var 0,4-0,8 m.

Tunga:

Breidd fallbrautar var 30-70 m efst, 60-80 m neðst og minnst var hún 10-30 m. Flóðið stöðvaðist í aflíðandi brekku (og hluti við brekkuræturnar) sunnan og neðan „Stóra-Bola“ og um 150 m neðan við gamla Fjarðarveginn. Hæð stöðvunarstaðar var 5-15 m y.s. Lengd flóðsins var 1100-1300 m hallandi. Meðalbreidd tungu var 65-75 m og

	meðalþykkt 0,7 m. Mest var þykktin 1,5 m. Lengd tungu var 600-700 m og snjómagnið um 20.000 m ³ .
Tegund flóðs:	Þurrt flekahlaup
Veður:	Gekk á með norðaustan vindi allhvössum og hvössum á köflum og éljum. Vindur var úr NA og vindhraði sennilega 10-20 m/s til fjalla en 8-15 m/s á láglandi.
Orsök:	Sennilegast hefur safnast nýsnævi ofan á glerhált hjarn og runnið af stað í miklum bratta.
Athugasemdir:	Það er eins og minna en þykkara snjóflóð hafi fallið eftir aðalflóðinu og stöðvast neðan gilsins um það bil þar sem leiðigarðurinn Litli-Boli vex út úr hlíðinni. Sýnilegt er að snjóflóðið hafi gengið um 2,5-4 m upp á garðinn á allöngum kafla og ekki annað sjáanlegt en Bolinn hafi tekið vel á móti þessari sendingu frá Jörundi og beint henni réttan veg.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 2001: Skýrsla um snjóflóð og teikning. GPS-mælingar Örlygs.

Norðaustanverð Hólshyrna 6.4.2001

Númer:	2195 (kort 16)
Dagsetning:	6.4.2001
Staðsetning:	Norðaustanverð Hólshyrna, sunnan við Gjána.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Upptök voru í 450-550 m y.s. og breidd upptaka um 100-200 m.
Tunga:	Flóðið féll niður í Skútudal og yfir ána og svolítið upp í hlíðina hinum megin. Tungan stöðvaðist þar sem vélsleðamenn höfðu ekið fákum sínum eina slóð á leið til Héðinsfjarðar. Hæð stöðvunarstaðar var 90-110 m y.s. og lengd flóðsins var 400-500 m hallandi. Stærðarflokkur skv. kanadíska flokkunarkerfinu (sjá viðauka I) er 1,5-2.
Tegund flóðs:	Rakt snjóflóð.
Veður:	Veður hafði verið mjög hlýnandi. Þegar flóðið féll var logn og hiti um 5-7°C á láglandi.
Orsök:	Nýlegur snjór rann ofan á hjarni.
Heimildir:	Örlygur Kristfinnsson, 2001: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

Pallahnjúkur, Hestsskarðshnjúkur og Skollaskál eftir 6.4.2001

Númer:	2196 (ekki á korti), 2197 (ekki á korti), 2198 (ekki á korti)
Dagsetning:	eftir 6.4.2001 (sjá athugasemdir)
Staðsetning:	Pallahnjúkur (2196), sunnanverður Hestsskarðshnjúkur (2197) og þrjú lítil flóð í Skollaskál (2198).
Flóðfarvegur:	
Upptök:	Upptök voru í 500-600 m y.s.
Tunga:	Flóðið í Pallahnjúki var fremur lítið, flóðið í Hestsskarðshnjúki allstórt og flóðin í Skollaskál lítil.
Tegund flóðs:	Rök snjóflóð.
Veður:	Veður hafði verið mjög hlýnandi.
Orsök:	Nýlegur snjór rann ofan á hjarni.

Athugasemdir: Hólshyrnuflóðið (2195) féll seinnipartinn 6. apríl, en þessi flóð féllu síðar.

Heimildir: Örlygur Kristfinnsson, 2001: Skýrsla um snjóflóð og teikning.

9. Yfirlit snjóflóðanúmera

Snjóflóðanúmer, blaðsíðutal.

2001, 31	2050, 59	2098, 80	2147, 105
2002, 32	2051, 60	2099, 81	2148, 105
2003, 32	2052, 60	2100, 82	2149, 106
2004, 33	2053, 60	2101, 82	2150, 106
2005, 34	2054, 61	2102, 83	2151, 107
2006, 34	2055, 62	2103, 84	2152, 107
2007, 37	2056, 62	2104, 84	2153, 107
2008, 35	2057, 62	2105, 84	2154, 108
2009, 36	2058, 63	2106, 85	2155, 108
2010, 36	2059, 63	2107, 85	2156, 108
2011, 37	2060, 64	2108, 86	2157, 108
2012, 38	2061, 64	2109, 86	2158, 109
2013, 39	2062, 64	2110, 86	2159, 109
2014, 40	2063, 65	2111, 87	2160, 50
2015, 41	2064, 65	2112, 88	2161, 111
2016, 42	2065, 66	2113, 88	2162, 111
2017, 42	2066, 67	2114, 89	2163, 112
2018, 43	2067, 67	2115, 89	2164, 112
2019, 43	2068, 67	2116, 90	2165, 112
2020, 43	2069, 68	2117, 90	2166, 112
2022, 44	2070, 68	2118, 90	2167, 112
2023, 44	2071, 68	2119, 91	2168, 112
2024, 45	2072, 69	2120, 92	2169, 112
2025, 46	2073, 69	2121, 92	2170, 112
2026, 46	2074, 70	2122, 94	2171, 112
2027, 47	2075, 70	2123, 95	2172, 113
2028, 48	2076, 70	2124, 95	2173, 113
2029, 48	2077, 71	2125, 96	2174, 113
2030, 51	2078, 71	2126, 97	2175, 114
2031, 51	2079, 71	2127, 97	2176, 114
2032, 52	2080, 72	2129, 98	2177, 114
2033, 53	2081, 73	2130, 98	2178, 114
2034, 53	2082, 73	2131, 99	2179, 114
2035, 53	2083, 74	2132, 99	2180, 115
2036, 53	2084, 74	2133, 99	2181, 115
2037, 54	2085, 74	2134, 100	2182, 116
2038, 54	2086, 76	2135, 100	2183, 116
2039, 55	2087, 76	2136, 101	2184, 116
2040, 55	2088, 77	2137, 101	2185, 116
2041, 56	2089, 76	2138, 101	2186, 116
2042, 56	2090, 78	2139, 102	2187, 116
2043, 57	2091, 78	2140, 102	2188, 116
2044, 57	2092, 78	2141, 102	2189, 116
2045, 58	2093, 79	2142, 103	2190, 117
2046, 58	2094, 79	2143, 103	2191, 117
2047, 58	2095, 79	2144, 103	2192, 117
2048, 59	2096, 80	2145, 104	2193, 117
2049, 59	2097, 80	2146, 104	2195, 118

2196, 118	2235, 96	2920, 107	2963, 93
2197, 118	2236, 51	2921, 107	2964, 91
2198, 118	2237, 52	2922, 107	2965, 91
2201, 54	2238, 110	2923, 107	2966, 91
2202, 55	2239, 51	2924, 107	2967, 91
2203, 56	2240, 65	2925, 107	2968, 84
2204, 57	2241, 87	2926, 56	2969, 84
2205, 58	2242, 49	2927, 107	2970, 84
2206, 60	2243, 49	2928, 107	2971, 84
2207, 61	2244, 50	2929, 107	2972, 81
2208, 61	2245, 63	2930, 107	2973, 81
2209, 63	2246, 65	2931, 106	2974, 80
2210, 66	2247, 43	2932, 106	2975, 80
2211, 69	2248, 29	2933, 106	2976, 78
2212, 72	2249, 30	2934, 103	2977, 77
2213, 72	2250, 32	2935, 103	2978, 77
2214, 75	2251, 33	2936, 103	2979, 75
2215, 75	2252, 33	2937, 103	2980, 75
2216, 75	2253, 39	2938, 103	2981, 74
2217, 75	2254, 39	2939, 103	2982, 71
2218, 77	2255, 42	2940, 84	2983, 71
2219, 81	2256, 50	2941, 102	2984, 71
2220, 82	2257, 30	2942, 102	2985, 71
2221, 83	2258, 30	2943, 102	2986, 71
2222, 83	2259, 31	2944, 102	2987, 70
2223, 83	2260, 31	2945, 101	2988, 69
2224, 88	2266, 117	2952, 92	2989, 68
2225, 89	2267, 94	2953, 92	2990, 67
2226, 91	2268, 94	2954, 95	2991, 67
2227, 91	2269, 94	2955, 95	2992, 67
2228, 92	2270, 98	2956, 94	2993, 67
2229, 93	2914, 29	2957, 94	2994, 67
2230, 93	2915, 69	2958, 94	2995, 67
2231, 93	2916, 102	2959, 94	2996, 67
2232, 95	2917, 60	2960, 94	2997, 67
2233, 95	2918, 108	2961, 94	2998, 67
2234, 96	2919, 108	2962, 94	2999, 64

10. Yfirlit flóðadaga

Dagsetning	Staður
24.12.1613?	Siglunesskriður?
Kannski 1694	Skútustaðir
14.12.1827	Herkonugil
20.10.1833	Hestsskarð
8.1.1837	Hólsfjall
23.12.1839	Staðarhólsströnd
Febrúar 1848	Á Dölum
5.2.1859	Hvanneyrarströnd
7.5.1891	Hestsskarð
1901	Ytra-Strengsgil
Fyrir 1907	Fífladalasvæði
Febrúar og mars 1912	Siglufjarðarskarð og Hestsskarð
12.4.1919	Skollaskál
12.4.1919	Ytra-Strengsgil
24.1.1931	Illviðrishnjúkur
23.11.1938	Flóð úr Gimbraklettum og Fífladölum
31.12.1938	Hafnarfjall
1936-1938	Jörundarskál og/eða Ytra-Strengsgil
1938 eða 1939	Ytra-Strengsgil
8.10.1950	Siglufjarðarskarð
27.9.1954	Siglufjarðarskarð
Um 1960	Ytra-Strengsgil
26.12.1963	Hvanneyrarskál og Hvanneyrarströnd
22.8.1964	Siglufjarðarskarð
1966	Ytra-Skjaldargil
4.2.1968	Flóð úr Ytra-Strengsgili og víðar í Hafnarfjalli
1969	Ytra-Strengsgil
29.1.1971	Hvanneyrarbrún
14.2.1971	Snjóflóðahrina á Siglufirði
19.12.1973	Jörundarskál
1973	Ytra-Strengsgil
19.12.1974	Ytra-Strengsgil
1972-1975	Hólshyrna, Skútudalsmegin
1972-1975	Hólshyrna, Skútudalsmegin
26.2.1978	Snjóflóð í Skútudal
29.3.1978	Snjóflóð í Skútudal
22.4.1979	Vot snjóflóð í Siglufirði
23.5.1979	Staðarhólshnjúkur
15.3.1980	Mörg smáflóð í Hafnarfjalli og Snóki
29.3.1980	Skollaskál
4.4.1980	Mörg smáflóð í Siglufirði
11.4.1980	Nokkur lítil flóð í Siglufirði
3.2.1981	Gimbraklettur
5.2.1981	Gimbraklettur

5.2.1981	Snókur
10.2.1981	Snókur og Hólshyrna
20.2.1981	Hafnarfjall
17.3.1981	Ytra-Skjaldargil og Fífladalir
23.3.1981	Ytra-Strengsgil og Jörundarskál
11.4.1981	Jörundarskál og Hestsskarð
30.1.1982	Skollaskál
30-31.1.1982	Hafnarhyrna og Strákar
14-15.2.1982	Pallahnjúkur
16.2.1982	Norðaustanverð Hólshyrna
17.2.1982	Skollaskál
16-18.12.1982	Ytra-Strengsgil
19.1.1983	Gróuskarðshnjúkur
19-20.1.1983	Gimbraklettur og Hólshyrna
22.1.1983	Hafnarhyrna
6.3.1983	Skútudalur
30-31.3.1983	Þrjú flóð í vestanverðum Siglufirði
11.4.1983	Skjaldargil og Snókur
26.11.1983	Skútudalur
14-16.12.1983	Ytra-Strengsgil
8.1.1984	Jörundarskál og Syðra-Strengsgil
22-23.1.1984	Staðarhólshnjúkur og Hólshyrna
31.10-1.11.1984	Austanverð Hólshyrna
17.12.1984	Nokkrar spýjur úr Hafnarfjalli
27.1.1985	Lítil flóð úr Hafnarfjalli og víðar í firðinum
28.3.1985	Hólshyrna, Snókur og Ytra-Strengsgil
31.3.1985	Illviðrishnjúkur
17-18.4.1985	Mörg vot smáflóð um allan Siglufjörð
24-26.12.1985	Staðarhólshnjúkur
2-4.4.1986	Spýjur víða um Siglufjörð
4-5.4.1986	Spýjur í Hólshyrnu og Snóki
18-19.4.1986	Lítil flóð
3.12.1986	Ytra-Strengsgil
13.2.1988	Snjóflóð víða um Siglufjörð
3.4.1988	Norðaustanverð Hólshyrna
14.4.1988	Dísan í Skútudal
14-15.4.1988	Hólshyrna og Staðarhólsströnd
18.4.1988	Dísan í Skútudal
25.2.1989	Hafnarfjall
24-25.3.1989	Nokkur flóð í vestanverðum Siglufirði
4.2.1990	Ytra-Strengsgil
8.3.1990	Snókur og Hafnarfjall
22.3.1990	Hólshyrna
25.3.1990	Snókur og Jörundarskál
25-26.4.1990	Fífladalir
Um 31.12.1990	Milli Skjaldargils og Jörundarskál
29.1.1991	Jörundarskál
Um 21.3.1991	Jörundarskál, Kálfsdalur og Pallahnjúkur

23.3.1991	Hafnarhryna, Snókur og austanverð Hólshyrna
Um 25- 26.11.1992	Sunnan Gimbrakletta
5.12.1992	Staðarhólsströnd
4-5.4.1993	Mörg lítil snjóflóð víðsvegar um Siglufjörð
21-23.1.1994	Ytra-Strengsgil
Lok mars eða byrjun apríl 1994	Dísan í Skútudal
18-19.4.1994	Skútudalur og Ytra-Skriðulækjargil
19.12.1994	Jörundarskál
16.1.1995	Skútudalur
18.1.1995	Ytra-Strengsgil og Skarðdalur
30.1.1995	Snjóflóð víða í Siglufirði
19.2.1995	Gróuskarðshnjúkur
22.2.1995	Pallahnjúkur/Dísan
25.2.1995	Pallahnjúkur/Dísan
Um 7.3.1995	Ytra-Strengsgil
Fyrri hluta vetrar 1995	Ytra-Skjaldargil
12.3.1995	Þrjú flóð við Siglufjörð
26.10.1995	Nokkur lítil flóð í Siglufirði
3.1.1996	Snjóflóð víða um Siglufjörð
5-6.1.1996	Skarðdalur
11.2.1996	Allt að 100 spýjur víða um Siglufjörð
18-19.4.1996	Skriðulækjargil, Gjáin og austanverður Skútudalur
10-13.5.1996	Spýjur í austanverðum Siglufirði
10.11.1996	Fífladalir
16-17.11.1996	Snókur
2-3.12.1996	Þrjú flóð ofan Siglufjarðarkaupstaðar
14.1.1997	Ytra-Strengsgil
19.1.1997	Pallahnjúkur og Nesskriður
19-20.1.1997	Austanverð Hólshyrna
21-22.2.1997	Spýjur í Hafnarfjalli
28.2.1997	Úlfadalir
26.3.1997	Spýjur víða um fjörð
28.3.1997	Snókur
29.3.1997	Hafnarhryna og víðar
14-15.11.1997	Ytra-Strengsgil
7.12.1997	Jörundarskál
Líklega 8.2.1998	Hestsskarðshnjúkur
15.2.1998	Dalaskarð
Líklega 19.2.1998	Fífladalagil
22.2.1998	Austanverður Skútudalur (Pallahnjúkur og Dísan)
24.2.1998	Austanverð Hólshyrna
Líklega 2- 3.3.1998	Skarðdalur

18.4.1998	Smáflóð víða í austanverðum Siglufirði
29.4-1.5.1998	Austur- og suðurfjöll Siglufjarðar
30.10.1998	Gróuskarðshnjúkur
30-31.11.1998	Margar spýjur í vestanverðum Siglufirði
26.12.1998	Víða um Siglufjörð
20.1.1999	Hvanneyrarströnd og Gróuskarðshnjúkur
19.2.1999	Hvanneyrarströnd
6.3.1999	Illviðrishnjúkur í Skarðdal
12.3.1999	Jörundarskál, Ytra-Strengsgil, Illviðrishnjúkur og Hólshyrna
29.3.1999	Dísan, Hólshyrna og Gimbraklettur
1.4.1999	Jörundarskál og Snókur
3.5.1999	Austurfjöll Siglufjarðar
22-24.5.1999	Spýjur víða í Siglufirði
26.5.1999	Hafnarfjall og Skútudalur
2.6.1999	Mörg lítil flóð
5.6.1999	Fífladalir
10-20.12.1999	Nesskriður
27.2.2000	Hvanneyrarströnd
31.2-5.3.2000	„Grindagil“
18-20.11.2000	Nyrðri hluti Fífladala
7-8.12.2000	Hestsskarðshnjúkur í Skútudal
	Fífladalagil
3-5.1.2001	Spýjur víða
10.1.2001	Staðarhólshnjúkur

11. Lokaorð

Með greinargerð þessari er gerð tilraun til að taka allar upplýsingar saman sem til eru um snjóflóð í Siglufirði. Listinn er þó langt því frá tæmandi því líklegt er að hér og þar leynist upplýsingar um fleiri flóð og að sjálfsgöðu hafa flóð fallið án þess að þeirra sé nokkurs staðar getið. Snjóflóð eru tíð í Siglufirði og líklega er það hrein tilviljun að aldrei hafa orðið alvarleg slys á fólki í sjálfum kaupstaðnum. Oft hafa hús orðið fyrir skemmdum af völdum snjóflóða. Stærstu flóðin eiga upptök í Jörundarskál og Strengsgiljum, en nú hafa verið reistir leiðigarðar til að verja byggðina gegn flóðum úr þessum farvegum. Annars staðar í bænum hafa minni flóð valdið skemmdum á húsum sem standa nálægt fjallinu.

Höfundar þessarar greinargerðar vilja að lokum þakka þeim mörgu heimildarmönnum sem komu að þessu verki, sem og þeim sem lásu greinargerðina yfir og komu með góðar ábendingar. Sérstakar þakkir færum við Örlygi Kristfinnsyni, snjóathugunarmanni á Siglufirði, fyrir ómetanlega aðstoð sem hann veitti. Einnig fær Þorsteinn Jóhannesson, verkfræðingur á Siglufirði, þakkir fyrir yfirlestur og ábendingar.

12. Heimildaskrá

Gísli Elíasson, 1995: *Viðtal í DV föstudagur 24. nóvember, 1995.*

Harpa Grímsdóttir, 1998: *Byggingarár húsa á Siglufirði.* Reykjavík, Veðurstofa Íslands, VÍ-G98049-ÚR36.

Helgi Björnsson, 1979: *Snjóflóð. Orsakir, eðli, mat á hættu, varnir og gagnasöfnun.* Reykjavík, Raunvísindastofnun Háskólans.

Ingólfur Kristjánsson 1968: *Siglufjörður. 150 ára verslunarstaður, 50 ára kaupstaðaréttindi.* Siglufirði, Siglufjarðarkaupstaður og Sögufélag Siglufjarðar.

Jón Gunnar Egilsson, 1999: *Skýrsla um snjóflóð.* Óútgefið, geymt á Veðurstofu Íslands.

Jón Jóhannesson, 1943: *Snjóflóð í Hvanneyrarhreppi í aprílmánuði 1919. a) Snjóflóð á Siglufirði.* Gríma, 18. Akureyri, bls. 37-53.

Jónas Ragnarsson 1976: *Siglfirsk tíðindi 1973 og Siglfirsk tíðindi 1974. Siglfirðingabók '76. Ársrit Sögufélags Siglufjarðar, II. árgangur.* Siglufirði, Sögufélag Siglufjarðar, bls. 184, 192.

Kristjana Guðrún Eypórsdóttir, 1984: *Snjóflóð í Siglufirði, skrá og farvegakort.* Reykjavík, Veðurstofa Íslands.

Kristján Ágústsson, 1987: *Snjóflóð á Íslandi veturna 1984/85 og 1985/86. Jökull,* Reykjavík, bls 91-98.

Magnús Már Magnússon, 1989: *Snjóflóð veturinn 1987/88. Jökull, No 39,* Reykjavík, bls 114-117.

Magnús Már Magnússon, 1991: *Snjóflóð á Íslandi veturinn 1988/89. Jökull, No 41,* Reykjavík, bls 99-102.

Morgunblaðið 20.12.1994: *Snjóflóð féll skammt frá syðstu byggðinni,* bls 33.

Ólafur Jónsson, 1957: *Skriðuföll og snjóflóð, annað bindi.* Akureyri, Bókaútgáfan Norðri.

Ólafur Jónsson og Sigurjón Rist 1971: *Snjóflóð og snjóflóðahætta á Íslandi. II. Snjóflóðaannáll 1958-1971. Jökull,* Reykjavík, bls 29-44.

Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason, 1992: *Skriðuföll og Snjóflóð, þriðja bindi, snjóflóðaannáll.* Reykjavík, Bókaútgáfan Skjaldborg.

Sigurður Hlöðversson, ekkert ártal: *Athugasemdir við greinargerð Kristjönu Guðrúnar Eypórsdóttur, 1984, Snjóflóð í Siglufirði, skrá og farvegakort.* Siglufirði.

Sigurjón Rist, 1975: Snjóflóðaannáll áráanna 1972 til 1975. *Jökull*, Reykjavík, bls 47-72.

Sigurjón Sigtryggsson, 1986: *Frá Hvanndölum til Úlfsdala, bindi I*. Sögusteinn hf, Reykjavík.

P. Ragnar Jónasson, 1998: *Siglfirskur annáll*. Reykjavík, Vaka-Helgafell.

Þorsteinn Jóhannesson, 1975: *Snjóflóð og snjóflóðavarnir í Siglufirði*. Bæjarverkfræðingurinn Siglufirði.

Þorsteinn Jóhannesson, 1976: Snjóflóð og snjóflóðavarnir í Siglufirði. *Siglfirðingabók '76. Ársrit Sögufélags Siglufjarðar, II. árgangur*. Siglufirði, Sögufélag Siglufjarðar, bls 135-166.

Þorsteinn Jóhannesson, 1988: *Samantekt fyrir Rafveitu Siglufjarðar varðandi snjóflóð sem féllu á mannvirki Hitaveitu Siglufjarðar í Skútudal 14-18/4 1988*. Óútgefið, eintak til á Veðurstofu Íslands.

Þorsteinn Jóhannesson, 1995: *Skýrslur um snjóflóð og teikningar*. Óútgefið, geymt á Veðurstofu Íslands.

Þorsteinn Jóhannesson, 2000: *Athugasemdir við snjóflóðaannál fyrir Siglufjörð*. Óútgefið bréf sent Hörpu Grímsdóttur, geymt á Veðurstofu Íslands.

Örlygur Kristfinnsson, 1979-1999: *Skýrslur um snjóflóð*. Óútgefið, geymt á Veðurstofu Íslands.

Örlygur Kristfinnsson og Þorsteinn Jóhannesson: *Skýrslur um snjóflóð*. Óútgefið, geymt á Veðurstofu Íslands.

13. Heimildarmenn

Bryndís Jónsdóttir, 1984: Viðtal tekið af Kristjönu Guðrúnu Eyþórsdóttur.

Gísli Elíasson, 2000: Viðtal tekið af Hörpu Grímsdóttur.

Guðbrandur Magnússon, 1984: Viðtal tekið af Kristjönu Guðrúnu Eyþórsdóttur.

Helgi Antonsson, 1984: Viðtal tekið af Kristjönu Guðrúnu Eyþórsdóttur.

Ingólfur Arnarsson, 1984: Viðtal tekið af Kristjönu Guðrúnu Eyþórsdóttur.

Jóhann Rögnvaldsson, 1984: Viðtal tekið af Kristjönu Guðrúnu Eyþórsdóttur.

Jóhannes Hjálmarsson og Kristbjörg Marteinsdóttir, 1984: Viðtal tekið af Kristjönu Guðrúnu Eyþórsdóttur.

Magdalena Hallsdóttir, 1984: Viðtal tekið af Kristjönu Guðrúnu Eyþórsdóttur.

Snorri Stefánsson, 1984: Viðtal tekið af Kristjönu Guðrúnu Eyþórsdóttur.

Soffía Jónsdóttir, 1995: Viðtal tekið af Þorsteini Sæmundssyni.

Stefán Friðriksson, 1984: Viðtal tekið af Kristjönu Guðrúnu Eyþórsdóttur.

Þorsteinn Jóhannesson, 1995: Viðtal tekið af Þorsteini Sæmundssyni.

Þóra Sigurgeirsdóttir, 1995: Viðtal tekið af Þorsteini Sæmundssyni.

Þórir Björnsson, 1984: Viðtal tekið af Kristjönu Guðrúnu Eyþórsdóttur.

Örlygur Kristfinnsson, 1999: Munnlegar upplýsingar veittar Hörpu Grímsdóttur.

Örlygur Kristfinnsson, 2000: Munnlegar upplýsingar veittar Hörpu Grímsdóttur.

Hannes Baldvinsson, 2001: Munnlegar upplýsingar veittar Hörpu Grímsdóttur.

Viðauki I, Kanadíska flokkunarkerfið

Flokkur	Lýsing	Dæmigert rúmmál í m ³
1	Spýja sem varla gæti grafið mann.	25
2	Snjóflóð sem gæti grafið mann.	250
3	Snjóflóð sem gæti grafið og eyðilagt fólksbíl, grafið vörubíl, skemmt hús eða eyðilagt minni byggingar.	2500
4	Snjóflóð sem gæti eyðilagt nokkur hús.	25000
5	Stærstu snjóflóð sem geta eyðilagt mörg hús.	250000

Hér hefur verið kosið að miða flokkunina að mestu við stærðargráðu rúmmáls.

Viðauki II, Snjóflóðin árið 1919

Veturinn 1919 var einn af snjóþyngstu vetrum þessarar aldar. Mörg snjóflóð féllu í mars og apríl í þremur landshlutum og mikið mann- og eignartjón hlaust af. Á Siglufirði féll stórt snjóflóð úr Skollaskál í Staðarhólsfjalli, austan megin fjarðar á verksmiðjur í eigu Olav Evangers. Í bók Ólafs Jónssonar (1957), Skriðuföll og snjóflóð, er greinargóð lýsing á þessu flóði og frásögn hans birt orðrétt hér á eftir.

„Fyrri hluti aprílmánaðar var mjög stirt tíðarfar um norðanvert landið. Vikuna 5-12. apríl voru látlausar austanstórhriðar á Siglufirði, og var svo enn þann 12., að hriðin var svo dimm, að eigi sá milli húsa í Siglufjarðarkaupstað, og hafði kyngt niður feiknasnjó. Þeir, sem þennan morgun voru á ferli niður við höfnina á Siglufirði, urðu þess varir, að þar höfðu gerst stórtíðindi um nóttina. Bátar, sem verið höfðu rammlega bundnir við bryggjurnar, höfðu slitnað upp, sumir brotnað meira og minna. Niður á Öldunni var hvert smáfar, er þar stóð á landi, brotið, og þilskip, er þar höfðu staðið mörg ár í skorðum, höfðu færst til, oltið á hliðina og lagst þversum. Við Goosbryggju lágu tvö þilskip, voru bæði mikið brotin, og annað hafði færst að hálfu upp á bryggjuna, en þó runnið niður af henni aftur. Kraparöst og stór klakastykki lágu langt upp á eyri.

Fyrst hugðu þeir, er þetta sáu, að brim hefði valdið þessu umróti, en sú skýring reyndist ófullnægjandi, því bæði var um morguninn sjólítið og áttin svo austlæg, að brim gat ekki hafa orðið inn á fiðri, og svo kunnu skipshafnir, sem legið höfðu í skipunum um nóttina, frá því að segja, að klukkan fjögur um nóttina hefðu þær vaknað við það, að skipin tóku ógurlega veltu, slitu af sér böndin og lömdust við bryggjurnar, svo að allt ætlaði um koll að keyra, og gekk sjórinn hátt á land. Eftir nokkra hrið tók að draga úr þessum ósköpum, og komst aftur kyrrð á. Eina skýringin á þessu umróti gat því verið sú, að snjóflóð mikið hefði fallið austanmegin fjarðarins úr Staðarhólsfjalli, og rifjuðust upp sagnir um það, að árið 1839, þ. 23. des., hefði snjóflóð fallið sunnan Staðarhóls í Siglufirði og valdið miklum skemmdum handan fjarðarins. Nú stóðu á því svæði, þar sem þetta snjóflóð hafði fallið, síldarverksmiðja Evangers, tvö íbúðarhús, sem búið var í, og fleiri byggingar. Þá voru Skútubæirnir, Efri- og Neðri-Skúta, í hættu og tómthús suður við Skútuána, Árbakki og Landmót. Var nú þegar brugðið við og safnað liði, og fóru 12-15 röskir menn, undir forustu Guðmundar Skarphéðinssonar, skólastjóra, á vettvang.

Þegar þangað var komið, fengu þeir grun sinn staðfestan. Snjóflóð mikið hafði hlaupið niður úr svokallaðri Skollaskál í Staðarhólsfjalli. Hafði það sópað burtu síldarverksmiðjunni, íbúðarhúsunum tveimur, sem búið var í, síldarhúsi Olav Evangers, sem stóð nokkru sunnar með sjónum, bryggjum og söltunarpöllum. Eftir stóð aðeins eitt hús, nyrsta byggingin, sem var mannlaus. Þá hafði flóðið farið yfir Neðri-Skútu, brotið bæinn niður og fært á kaf og sópað burtu húsinu niður við sjóinn, sem nefnt var „Bensabær“. Hugðu leitamenn fyrst, að flóðið hefði sópað öllum þessum byggingum burt og þeir, sem í þeim voru, hefðu allir farist. Grófu þeir nokkuð þar, sem Skútubærin átti að vera, en urðu einskis varir og sneru þá heim á leið. En er þeir voru komir niður á Skútugrandann stakk einn þeirra, Björn Jóhannsson, við fót og mælti: „Ég sný við. Það er óafsakanlegt að fara svona heim. Það er ekki búið að leita nóg þarna á Skútu.“ Varð það úr, að fjórir menn sneru aftur, en flestir leitarmenn voru komnir svo langt á undan, að þeir gátu eigi haft samband við þá. Með þessum fjórum, er aftur sneru, fóru svo einhverjir frá Árbakka og Landmótum. Hófu þeir þegar að

grafa niður á baðstofuþekjuna og höfðu aðeins mokað í stutta stund, er þeir heyrðu að barið í þekjuna innan frá. Var þá Sigfús Ólafsson á Árbakka þegar sendur yfir í kaupstað til að sækja liðsauka og lækni. Var þá enn safnað liði í skyndi og tekinn hver, sem í náðist, og sendur til hjálpar.

Þegar hjálparliðið kom á vettvang, var þegar búið að rjúfa þiljuna og bjarga sumu af fólkinu, og var það flutt jafnharðan að Árbakka. Þegar liðsauki barst, tókst bráðlega að ná öllu fólkinu. Ekkert af því var stórslasað, en allt aðþrengt af loftleysi og meira og minna marið. Þessum var bjargað þarna: Einari bónda Hermannssyni og konu hans, Kristínu Gísladóttur, ásamt börnum þeirra Hermanni, Ólöfu og Septínu. Hermann var verst farinn og fékk ekki meðvitund fyrr en um kvöldið. Hann var á tvítugsaldri. Þá var bjargað fósturdóttur hjónanna, Þorbjörgu Guðmundsdóttur, og Hólmsfríði Jónsdóttur, ekkju Jóakims Jónssonar á Skútu. Hún var vinnukona.

Frásögn þessa fólks bar saman við það, er áður var vitað. Flóðið hafði fallið um kl. fjögur um nóttina. Einar bóndi hafði heyrt klukkuna slá rétt áður. Það hafði að nokkru hlíft baðstofunni, að ofan við hana stóð töðuhey. Var torf þá því freðið og endinn, sem vissi að fjallinu, lágur. Flóðið hafði farið yfir heyið og skolið niður á mæni baðstofunnar, brotið sperrunnar, sem voru grannar, lagt mænásinn niður á gólfið endilagt, en sperrubrotin höfðu lagst skáhallir af lausholtunum inn á gólfið og haldið uppi að nokkru súðinni yfir rúmunum, sem voru meðfram veggjunum, og hafði það bjargað fólkinu. Stafninn hafði fallið suður. Sperrukjálki yfir rúmi Einars bónda hafði þó brotnað þannig, að þekjan lá á brotunum yfir brjósti hans. Hafði bringubeinið marist mjög og gengið inn, og varð hann aldrei jafngóður. Framhús, með þilvegg fram á hlaðið, hafði sópast burt og langt niður á mýri. Flest bæjarhús önnur voru brotin niður, þar á meðal fjósið. Í því voru þrír nautgripir, er höfðu kafnað. Þegar búið var að bjarga fólkinu, var gengið að því að rjúfa fjósrústirnar. Var það illt verk, því að hríðin var svo mikil, að oft fyllti jafnharðan það, sem mokað var. Þó tókst um síðir að ná upp hinum dauðu gripum. Einhverju var einnig bjargað af búsmunum og fatnaði úr baðstofurústunum, en allt var það stórskemmt og illa útleikið. Ekki var snjóþekjan mjög þykk ofan á rústum af Skútubænum, því að hann var í suðurjaðri hlaupsins. Fólkið í baðstofurústunum hafði heyrt, er Siglfirðingarnir komu fyrst á staðinn og hófu mokstur, en hættu svo aftur og hurfu frá. Olli það því hins mesta angurs, því að það hugði alla von um björgun úti.

Ekki tókst að koma lækni á staðinn sama dag og fólkið var grafið upp. Læknir var þá Guðmundur T. Hallgrímsson, var hann lítt fær til gangs, en ófærð geysileg. Var reynt að fara leirurnar og bera lækninn, en krapalegur var svo mikill, einkum er austar dró, að leiðangurinn varð að snúa aftur og komast til sama lands við illan leik. Sendi læknirinn meðul og fyrirmæli um, hversu með skyldi fara. Næsta dag var veður betra, og gat hann farið á skíðum að vitja fólksins. Þegar lokið var að grafa upp fólkið á Skútu, var leitað vandlega í rústum annarra mannabústaða, sem snjóflóðið hafði fallið á. Af Bensabæ var ekki urmull eftir, aðeins kjallarahola, sem verið hafði undir bænum, en í henni fannst ekkert.

Þar höfðu farist: Benedikt Gabríle Jónsson, ættaður af Vestfjörðum, kona hans, Guðrún Guðmundsdóttir frá Bakka í Austur-fljótum, og tvær dætur þeirra á barnsaldri.

Verksmiðjunni og öllu tilheyrandi hafði sópað burt, nema nyrsta húsinu og tveimur vanhúsum. Þar hafði kraftur flóðsins verið svo mikill, að handleggsgildir járnþjálfar í verksmiðjunni höfðu kubbast sundur, eins og þeir væru hrífusköft, og múrveggjum og steiptum undirstöðum véla hafði flóðið velt, eins og það væri spilaborg, en sópað burtu geysipungum vélabáknum. Hafði þetta ýmist farið fram af bakkanum í sjóinn eða niður í geypi stóra síldarþró. Bæði húsin, sem búið var í, voru

þurrkuð burt. Af öðru húsinu, sem var mjög rammgjört, var aðeins eftir gólfið, að mestu óbrotið. Þarna fórust tvær fjölskyldur: Lars Sæther og kona hans Luise. Sæther hafði umsjón með verksmiðjunni og hafði búið þarna nokkur ár í skrifstofuhúsi norður af verksmiðjunni, og Friðbjörn Jónsson, ásamt konu sinni, Guðrúnu Jónsdóttur, Dagssonar, og fóstursyni, Alfreð Alfreðssyni, átta ára. Þau bjuggu í húsi, er reist hafði verið úr tvíplægðum plönkum fyrir verkafólk. Það var austan við verksmiðjuna. Alls höfðu farist þarna níu manns.

Tjónið af snjóflóði þessu var afar mikið. Auk verksmiðjunnar og þeirra húsa, sem þegar eru talin, eyðilögðust tvö stór geymsluhús, síldarplan, bryggjur, mikið af tunnum, mörg hundruð föt af lýsi, og höfðu þau brotnað í hundradatali í síldarþró verksmiðjunnar innan um vélarbrakið. Síldarþrærnar voru tvær úr járnbandri steinsteypu. Framveggur syðri þróarinnar hafði sópast í sjóinn, en sú nyrðri var sprunginn. Aðaleigandi verksmiðjunnar var Gustav Evanger, en bróðir hans, Olav, átti stóra síldarstöð spölkorn sunnan við verksmiðjuna. Þar hafði allt sópast burt, pallar, bryggjur og tvö eða þrjú pakkhús full af tómum síldartunnum. Þá hafði öll búslóð og matvæli eyðilagst í húsunum þeim er flóðið tók. Á Neðri-Skútu björguðust þó nokkrar kindur, er voru í húsi suður og niður við sjóinn. Hér við bættist svo tjón það, er varð á skipum og mannvirkjum handan fjarðarins. Meðal annars er sagt, að eftirtaldar bryggjur hafi eyðilagst að meira eða minna leyti: Bakkevigs, Henriksens, Íslandsfélagsins, Jakobsens og Tulinúsar, en margar aðrar skemmst. Fjöldi árabáta og uppskipunarbáta stórskemmdust. Vélbáturinn Georg mölbrotnaði og sökk, og ýmsir aðrir vélbátar skemmdu. Talið var, að eignartjón af þessu eina snjóflóði hafði numið hálfri annarri milljón króna.

Þegar upp birti hríðina, var svo mikið af braki við fjarðarbotninn, að kalla mátti að hægt væri að ganga þar þurrum fótum á timbri þvert yfir fjörðinn. Var þar meðal annars í heilu lagi rishæðin af einu húsi O. Evangers, og var hún full af nýjum síldartunnum. Rekaldi þessu skolaði að mestu út aftur, og var því bjargað á land út á Siglunesi og víðar við fjörðinn, og það selt á uppboði.

Óðar og upp rofaði, var hafin leit að líkum þeirra, er farist höfðu, og leitað á hverri fjöru dag og nótt af mörgum mönnum í nærri hálfan mánuð. Á pálmásunnudag, 13. apríl, fannst lík Sæthers sunnan við „Anlæg“ timburhólma suður á leirum. Lá hann í rúmi sínu eins og hann svæfi, með hendur á brjósti, og sáust á honum engir áverkar, utan lítið gat á enninu. Taldi læknir, að hann hefði andast snögglega í svefni. Næsta morgun fannst lík Benedikts og annarrar dóttur hans, og síðar lík Guðrúnar konu hans. Lík Guðrúnar Jónsdóttur fannst á þriðjudag og enn síðar lík annarrar dóttur Benedikts, en lík frú Sæther fannst eigi fyrr en eftir eina viku. Lík Friðbjarnar og fóstursonar hans fundust aldrei.

Jón Jóhannesson segir að breidd snjóflóðsins, að norðurjaðar þess hafi verið 15-20 föðmum sunnan við Rjómalækinn, en syðri jaðar þess hafi verið fimm föðmum sunnan við suðurgafl baðstofunnar að Neðri-Skútu. Á öllu þessu svæði hafi flóðið ekki aðeins sópað öllum snjó niður á beran jarðveg, heldur einnig rífið upp gjót og harðfredin þúfnabörð. Bar það mikið grjót bæði á tún og engi. Var nokkuð hreinsað burtu, en sumt voru óhreyfanleg stórbjörg. Kvísl úr hlaupinu hafði farið sunnan við Staðarhólstúnið, en mörg smærri hlaup höfðu orðið norðan á Staðarhólsströndinni, það syðsta rétt norðan við Staðarhólsbæinn. Af ötta við ný snjóflóð, þorði fólkkið ekki að haldast við á bæjunum austan fjarðarins, Staðarhóli og Efri-Skútu, en flutti yfir í kaupstaðinn. Neðri-Skútufólkið var flutt þangað óðar og það var flutningsfært og fékk þar íbúð.

Snjóflóðin komu víðar við í Siglufjarðarhreppi að þessu sinni. Á pálmásunnudag, 13. apríl, féll allbreitt snjóflóð úr Siglunesnúpi yfir túnið á Siglunesi sunnanvert,

bar með sér mikið grjót og eyðilagði stóran hluta af túninu. Munaði litlu, að hlaup þetta, sem var kraftmikið, ylli slysi. Það féll á fjórða tímanum um daginn, og voru þá sumir karlmenn frá Nesi að bjarga reka og enginn á leiðinni milli þeirra og bæjar, en hundur, sem með þeim hafði farið og líklega verið á heimleið aftur, lenti í flóðinu. Kom hann þó heim, að Nesi aftur seint um daginn, ólemstraður, en ruglaður og illa til reika.“ (Ólafur Jónsson, 1957; 210-216).

Auk þessara flóða féllu nokkur flóð í nágrenni Siglufjarðar. Auk flóðsins á Siglunesi og í hlíðinni norður af slystaðnum féllu tvö flóð í Héðinsfirði og létust þar tveir menn. Einnig féll flóð í Engidal, vestan við Siglufjörð, á bæinn Engidal sem var ystur Dalabæjanna. Þar fórust allir sem í bænum voru eða alls sjö manns. Í þessari snjóflóðahrinu fórust alls átján manns í Hvanneyrarhreppi.